

Lést eftir fimm símtöl á spítala

Maður sem heimsótti HSS tvisvar og kvartaði undan sárum verk í brjósti var sendur heim og lést. Banameinið var rof í ósæð. Fjölskyldan vill bætur.

HEILBRIGÐISMÁL Fjölskylda fertugs karlmanns sem lést í fyrrasumar ætlar í skaðabótamál vegna andláts hans. Maðurinn heimsótti Heilbrigðisstofnun Suðurnesja tvívegis daginn áður en hann lést.

Maðurinn kvartaði vegna sársauka í brjósti og fór 8. júlí í fyrrasumar, bæði síðdegis og um kvöld, á bráðamóttöku HSS.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins kvartaði maðurinn undan „sárum brjóstverk með leiðni upp í háls og doða niður í fótlegg.“ Maðurinn var sendur heim í bæði skiptin án þess að vera sendur í sneiðmyndatöku.

Daginn eftir fannst maðurinn látinn á badherbergisgólfinu heima hjá sér. Samkvæmt gögnum úr síma hans hringdi hann fimm sinnum á heilsugæsluna daginn sem hann lést. Náði síðasta símtalið í gegn en ekki liggur fyrir hvort hann hafi talað við einhvern.

Maðurinn lætur eftir sig eiginkonu og tvö börn, sex og tólf ára. Þau voru ekki á heimilinu er hann lést en komu að honum látnum á badherbergisgólfinu með farsíma í hendinni. Samkvæmt bráðabirgðaniðurstöðu krufningar lést maðurinn úr flysju eða rof á ósæð í brjóstholi. Maður-

» Maðurinn fannst látinn með farsíma í hendinni. Gögn sýna að hann hringdi fimm sinnum þann dag á heilbrigðisstofnunina.

inn var nýorðinn fertugur þegar hann lést.

Samkvæmt niðurstöðum íslenskrar rannsóknar, sem birtist í European Journal of Cardiothoracic Surgery árið 2016 og náði til 152 sjúklinga, er rof á ósæð mjög hættulegt. 18 prósent sjúklinga létust áður en þeir náðu á sjúkrahús. 21 prósent til viðbótar lést innan sólarhrings eftir komu á sjúkrahús. Rannsóknin tók til árunna 1992 til 2013 og sýnir að því fyrr sem sjúklingar eru greindir því betri er útkoman.

Til þess að greina ósæðarrof eða flysju þarf oftast að senda sjúkling í sneiðmynd í CT-skanna. Í svörum HSS við fyrirspurn Fréttablaðsins segir að slíkur skanni sé til á HSS. Í hvorugt skiptið var maðurinn sendur í mynd á HSS samkvæmt heimildum. HSS segist ekki tjá sig um mál einstakra skjólstæðinga.

Lögmaður fjölskyldunnar staðfestir að hún hyggist krefjast skaðabóta vegna andláts mannsins. – mhj

Kynjasjónarmið vantar í aðgerðir

JAFNRÉTTISMÁL „Þetta dregur það fram að það er kreppa í gangi í kjölfar COVID-19 sem kemur mjög misjafnt við fólk,“ segir Steinunn Rögnvaldsdóttir, félags- og kynjafræðingur, um nýja greiningu félagsins Fémínísk fjármál á efnahagsaðgerðum stjórnvalda í kjölfar COVID-19.

Steinunn segir stjórnvöld endurnota aðgerðir frá því í hrúinu 2008 það sem vanti til að bregðast betur við sé kynjasjónarmiðið. „Við viljum því benda á hluti sem mega betur fara og vonum að stjórnvöld taki það til sín.“ – la / sjá síðu 6



Steinunn Rögnvaldsdóttir, félags- og kynjafræðingur


Lesblindir út fyrir boxið

LÍFIÐ „Sylvía Erla er holdgervingur þess hversu kraftmiklir og skapandi lesblindir einstaklingar geta verið og er ein mesta jarðyta sem ég hef kynnst,“ segir Álfheiður Marta Kjartansdóttir, leikstjóri myndarinnar Lesblindu, sem gerð er eftir hugmynd Sylvíu Erlu Melsted.

» Það er gríðarlega mikill styrkur sem felst í því að fara sínar eigin leiðir.

Álfheiður Marta Kjartansdóttir

Í myndinni er rætt við fólk sem fer eigin leiðir til að yfirstíga lesblindu og ná markmiðum. „Það er gríðarlega mikill styrkur sem felst í því að fara sínar eigin leiðir,“ segir Álfheiður. Myndin er á dagskrá RÚV í kvöld. – þþ / sjá síðu 30



Öflugir skjálftar gætu haldið áfram

Visindamenn segja enn spennu á skjálftasvæðinu á Reykjanesi sem þurfi að losa. sjá síðu 4. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mmm ...
Þorskur með
karrý rjómasósu!



KRONAN



Margeir Sveinsson stýrir rannsókn morðmálsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Rannsóknin er rétt að byrja

LÖGREGLUMÁL „Miðað við þann tíma sem liðinn er núna þá er rannsóknin bara rétt að byrja,“ segir Margeir Sveinsson yfirlöggluþjónn, inntur eftir því hve langan tíma hann telji að rannsóknin á morðinu í Rauðagerði um þarsíðustu helgi muni taka.

Að sögn Margeirs hafa tólf stöðu sakbornings vegna rannsóknarinnar. Sjó hinna grunuðu sitja í gæsluvarðhaldi, ein kona og sex karlmenn. Tveir eru í farbanni.

Fyrstu dagana vorum við bara rétt að ná utan um þetta og reyna að átta okkur á umfanginu.

Margeir Sveinsson, yfirlöggluþjónn hjá miðlægrri rannsóknardeild lögreglunnar


Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er albanskur karlmaður, búsettur hér á landi, grunaður um að hafa orðið Armando Beqirai að bana í Rauðagerði um þarsíðustu helgi. Ummerki hafa fundist um að hleypt hafi verið af skotvopni á heimili hans.

„Fyrstu dagana vorum við bara rétt að ná utan um þetta og reyna að átta okkur á umfanginu. Svo við erum þannig lagað séð á byrjunarreit, svona miðað við tímann,“ útskýrir Margeir. „Eins og gefur að skilja er það töluverð vinna þegar við erum með svona marga menn og af svona mörgum þjóðernum.“ Rætt hafi verið við fjölmörg vitni, auk þeirra sem grunaðir eru. Þetta sé til dæmis fólk í nærliggjandi húsum við vettvanginn og fólk sem tengist aðilum málsins.

Rannsóknin snýr nú einnig að mögulegu peningþvætti, fjárfvikum og öðrum brotum og gerðar hafa verið húsleitir á nærri tuttugu stöðum; á heimilum, í sumarhúsum og fleiri stöðum á Norðurlandi, Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu.

Krufningu og réttarmeinarannsóknunum á líki hins látna er lokið. Aðspurður segist Margeir þó ekki hafa upplýsingar um óskir fjölskyldu hans um útför. – að

Lögreglubíll fær nýtt líf



Nemendur í bílaíðnaðargrein í Borgarholtsskóla löppuðu upp á gamlan lögreglubíl í kennslustund í skólanum í gær. Billinn var úr sér genginn og var þar afleiðandi í senn verulegt og spennandi verkefni fyrir unga og upprennandi bifvélavirkja að laga það sem að er í bilnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Icelandair á leið á Suðurskautið

SAMGÖNGUR Flugvél Icelandair hélt af stað um kvöldmatarleytið í gær til Suðurskautsins þar sem vélin mun sækja rúmlega 30 norska vísindamenn.

Vélin millilenti í Höfðaborg í Suður-Afríku. Þaðan verður flogið til Suðurskautsins.

„Við flugum til Suðurskautsins fyrir um það bil tíu árum og þá var sami leiðangursstjóri og er í þessari ferð. Það eru sex flugmenn, 13 flugfreyjur og einn flugvirki sem skipa áhöfnina í þessu flugi,“ segir Árni Hermannsson, framkvæmdastjóri Loftleiða, sem ber ábyrgð á fluginu.

„Þrátt fyrir að farþegar verði einungis um þrjátíu manns þá er notuð breiðþota í þetta flug þar sem minni flugvél myndi ekki draga alla þessa leið,“ segir Árni um flugið.

„Þannig verður helmingur flugmannanna eftir í Höfðaborg til þess að ná að hvílast fyrir heimförina,“ segir Árni. – hó

Leggja allt kapp á að klára nýjan talgervil

Almannarómur, miðstöð máltækni fyrir íslensku, leggur allt kapp á að smíði talgervils fyrir snjalltæki ljúki áður en Karl og Dóra hverfa úr hugbúnaðarverslun Google í haust. Blindrafélagið mælir ekki með uppfærslu í Android 11.

ISLENSKA Eins og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku eru miklar líkur á að íslensku talgervilsraddir Karl og Dóra hætti að virka ef notendur Android-snjalltækja uppfæra í Android 11-stýrikerfið.

Blindrafélagið hóf baráttu gegn tæknirisum á borð við Amazon, Google og Samsung en stór hópur fólks, meðal annars blindir, nota raddirnar daglega, við skjalestur á snjalltækjum, í námi og við lestur fréttu.


Almannarómur, sem er miðstöð máltækni fyrir íslensku og ber ábyrgð á framkvæmd máltækniáætlunar stjórnvalda, hefur ákveðið að flýta fyrir þróun á nýjum talgervilum sem á að vera kominn í Playstore áður en Karl og Dóra hverfa þaðan.

Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Almannaróms, segir að forgangsröðun verði breytt til að leysa vandann.

„Í máltækniáætlun er gert ráð fyrir að hægt verði að nýta kjarna-hugbúnað eins og talgreiningu, talgervingu og málrýni í snjalltækjum. Ákveðið var að flýta þeim hluta og hefja nú þegar vinnu við talgervingu fyrir Android, en á móti draga úr vægi málrýnis og talgreiningar fyrir snjalltæki á þessu verkefnisári,“ segir hún.

Almannarómur og SÍM, Samstarf um íslenska máltækni, leggja því allt kapp á að koma nothæfri útgáfu talgervils í Android sem fyrst, og helst áður en núverandi app verður tekið úr Google Play í ágúst 2021.

„Markmiðið er að vorið 2021 verði til fyrstu nothæfu talgervilsraddir máltækniáætlunar, sem eru í þróun á grunni raddupptaka,“ segir Jóhanna.



Raddirnar Karl og Dóra voru settar á markað árið 2012 fyrir Windows-stýrikerfið og stuttu síðar gerðar aðgengilegar fyrir Android. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þróun máltækni-hugbúnaðar fyrir Android og iOS snjallsíma byggir á að fyrir sé grunntækni í talgreiningu og talgervingu, sem klárast í vor.

Grunntækni byggir á gagnasöfnun sem hefur staðið yfir frá upphafi áætlunarinnar, meðal annars í gegnum raddgagnasafnið Samróf.

Nú hefur því þróun talgervingar fyrir Android verið sett í forgang og gerð óháð niðurstöðum úr þeirri grunntækni sem unnið er að. Þannig verði hægt að gefa snjallsímalausnir fyrir Android út mun fyrr en áætlað hafði verið, þrátt fyrir að grunntækni sé ekki komin á endanlegt stig.

Snjallsímalausnirnar verði síðan uppfærðar eftir því sem grunntækni fleygir fram.

benediktboas@frettabladid.is

Þetta út úr Playstore

Raddirnar Karl og Dóra komu á markað árið 2012 fyrir Windows stýrikerfið og stuttu síðar fyrir Android. Blindrafélagið vann að viðhaldi raddanna en eftir að framleiðandi þeirra, pólska fyrirtækið IVONA, seldi þær til Amazon varð aðgengi að uppfærslum og aðlögun raddanna takmarkað verulega.

Samkvæmt skilmálum Playstore þarf hugbúnaður sem þessi að vera tiltækur í 64 bita útgáfu, en raddirnar Karl og Dóra eru í 32 bita útgáfu. Því verða raddirnar ekki í boði í Playstore, hugbúnaðarverslun Google frá og með ágúst á þessu ári.

**NÝBAKAÐ
BRAUÐ
ALLA DAGA**

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

BjörnSBakari
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga	7.30 - 17.30
laugardaga	8.00 - 16.00
sunnudaga	9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is



Way of Life!

SUZUKI JIMNY ALVÖRU JEPPI



VERÐ FÁ KR.

4.290.000

Það er fernt sem skilgreinir Jimny sem ekta jeppa:

- Sterkbyggð grind
- Mikil veghæð
- Heilar hásingar með gormafjöðrun
- Fjór hjóladrif með lágu drifi

FLUTT MED
EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.



• Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is



Suzuki á Íslandi

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100



Í gær var búið að ljúka bólusetningu hjá 11.522. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Aðeins sextán í einangrun í gær

COVID-19 Í gær voru sextán einstaklingar í einangrun með virkt COVID-19 smit hér á landi og 21 var í sóttkví. Ekkert smit greindist innanlands sólarhringinn á undan og ekkert smit greindist á landamærunum. Alls 425 sýni voru tekin innanlands og 498 við landamærin.

Átta voru inniliggjandi á sjúkrahúsi vegna COVID-19 í gær en enginn á gjörgæslu. Frá því að fyrsta smit greindist á Íslandi fyrir tæpu ári síðan hafa rúmlega sex þúsund smit verið staðfest og um 276 þúsund sýni hafa verið tekin innanlands. 53 hafa verið lagðir inn á gjörgæslu og 29 eru látnir.

Flestir sem eru í einangrun eða sóttkví eru á höfuðborgarsvæðinu, 11 í einangrun og 18 í sóttkví. – bđj

Guðrún í Kjörís vill forystusæti

STJÓRNMÁL Guðrún Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Kjöríss, gefur kost á sér til forystu í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi í maí. Hún tilkynnti þetta á aðalfundi Sjálfstæðisfélags Hveragerðis í gærkvöldi.



Guðrún Hafsteinsdóttir, framkvæmdastjóri Kjöríss

„Ég vil hafa áhrif á þróun samfélagsins og því býð ég mig fram í fyrsta sæti“, segir í tilkynningu frá Guðrúnu um framboðið.

Guðrún er búsett í Hveragerði og hefur starfað nær allan sinn starfsferil hjá fyrirtæki fjölskyldunnar, Kjörís.

Tveir sitjandi þingmenn flokksins sækjast einnig eftir oddvitasæti í kjördæminu, oddvitinn sjálfur, Páll Magnússon og Vilhjálmur Árnason.

Sjálfstæðisflokkurinn fékk þrjá menn kjörna í Suðurkjördæmi í síðustu kosningum en auk þeirra Páls og Vilhjálmur er Ásmundur Friðriks-son þingmaður kjördæmisins. – aá

Telur að Eldum rétt skoði stöðuna gagnvart Eflingu

DÓMSMÁL „Ljóst er að aðför Eflingar að Eldum rétt og tilefnislausar ásakanir hafa valdið fyrirtækinu miklu tjóni og er eðlilegt að fyrirtækið skoði réttarstöðu sína gagnvart Eflingu,“ segir Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.

Í samtali við Fréttablaðið í gær sagði Viðar Þorsteinsson, fram-



Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA.

kvæmdastjóri Eflingar, frávisun Héraðsdóms Reykjavíkur í gær í máli fjögurra fyrrverandi starfsmanna starfsmannaleigunnar Menn í vinnu ehf. gegn Eldum rétt og þrotabúi starfsmannaleigunnar vera vonbrigði og vekja furðu.

„Dómurinn telur ótvírætt að laun hafi verið í samræmi við kjarasamninga og greidd að fullu, lög-

legt hafi verið að draga frá launum útgjöld á borð við húsaleigu og flugfargjöld og lýsing Eflingar á aðbúnaði starfsmanna hafi ekki verið í neinu samræmi við staðreyndir málsins,“ segir Halldór Benjamín.

Viðar sagði í gær að Efling væri að meta næstu skref. „Við ætlum að skoða þessa stöðu mjög vel og þessi barátta er bara rétt að byrja.“ – gar

Enn spennna á skjálftasvæðinu sem þarf að losna úr læðingi

Jarðskjálftahrina gekk yfir Reykjanesskaga í gær en stærsti skjálftinn mældist 5,7 um tíuleytið. Sá skjálfti átti upptök sín suðvestur af Keili á Reykjanesskaga. Hann fannst víða á suðvesturhorni landsins, meðal annars í Vestmannaeyjum. Mikill fjöldi eftirskjálfta hefur fylgt og búast má við frekari eftirskjálftum.

NÁTTÚRUHAMFARIR Kristín Jónsdóttir, fagstjóri náttúruvárvöktunar á Veðurstofu Íslands, segir að fylgst verði vel með skjálftasvæðinu við Fagradalsfjall næstu daga. Mikil spennna sé þar sem skjálftahrinan átti upptök sín.


Skjálftahrinan hófst í kringum Krýsuvík fyrir nokkrum dögum. Hrinan eykur líkur á stærri skjálftum en óstöðugleiki nær yfir stórt svæði. Jarðskjálftarnir í gærmorgun voru milli Kleifarvatns og Grindavíkurvegjar. Hrinan byrjaði austan við Fagradalsfjall og flutti sig nær Krýsuvík í Núpshlíðarháls. Svo hafa fleiri skjálftar dreift sér á ríflega 20 kílómetra langt svæði milli Kleifarvatns og Sýlingafells. Þar hafa í sögunni orðið skjálftar að stærð 6,5.

Þetta gæti verið vísbending um að svæðið sé læst og losni ekki um spennu þar nema í stærri skjálfta. Hrinan í gær var óvenjuleg að því leyti að hún var kröftug og henni fylgdu margir kröftugir skjálftar á stuttum tíma. Mikil virkni hefur verið þarna frá því í janúarlök 2020.

Talin er hætta á áframhaldandi skjálftavirkni og að skjálftarnir gætu jafnvel orðið stærri. Lítil sem enginn snjór er í fjöllum vestan til á Reykjanesskaga en svolitill snjór í fjöllum austan og norðan við höfuðborgarsvæðið. Sá snjór er víða orðinn að harðfenni, en ofarlega í fjöllum er dálítið nýsnævi ofan á harðfenninu sem gæti verið óstöðugt og því hætta á snjóflóðum.

Ef skjálftavirkni færast austar stækkar áhrifasvæðið og nær þá um það bil yfir Reykjanesskaga, norður í Hvalfjardarsveit, umhverfis Þingvallavatn og austur að Þjórsá. Þar eru mörg fjöll sem nýtt eru til útivistar, eins og Esjan, Hengill,

Skjálftasvæði gærdagsins á Reykjanesskaga



Við munum fylgjast mjög vel með þróun mála á þessu svæði næstu dagana.

Kristín Jónsdóttir, hópstjóri hjá Veðurstofunni



Ingólfsfjall, Vífilfell, Helgafell og Keilir. Fólki er bent á að fara varlega í bröttum hlíðum þar og passa sig á grjóthruni og snjóflóðahættu.

„Það er mikil spennna á þessu svæði sem þarf að losa og í gegnum tíðina hafa stórir skjálftar orðið á þessu svæði á 50 ára fresti. Síðasti stóri skjálfti þarna var árið 1968, þannig að það er líklegt að það verði

spennulosun með stórum skjálfta á næstunni.

Hvort það gerist á næstu dögum eða seinna er hins vegar ómögulegt að segja. Við munum fylgjast mjög vel með þróun mála á þessu svæði næstu dagana. Ástæðan fyrir því að lýst var yfir hættustigi í dag eru líkurnar á áframhaldandi skjálftavirkni, möguleikar á skriðuföllum og ofanflóðum,“ segir Kristín.

„Við munum funda með Almannavörnum í fyrramálið [í dag] og þar verður staðan tekin og við munum senda frá okkur tilkynningar eftir þann fund. Þar til þeim fundi lýkur verður hættustig enn í gildi og fólk beðið um að fara varlega,“ segir hún um framhaldið.

Emil Daði Símonarson, starfsmaður hjá Olís í Grindavík, segir upplifunina í stærsta skjálftanum hafa verið ólýsanlega. „Ég hef aldrei

Þarf að gæta varúðar

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hættum sem stafa af hrinum sem þessum. Skriður og grjóthrun geta átt sér stað eftir stóra jarðskjálfta, líklegast á svæðum með óstöðugar hlíðar, bratta klettaveggi og laust efni, til að mynda í nágrenni Kleifarvatns. Þá eru auknar líkur á grjóthruni og skriðuföllum á Reykjanesskaga meðan á hruninni stendur og jafnvel að skriður, snjóflóð eða önnur ofanflóð falli.

Nokkuð hefur verið um skriðuföll á Reykjanesi vegna skjálftanna. Talsvert af grjóti féll yfir gamla Suðurstrandarveginn sem nú er aflagður. Einnig hafa tilkynningar borist af grjóthruni í Þorbirni við Grindavík, úr Keili, við Djúpa- vatnsleið og við Kleifarvatn.

upplifað annað eins. Ég var nýbúinn að fylla á gosið í kælinum þegar fyrstu skjálftarnir riðu yfir. Það opnaðist skápurinn þar sem við geymum brúsana, ljósin sveifluðust fram og til baka en sem betur fer fór ekkert úr hillum, sem er kannski lán í óláni þar sem þetta eru svo hættuleg efni,“ segir Emil, en hann segir að örtröð hafi myndast við bensindæluna í kjölfar skjálftanna.

Engar vísbendingar eru um gosóroa á svæðinu, en sérfræðingar Veðurstofunnar hafa verið við gasmælingar á svæðinu til að meta hvort einhverjar breytingar séu merkanlegar á gasútsreymi. hjorvaro@frettabladid.is

ÍS BAND ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA

UMBOÐSAÐILI

Jeep



RAM



VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

FIAT HÚSBÍLAR - ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323



SMURÞJÓNUSTA

ÍS BAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 18:00 • OPIÐ FÖSTUDAGA 07:45 - 17:00

Frí heimsending!

Heimsending innan tveggja tíma



Banar
250 kr/kg



VAXA salatblanda
420 kr



Holta kjúklingabringur
2.420 kr/kg



Doritos Nacho Cheese
191 kr



Coca Cola 330 ml
81 kr



Norðlenska ungnautahakk
2.290 kr/kg



Appelsínur
286 kr/kg



Hrein grísk jógúrt
527 kr



Heimplisbrauð
452 kr



Plómur
560 kr/kg

**Kíktu á uppskriftir
eftir Lindu Ben á
heimkaup.is**



HEIMKAUP.IS



Þriðjungur Breta fengið bóluefni gegn COVID-19

COVID-19 Þriðjungur bresku þjóðarinnar hefur nú verið bólusettur en Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, hefur boðað að tilslakanir verði á sóttvarnaraðgerðum í landinu á næstu vikum.

Bresk stjórnvöld eru þessa dagana að kortleggja hvernig bólusetja megi sem flesta á sem skemmstum tíma á komandi mánuðum.

Að meðaltali hafa um það bil tvö hundruð þúsund manns verið bólusettir daglega síðustu vikuna. Sú hugmynd hefur skotið upp kollinum hjá breskum stjórnvöldum að heilbrigðisstarfsmenn gangi í hús og bólusetji í heimahúsum til þess að koma meiri skurki í bólusetninguna.

Boris Johnson hyggst opna skóla landsliðsins á nýjan leik 8. mars og í kjölfarið verða fleiri skref tekin í átt að eðlilegu lífi. Þannig vonast knattspyrnuáhugamenn til að þeir geti farið að mæta á völinn áður en yfirstandandi leiktíð lýkur.



Boris Johnson. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þá er ferðahugur kominn í Breta, en mikill vöxtur hefur verið í bókunum á utanlandsferðum undanfarna daga. Það varð til þess að innanríkisráðherra landsins gaf það út að ekki væri ráð að flykkjast til útlanda á þessum tímamarki. Enn væri óvissa með hvernig tilhögun verði háttáð með ferðalög og samgöngur á næstunni. – hó



Í stjórn Feminískra fjármála eru þær Steinunn Rögnvaldsdóttir, Steinunn Bragadóttir, Finnborg Salome Steinþórsdóttir og Sigríður Finnbogadóttir. Á myndina vantar stjórnarmeðliminn Freyju Barkardóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Aðgerðir stjórnvalda karllægar og almennar

COVID-kreppan hefur komið verst niður á konum, erlendu starfsfólki og ungu fólki. Verja á 119 milljörðum en að mestu í hefðbundin karlastörf. Verði aðhaldskrafa sett fram verður það á kerfi sem að mestu er mannað af konum.

JAFNRÉTTI Ný greining félagsins Feminísk fjármál á efnahagsaðgerðum stjórnvalda í kjölfar COVID-19 kom út í dag ásamt leiðbeiningum til stjórnvalda um hvernig megi betur gera svo að aðgerðir gæti betur gera réttlæti og jafnrétti. Greining félagsins byggir á fyrirbyggjandi gögnum og upplýsingum sem hafa verið gefin út um aðgerðir árið 2020. Kallað er eftir því að aðgerðir séu sértækar en ekki almennar.

„Þetta dregur það fram að það er kreppa í gangi í kjölfar COVID-19 sem kemur mjög misjafnt við fólk. Þau sem verða mest fyrir neikvæðum áhrifum eru þau sem voru starfandi í ferðaþjónustu og tengdum þjónustugreinum. Það er ekki þverskurður af þjóðfélaginu sem var í því. Svo kemur þetta misjafnt niður á landslutum. Þetta kemur því ekki eins við alla og því bendum við á að aðgerðir þurfi að vera sértækar en ekki almennar. Því það þurfa ekki allir hjálp í þessari kreppu. Þetta er allt öðruvísi en hrúnið 2008.“ segir Steinunn Rögnvaldsdóttir, félags- og kynjafræðingur, sem sá um greininguna. Hún segir að það sem stjórnvöld hafa gert í kjölfar veirunnar er að endurnota aðgerðir frá því í efnahagshruninu árið 2008 en að þær eigi ekki endilega við núna og að

Því það þurfa ekki allir hjálp í þessari kreppu. Þetta er allt öðruvísi en hrúnið 2008.

Steinunn Rögnvaldsdóttir, félags- og kynjafræðingur



þau sem þurfi aðstoð núna þurfi mögulega annars konar hjálp.

Spurð hvers vegna þær telji að stjórnvöld hafi farið þá leið, segir Steinunn að viðbrögðin séu vissulega týpísk kreppuviðbrögð en að það sem vanti til að bregðast betur við sé kynjasjónarmiðið sem fæst með greiningu félagsins.

„Við teljum vera ávinning fyrir stjórnvöld að skoða þetta sjónarhorn því við erum ekkert búin. Við erum enn í miðju ástandi og getum enn brugðist við. Við viljum því benda á hluti sem mega betur fara og vonum að stjórnvöld taki það til sín og aðlagi aðgerðir að því,“ segir Steinunn.

Hún segir að það megi ekki gleyma því að nú, eins og eftir hrún

2008, megi búast við aðhaldskröfu á ríkisrekstur og viðbragðsaðgerðir.

„Ef þær verða í takt við það sem áður hefur verið þá er sparad í því sem er útgjaldafrækast, en það eru oft dýrmætustu innviðirnir, sem eru félags- og heilbrigðiskerfið, þá er það það sem er líka hættulegt.“

Hún bendir á að samkvæmt aðgerðum stjórnvalda í kjölfar COVID-19 á að verja 119 milljörðum í fjárfestingaráttak á nokkrum árum en í átakinu sé verið að skapa störf sem að mjög miklu leyti eru karlastörf.

„Ef það er á sama tíma mikil aðhaldskrafa eða niðurskurður í heilbrigðis- og velferðarkerfinu þá þýðir það neikvæð áhrif fyrir kvennastéttir. Það hefur marglaga kynjaðar afleiðingar og það er það sem við óttumst að gerist á þessum tímamarki,“ segir Steinunn.

Samkvæmt greiningu félagsins Feminísk fjármál þurfa stjórnvöld betur að huga að því að enginn verði skilinn eftir og að úrræði sem sett séu á laggirnar með það að markmiði að vera atvinnuskapandi á tímum mikils atvinnuleysis þurfi að ná til þeirra hópa sem verst hafa orðið úti vegna efnahagskreppunnar. Nánar er fjallað um greiningu félagsins á www.frettabladid.is. lovisa@frettabladid.is

Sjónmælingar eru okkar fag



Tímamantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800

Optical Studio
SMÁRALIND · HAFNARTORG · KEFLAVÍK



Kudungurinn 2020

Umhverfisviðurkenning umhverfis- og auðlindaráðuneytisins

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir tilnefningum um fyrirtæki eða stofnun, sem vegna verka sinna og athafna á síðasta ári er þess verðugt að hljóta umhverfisviðurkenninguna Kudungurinn fyrir árið 2020. Óskað er eftir því að stutt greinargerð fylgi með tilnefningunni.

Fyrirtæki og stofnanir geta bæði tilnefnt sig sjálf eða verið tilnefnd af öðrum.

Tillögur skulu berast umhverfis- og auðlindaráðuneytinu eigi síðar en 22. mars nk. merktar „Kudungurinn“ á netfangið uar@uar.is eða með pósti í umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Skuggasundi 1, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar er að finna á www.stjornarradid.is/kudungurinn

Stjornarráð Íslands
Umhverfis- og auðlindaráðuneytið

Aðgerðin á fæti Tigers Woods gekk vel

GOLF Ástand bandaríska kylfingsins Tigers Woods er fint miðað við aðstæður. Tiger undirgekkst aðgerð vegna áverka sem hann hlaut í bilslýsi á þriðjudag.

Woods gekkst undir mikla aðgerð á hægri fæti en var með meðvitund í gærmorgun. Hægri ökklinn varð verst úti og var hægri fótleggurinn skrufaður saman.

Þessi 45 ára godsögn í golfheiminum, sem hefur áður komið til baka eftir erfið meiðsla, fór í sína fimmtu aðgerð vegna þráláttra bakmeiðsla í upphafi þessa árs. Nú er hins vegar frekar spurt hvort Woods nái fullri heilsu á nýjan leik en hvenær hann snúi inn á golfbrautina á ný.

Slysið varð á hraðbraut í Los Angeles. Lögreglan telur að Woods



Bill Tigers Woods fjarlægður af slystað í fyrradag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

hafi ekið yfir hámarkshraða. Á þessum vegi eru krappar beygjur og þar verða mörg slys.

Woods glímdi áður við verkjalyfjafíkn og var á sínum tíma stöðv-

aður af lögreglu á bíl sínum í lyfja- og áfengisvímu. Engin ummerki um slikt voru í blóði hans nú.

Lögreglumaður sem kom að slysinu fyrstur sagði Woods heppinn að sleppa lifandi úr því.

Síðasta endurkoma Woods á golfvöllinn var 2019 þegar hann vann sitt fimmtánda risamót á ferlinum með sigri á Masters-mótinu það ár.

Þar með vantar Woods þrjá sigra til þess að jafna met samlanda síns, Jack Nicklaus, sem er sigursælasti kylfingurinn í sögunni.

Til stóð að Woods, sem hefur verið að glíma við meiðsla undanfarið, myndi spila á Masters-mótinu í apríl en nú blasir við að hann muni ekki spila á því móti. – hó

ESTÉE LAUDER

GÓÐA FERÐ Á TAXFREE

20% AUKA AFSLÁTTUR

AF ESTÉE LAUDER VÖRUM Á TAXFREE DÖGUM 25.FEBRÚAR - 3.MARS.
GLÆSILEGUR KAUPAUKI FYLGIR EF KEYPTAR ERU VÖRUR
FRÁ ESTÉE LAUDER FYRIR 9.800 KR. EÐA MEIRA*.



Estée Lauder fæst ekki í Spöng og á Selfossi.

*á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Snyrtivara

MARKAÐURINN

Vandinn leiðir til hærra matarverðs

Gámaskortur í Kína, sem rekja má til COVID-19, hefur gert það að verkum að verð á flutningi hefur allt að fimmfaldast. Verð á ódýrari matvöru eins og hrisgrjónum og núðlum gæti hækkað um 20-40 prósent. Ýmsar tilbúnar matvörur munu líka hækka.

Dæmi eru um að flutningskostnaður frá Kína til Íslands hafi þre- til fimmfaldast á milli ára vegna gámaskorts ytra sem rekja má til COVID-19. Það gæti leitt til þess að verð á ódýrari innfluttri matvöru, eins og hrisgrjónum og núðlum, hækki tímabundið um 20-40 prósent. Þetta segir Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda.

„Ástandið er slæmt,“ segir Lárus Óskarsson, framkvæmdastjóri Aðfanga, sem er heildsala í eigu Haga. Hann segir að sendingar frá Asíu hafi tafist vegna þess að ekki sé pláss í skipum og að gámar standi ekki á lausu þegar á þurfi að halda. „Við höfum lent í allt að eins mánaðar töf á afgreiðslu frá birgja vegna gámaskorts,“ segir hann.

Ólafur segist hafa heyrt af því að kostnaður við að flytja gám frá Kína, sem hafi verið 400-500 þúsund krónur fyrir ári, sé kominn yfir tvær milljónir. „Þetta hefur óhjákvæmilega áhrif á verðlag vara frá Asíu, einkum og sér í lagi ódýrari vöru, þar sem flutningskostnaðurinn er herra hlutfall af innflutningsverðinu. Við getum tekið dæmi af matvöru eins og hrisgrjónum eða núðlum. Verð á slíkum vörum gæti hækkað um 20-40 prósent en sú hækking er væntanlega tímabundin, að því gefnu að ástandið í alþjóðlegum skipaflutningum komist aftur í eðlilegt horf með því að faraldurinn réni í kjölfar bólu-setninga.“

Lárus segir aðspurdur að það sé „ekki fjarri lagi“ að heildarkostnaður við flutning frá Kína nemi orðið tveimur milljónum króna. Hann segir að flutningur frá ýmsum öðrum Asíulöndum hafi hækkað. „Til dæmis hefur flutningur frá Taílandi hækkað allverulega líka



„Ástandið er slæmt,“ segir Lárus Óskarsson, framkvæmdastjóri Aðfanga, sem er heildsala í eigu Haga um gámaskortinn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

og þar er ekki minni hækking hlutfallslega en frá Kína. Það er mjög mikið flutt inn frá Austurlöndum af tilbúnum matvælum sem og hráefnum. Það er því ljóst að kostnaðarverð á mörgum tilbúnum vörum og vöruflokkum hækkar hjá þeim sem flytja inn vörur frá Austurlöndum, hvort sem er beint eða í gegnum vöruhús í Evrópu. Flokkar eins og núðlar, hrisgrjón, túnfiskur, ananas, kókósmjólk og frosnir ávextir, koma fyrst upp í hugann.“

Þetta hefur óhjákvæmilega áhrif á verðlag vara frá Asíu, einkum og sér í lagi ódýrari vöru.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda



Fram kom í Markaðnum fyrir um mánuði að gámaskorturinn í Kína hafi leitt til þess að útflytjendur yfirbjóða hver annan því mikil eftirspurn væri eftir flutningi. Enn fremur sé tekið COVID-19 sýni úr hverjum frystigámi sem fluttur sé til Kína, sem hafi gert það að verkum að það geti tekið um 20 daga að afgreiða hann úr höfninni.

Bragi Þór Marinósson, framkvæmdastjóri alþjóðasviðs Eimskips, sagði við Markaðinn fyrir

um mánuði að á fyrri hluta ársins 2020 hafi stóru skipafélögin dregið úr flutningum á milli Asíu og Evrópu vegna minni eftirspurnar. Eftirspurnin hafi hins vegar glæðst síðar á árinu. „Það er ekki sjálfgefið að vöruflytningar séu jafnir í báðar áttir. Það er til að mynda mikið framleitt í Kína og flutt til Evrópu. Það gerði það að verkum að það söfnuðust upp tómir gámar í Evrópu.“

helgivifill@frettabladid.is

Slitsterk TEPPI

KOMUM
Á STAÐINN
OG GERUM
TILBOÐ

fyrir stigaganga

ALLIR VINNA

Skútuvoði 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

- síðan 1986 -

Sigurður stýrir viðskiptaþróun

Sigurður Gunnar Markússon hefur tekið við sem forstöðumaður viðskiptaþróunar og umbótaverkefna Krónunnar sem er nýtt svið innan fyrirtækisins. Sigurður Gunnar starfði áður sem framkvæmdastjóri innkaupasviðs Krónunnar og hefur áratugareynslu af íslenskum matvörumarkaði. Þetta kemur fram í tilkynningu.

Hann hefur gegnt lykilhutverki í uppbyggingu Krónunnar og mótun nýrra verslana. „Sigurður Gunnar mun gegna veigamiklu hlutverki í



Sigurður Gunnar Markússon, forstöðumaður hjá Krónunni.

áframhaldandi þróun og uppbyggingu Krónunnar um leið og hans teymi heldur utan um umbóta-verkefni og eftirfylgni þeirra þvert á fyrirtækið,“ segir Ásta Siguríður Fjeldsted, framkvæmdastjóri Krónunnar. – hvj

Breskir ferðamenn horfa til Íslands

Aukins áhuga gæti meðal breskra ferðamanna á heimsknum til Íslands síðsumars og inn í haustið, að sögn Birnu Óskar Einarssdóttur, framkvæmdastjóra sölu- og þjónustuviðs Icelandair. Bresk stjórnvöld kynntu í vikunni áætlun um afléttingu sóttvarnaráðstafana á næstu mánuðum. Ef allt fer að óskum munu Bretar geta um frjálst höfuð strokið um mitt sumar. Bretar eru komnir lengst Evrópuþjóða í bólu-setningum. Um fjórðungur þjóðarinnar hefur fengið fyrri skammt af bóluferni gegn COVID-19.

BBC greinir frá því að stærsta ferðaskrifstofa Bretlands, Tui, hafi sagt frá 500 prósentu aukningu í bókunum sólarhringinn eftir að áætlun breskra stjórnvalda var

kynnt. „Við sjáum litil en skýr merki þess að Bretar séu farnir að huga að Íslandsferðum í haust, en við höfum fyrst og fremst verið vetraráfanga- staður fyrir Breta,“ segir Birna Ósk. „Við munum því ráðast í sérstakt markaðsátak á Bretlandsmarkaði á næstu dögum og vikum.“

Þótt Bretar séu fyrst og fremst að horfa til Íslandsferða næsta haust eru enn þá tækifæri fyrir ferðamannaíðnaðinn í sumar, segir Birna Ósk. „Við sáum síðasta sumar að allt í einu fylltist allt af Dönum og Þjóðverjum á Íslandi, vegna þess að staða faraldursins var góð þar líkt og hér heima. Þá var fólk mikið að bóka á síðustu stundu og það gæti líka gerst næsta sumar, enda mikill ferðavilji og ferðapörf uppsöfnuð hjá fólkum um allan heim.“ – thg



Áttu erfitt með að koma þér fyrir? Upphaf nýrra **drauma!**



Lýkur
á laugardag

STILLANLEGIR
DAGAR
20%
af öllum stillanlegum
heilsurúmum

Ergomotion

Góður nætursvefn er lykillinn að góðum morgundegi. Stilltu þig inn á góðan nætursvefn með stillanlegu heilsurúmi frá Ergomotion. Val um fjölmargar gerðir af heilsudýnum allt frá poka-gormadýnum yfir í náttúrulegar Mayan green latexdýnur allt eftir því hvað hentar þínum þörfum.

Góður svefn, góð gæði, á góðu verði.



Tilboðsverð frá
355.448 kr.

Ergomotion 40+ og Corinna dýna.
Fullt verð frá 444.310 kr





Örninn séður úr vestri á leiðinni upp Helgrindur. Þarna er hann greinilega lentur og því tilkomumestur. MYND/ÓMB

Gott báðum megin

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari

Ekki er óalgengt að fjöll heiti mismunandi nöfnum eftir því hvaðan er horft til þeirra. Þannig heitir eitt fallegasta fjallið á Snæfellsnesi séð úr suðri Örninn, en Tröllkarlinn norðan úr Grundarfirði. Þarna er ekkert smáfygli á ferð heldur tröllvaxinn og illkleifur 778 metra hártindur. Nánasta umhverfi fjallsins er einnig af dýrari gerðinni; tilkomumiklir tindar, klettaveggir og fjallshryggir. Því má segja að þessi örn hafi lent í sannkallaðri tröllaveislu en hann er tilkomumestur úr vestri og norðaustri. Fjallið er því eins og súkkulaðikexið í auglýsingunni, gott báðum megin. Það er einmitt þessi fjölbreytileiki sem gerir fjallið eftirminnilegt og gæti skýrt af hverju það ber tvö nöfn.

Auðveldast er að ganga á Örninn að sunnanverðu en einnig má komast að Tröllkarlinum að norðan frá Grundarfirði. Torfærari leið liggur síðan að vestan frá Helgrindum. Best er að leggja bílum í Bláfeldarhrauni skammt frá Lýsuhóli. Fyrst er gengið á jafnsléttu með fram Bláfeldará þar til komið er að fossum neðan Bláfeldarskarðs. Þarna er lagt á brattann uns komið er í dal vestan tindsins. Þar biður brött snjóbrekka upp að kletthrygg sem kallast Arnarklif. Skyndilega blasir Arnardalur við en einnig Breiðafjörður í öllu sínu veldi og Kolgrafarfjörður. Úr skarðinu er ekki langt upp á hátind Arnarins en norðurhlíðin er snarbrött og öruggast að ganga hana á vorsnjó. Til þess þarf jöklabúnað og línur, en síðasti spölurinn er aðeins fyrir vant fjallafólk og ekki fyrir lofthrædda. Efst opnast útsýni yfir austanvert Snæfellsnes og Ljósufjöll en einnig sést vel yfir Grundarfjörð og Kirkjufell (463 m). Í vesturátt tróna Helgrindur (988 m) og sjálfur Snæfellsjökull (1.446 m). Haldið er niður sömu leið að skarðinu við Arnarklif. Eftir það kemur til greina að ganga eða jafnvel skíða niður brattar norðurhlíðar Arnarins, norður eftir Arnardal í átt að Grundarfirði. Mikilvægt er að gæta varúðar í norðurhlíðum Tröllkarlsins því þarna getur verið hætta á snjóflóðum. Í Grundarfirði má skilja eftir bíl og komast þannig aftur bilveginn yfir Nesið, t.d. Vatnaleiðina. Rétt áður en komið er að Bláfeldarhrauni er tilvalið að skella sér í heitu lauginu á Lýsuhóli en hún státar af steinefnaríku ölkelduvatni sem ku vera allra meina bót.



Fókus á hjarta landsins



Tröllkarlinn séður norðanverðu úr Arnardal. Gönguleiðin liggur eftir fönninni í skarðinu. MYND/TGV



Útsýni af tindinum er engu líkt til allra átta. Hér er horft í norður að Kirkjufelli og Grundarfirði. MYND/TG

Pú færð allt fyrir inni-
verkefni á einum stað!

RYOBI

One+ Bor-/skrúfvél 18V
GV 1162515A
R18DD3-252T. 2ja gíra Heavy Duty
borpatrónu. Með 2 stk. Lithium
rafhlöðum (5,0 Ah og 2,0 Ah),
hleðslutæki og 17 fylgihlutir fylgja.
Kemur í verkfæratösku

29.995.-

~~34.995.-~~



5.995.-

~~7.295.-~~



Loft- & veggmalning 9 l
GV 5000969A - Alhliða vegg- og
loftmalning fyrir öll almenn rými. Mött,
glans 5. Hægt að blanda í mörgum
litum. Þekur 8-10 m² á l.



HÆÐ: 188 CM
BREIDD: 100 CM
DÝPT: 45 CM



6.495.-

~~9.695.-~~

REGALUX

Express hillueining

GV 0573056T - Auðvelt að setja upp án
verkfæra. Burðarþol u.þ.b. 65 kg á hillu.
Galvaniseruð eða hvít, 5 hillur.

Kjarakaup



12.995.-

~~18.495.-~~

GROHE

Start handlaugartæki

GV 3247864A
Krómað með botnloka og lyftitappa,
3/8" sveigjanlegum slöngum og
keramikstút. 5 ára ábyrgð gegn leka.



3.295.-

Rakapölnar gifsplötur

GV 3869846A
12,5 x 1200 x 2550 mm. Verð á plötu.

Verð pr/fm²

12.719.-

Verð á plötu

22.895.-

FIBRO TECH

hljóðeinangrandi plötur

GV 4402205A ljós eik
GV 5714581513334 hnota
Stærð: 22 x 605 x 3000 mm.
Nú til í ljósri eik og hnotu.



25%
afsláttur

af Camargue Skærgærd
baðinnréttingum og sturtupíljum

Mv. almennt verð

Á við um allar vörur sem finna má í
vörulistanum Baðherbergið og Velliðan
2020/2021

VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

Með fyrirvara um myndbrenslu, prentvillur, mistök hjá birgjum og uppseldar vörur. Verð er með vsk.
Tilboðin gilda aðeins til og með fimmtudeginum 4. febrúar til 1. mars, meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800
upplýsingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is

Takmarkanir



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Heilbrigðisráðherra, Svandís Svavarsdóttir, segir að þjóðin eigi að gleðjast vegna þess árangurs sem náðst hefur í baráttunni við COVID. Hér á landi hefur tekist nokkuð vel til, eins og yfirvöld þreytast ekki á að benda landsmönnum á.

Stundum er eins og ráðamenn séu í hlutverki foreldris og þjóðin í hlutverki barnsins. „Sjáð hvernig ástandið er í löndunum í kringum okkur, varla viljum við hafa það þannig,“ hafa ráðamenn itrekað sagt og í raddblænum er ákveðinn tónn sem gefur til kynna að þjóðin eigi ekki að spyrja of krefjandi spurninga, heldur samþykkja ákvarðanir yfirvalda sem vita svo miklu betur en hún.

Auðvitað er ekki þægilegt fyrir yfirvöld ef þegar landsins eru yfirmáta sjálfstæðir og ósparir á að spyrja gagnrýna spurninga. Yfirvöld verða hins vegar að þola þau óþægindi. Það á ekki að vera hægt að temja heila þjóð eins og hunda, hefta frelsi og athafnir hennar á margvíslegan hátt og skikka hana til að bera grímur við hin ýmsu tækifæri og ætlast síðan til að hún taki þessu öllu saman fagnandi.

Sóttvarnarlæknir, sem er í edli sínu sanngjarn og varfærinn maður, sagði á dögnum að hann sæi ekki annað en fólk væri almennt ánægt með að ganga með grímur. Þessi fullyrðing kom vitanlega flutt upp á þá fjölmörgu sem sjá samhengi milli grímunotkunar og frelssviptingar. Þó er það svo að það sem sumir sjá sem böll lita aðrir á sem blessun. Sjá má fólk, sem er eitt á göngu, fjarri öðrum, arka áfram með grímuna fasta á andlitinu. Bíleigendur, einir í bíl sínum, aka út um allar koppagrundir með grímu. Þessir einstaklingar virðast hafa fengið ofurást á grímunum sínum. Við skulum ekki taka þær frá þeim. Leyfum þeim að njóta þeirra meðan þeir vilja. Það er hins vegar óþarfi á nánast smitlausum tímum að klína þeim upp á fólk sem kærir sig alls ekki um þær og notar þær yfirleitt kolvitlaust.

Á tímabili voru stjórnvöld og sóttvarnayfirvöld nokkuð dugleg við að segja að takmarkanir mættu ekki vera umfram það sem ástæða væri til. Þau lögðu áherslu á að þau fögnuðu umræðum, spurningum og gagnrýni um aðgerðir. Svo var eins og þessi sömu yfirvöld fylltust þreytu þegar krefjandi og gagnrýna spurninga var beint til þeirra. Þau virtust jafnvel óska þess helst að fólk hlýddi án þess að spyrja. Einstaka raddir heyrast þó úr ranni stjórnmalanna þar sem minnt er á að óeðlilegt ástand eigi alls ekki að líta á sem eðlilegt. „Við eigum ekki að venjast um of takmörkunum á lífi okkar,“ sagði dómsmálaráðherra, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, nýlega. Utanríkisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, sagði, þegar hann ávarpaði mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna, að ekki mætti nýta faraldurinn til þess að réttlæta langvarandi skordur á réttindi og frelsi. Þau orð eru áminning sem allur heimurinn á að taka til sín, líka Ísland.

Við hvaða aðstæður sem er á að vera rými fyrir gagnrýna hugsun og krefjandi spurningar, sama hversu óþægilegt það er fyrir yfirvöld.



Það á ekki að vera hægt að temja heila þjóð eins og hunda.

Halldór



Frá degi til dags

Þverpólitísk plötuskil
Þegar jörð skelfur myndast jafnvel sprungur í hörðustu skrápum og þannig lét Brynjar Nielsson, minnugur síðasta skjálftasprett-hlaups Helga Hrafn Gunnarssonar, í ljós sjaldgæfa umhyggju fyrir tilfinningalífi Pirata og auglýsti hjartagæsku sína, eins og „góða fólkíð“, á Twitter: „Þetta ætlar ekki að verða góður dagur hjá Helga Hrafn vini mínum.“ Katrín Jakobsdóttir og Björn Ingi Hrafnsson náðu einnig þverpólitískri tengingu í hamaganginum þar sem myndir hrundu af veggjum heima hjá báðum og mikið á taugar Björns Inga lagt þar sem fyrir utan skjálftamæla eru fyrirferðarmikil veiran og meint albönsk mafia fyrir á hans vakt.

Fyrirsjáanleikinn
Jarðskjálftar eiga sameiginlegan með veirunni ófyrirsjáanleikann sem sóttvarnalæknir hefur hamrað á, stundum með aðstoð Björns Inga á Viljanum, sem komst hrstur en ekki hræður frá skjálftahrinunni. Gísli Ásgeirsson þýðandi freistaðist þó til þess að kanna óvísindalegan fyrirsjáanleika jarðhræringanna á Facebook-síðu Sálarannsóknarfélag Suðurnesja og spurði hvort einhver þar hefði séð skjálftana fyrir. Greinilega óvænt spurning sem var látin hverfa frekar en svara og þar með endanlega ljóst að við lifum í fullkomlega ófyrirsjáanlegum heimi. totti@frettabladid.is

Einstök börn – hjartað í kerfinu



Ásmundur Einar Daðason
félags- og barnamálaráðherra

Undanfarna daga hefur félagið Einstök börn staðið fyrir mikilvægu árvæknisáttaki undir slagorðinu „Fyrir utan ramma“, en markmið átaksins er meðal annars að auka samfélagslegan skilning á stöðu barna með sjaldgæfa sjúkdóma. Hluti af áttakinu hefur falist í því að foreldrar og forráðamenn barna í þessum hópi hafa stigið fram og lýst því að þeim hafi reynt erfitt að eiga við þau stuðningskerfi sem eiga að veita börnunum og fjölskyldum þeirra nauðsynlega þjónustu. Þessi kerfi séu rekin af ólíkum aðilum, ríki og sveitarfélögum, og samskipti milli þessara aðila virðist ekki vera eins markviss og þau gætu verið. Of mikið sé um að foreldrar þurfi að berjast fyrir því að fá nauðsynlega þjónustu, lendi oft á veggjum og brenni út.

Mig langar að þakka Einstökum börnum fyrir starf þeirra og ekki síst fyrir þá mikilvægu brýningu sem árvæknisáttak þeirra er. Börn og fjölskyldur þeirra eiga ekki að þurfa að upplifa að þau þurfi að berjast við kerfi sem hafa það hlutverk að veita þeim stuðning og ég er sammála því að við, hið opinbera, þurfum að gera betur. Frá því ég tók við embætti ráðherra hefur það einmitt verið mér mikið hjartans mál að tryggja að kerfin okkar starfi saman í þágu barna og fjölskyldna, að þjónusta og stuðningur byggist upp kringum einstaklingana sem þjónustuna þurfa, en að kerfin okkar byggist ekki upp kringum sig sjálf. Í lok árs 2020, með þetta að markmiði, lagði ég fram lagafrumvarp á Alþingi um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Fáí það frumvarp jákvæða afgreiðslu Alþingis verður vonandi stigið stórt skref í því að tryggja betri stuðning við börn og fjölskyldur þeirra sem geta þá, í stað baráttu við hin mismunandi kerfi samfélagsins, einbeitt sér að þeim áskorunum sem geta mætt börnunum með sjaldgæfa sjúkdóma og fjölskyldum þeirra.



Kerfin okkar eiga að byggjast upp kringum börnin og fjölskyldurnar sem þurfa þjónustu, ekki kringum sig sjálf.

AF KÖGUNARHÓLI

Rautt spjald



Þorsteinn Pálsson

Samtök atvinnulífsins birtu nýlega á heimasíðu sinni afar skarpa aðvörðun um veikleika ríkisfjármálanna. Það er mikil alvara á ferðum þegar þau segja að forsendan, sem lántöku-stefnan byggir á, standist ekki.

Sú kenning er nú nokkuð óumdeild að ríki geti tekið gífurleg lán til þess að brúa bilið fyrir launafólk og fyrirtæki í kreppunni og vikið hefðbundnum fjármálareglum til hliðar um tíma.

Forsendan sem brást

En hér eins og annars staðar byggir kenningin á því að hagvöxtur verði meiri en vextir og að lánin séu í eigin gjaldmiðli. Bregðist þessar forsendur þarf að gripa til skattahækkana eða niðurskurðar.

Ríkisstjórnin hefur staðhæft að til þess komi ekki af því að vextir verði lægri en hagvöxtur. Nú koma Samtök atvinnulífsins og segja hins vegar umbúðalaust:

„Ekki er því sérstök ástæða til að ætla að hagvöxtur verði vel umfram árlegan vaxtakostnað á tímabili fjármálaáætlunar.“

Rauða spjaldinu verður vart lyft hærra. Fótunum er algjörlega kippt undan fjármálaáætluninni. Ganga má út frá því sem vísu að Samtök atvinnulífsins reiði ekki hærra til höggs gegn fjármálaráðherra en efni standa til.

Stefnubreytingin dýpkar vandann

Þannig taka Samtök atvinnulífsins ekki með í reikninginn nýjustu stefnubreytingu ríkisstjórnarinnar í peningamálum.

Ríkisstjórnin fór af stað fyrir tæpu ári með fyrirheit Seðlabankans um aðgerðir til að tryggja ríkissjóði innlent lánsfé eins og þyrfti. Það var skynsamleg ráðgerð. Þegar á reyndi kom í ljós að krónan var ekki brúklek til peningaprentunar.

Ríkisstjórnin kúventi því stefnunni og hefur nú hafið erlendar lántökur í stórum stíl. Þó að ávöxtunarkrafan af þeim lánnum sé lægri en vextir af innlendum lánnum er gengisáhættan þeim mun meiri.

Þessi stefnubreyting stóreykur þá áhættu, sem Samtök atvinnulífsins vara við.

Pólítiska staðan

Síðustu skoðanakannanir benda til þess að ríkisstjórnin muni halda velli jafnvel þó að hún fái ekki meirihluta atkvæða. Samkvæmt mati Samtaka atvinnulífsins á fjármálaáætlun hennar er útlitið því býsna dökkt bæði fyrir launafólk og fyrirtæki.

Í þessu ljósi er skiljanlegt að Samtök atvinnulífsins kalli í álti sínu á þverpólítiska sátt um aðhald í rekstri hins opinbera og niðurgreiðslur skulda.

Vandinn er aftur á móti sá að stjórnarandstöðuflokkarnir virðast fram til þessa hafa byggt útgjaldatillögur sínar á því að þær fullyrðingar ríkisstjórnarinnar stæðust að vextir verði mun lægri en hagvöxtur og gengisáhætta sé ekki í spilunum.

Tveir möguleikar

Stjórnarandstöðuflokkarnir

þurfa því einnig að fjalla um stöðuna í ljósi þessara nýju upplýsinga. Pólítiska hliðin á því er aftur á móti sú að nánast er útilokað að aðrir flokkar leggi til minni útgjöld en Sjálfstæðisflokkurinn hefur þegar ákveðið fyrir næstu fimm ár með VG.

Það leiðir okkur að þeirri niðurstöðu að sátt um þann útgjaldaramma er að líkindum það lengsta sem hægt er að komast í aðhaldi. Fjármagnskostnaðurinn verður því óhjákvæmilega of mikill, nema ný pólítísk hugsun komi til.

Samkvæmt mati Samtaka atvinnulífsins leiðir óbreytt



Sagan sýnir að við höfum aldrei komist út úr kreppum nema með kerfisbreytingum af einhverju tagi.

stjórnarstefna til hærri skatta eða niðurskurðar.

Stjórnarandstaðan getur valið að ganga þá leið með ríkisstjórnarflokkunum og rífast svo eftir kosningar um það hvort hækka eigi skatta eða skera niður. Hinn kosturinn er að taka upp gjaldmiðil, sem tryggir okkur jafn lága vexti og önnur Norðurlönd njóta án gengisáhættu.

Skjótverkasta leiðin

Það eru engir aðrir kostir í boði. Samtök atvinnulífsins segja réttléga í umsögn sinni: „Það verða engir erlendir kröfuhafar með djúpa vasa til þess að leysa okkur

úr snörinni í þetta sinn.“

Öruggasta leiðin er að taka upp evru. Það tekur tíma. Skjótverkasta leiðin er að leita strax eftir samningum við Evrópusambandið um gjaldmiðlasamstarf til þess að tryggja stöðugleika krónunnar.

Flest bendir til að það myndi tryggja að vextir aflánnum ríkissjóðs verði til muna lægri en hagvöxtur. Það eykur líkurnar á að unnt verði að verja velferðarkerfið án skattahækkana.

Sagan sýnir að við höfum aldrei komist út úr kreppum nema með kerfisbreytingum af einhverju tagi.

Netapótek Lyfjavers

– Apótekið heim til þín



Í Netapóteki Lyfjavers á **lyfjaver.is** getur þú fundið þína lyfseðla, valið samheitalyf og séð lyfjaverðið þitt.

Mikið úrval af vítamínum og bætiefnum. Lágt vöruverð og heimsending um land allt.

Gerðu verðsamanburð!

Nýtt
Sendum nú heim
á laugardögum
Þanta þarf
fyrir kl 13:00

LYFJAVER

lyfjaver.is

Suðurlandsbraut 22



Skrekkshópur Austurbæjarskóla 2020. MYND/ADSEND

Opið bréf til forsætisráðherra

Kæri forsætisráðherra. Um daginn þegar átti að senda egypsku fjölskylduna úr landi þá sagðir þú að þú værir ekki að beita þér í einstökum málum heldur fyrir kerfisbreytingum, og talaðir um hvað útlendingalöggjöfin væri opnari hér en annars staðar. En þá spyrjum við til baka: Ef við hugsum bara um löggjöf, er þá pláss fyrir mannlega samúð? Þegar þú varst á okkar aldri, 14 eða 15 ára, hvað langaði þig að gera þegar þú yrðir stór? Hvernig samfélag myndaðir þú þér að yrði í framtíðinni? Langaði þig líka að Ísland yrði fyrir alla? Viljum við vera þjód þar sem allir eru eins? Viljum við hafa það orðspor að vera land sem sendir fólk

burt sem á ekkert heimili? Eigum við ekki nóg af peningum, af hverju getum við þá ekki hjálpað þeim? Hver ákvað að þau megi ekki eiga heima hérna? Þið eruð að senda krakka úr landi sem væru kannski bekkjarfélagar okkar. Vinir okkar. Þið eruð að senda burt krakka sem eru þegar orðnir vinir okkar. Eins og Milina, Kemal, Samir, Aya, Leo, Ali, David og öll hin börnin sem hafa verið send úr landi. Af hverju eru þau ekki að skrifa þetta bréf? Kæri forsætisráðherra. Þegar þú varst á okkar aldri, er þetta framtíðin sem þú vildir? Bestu kveðjur, Skrekkshópur Austurbæjarskóla 2020.

Samvinna bænda í sölu búvара



Þórarinn Ingi Pétursson þingmaður Framsóknarflokksins

Um aldir voru ýmsar landbúnaðarafurðir helsta útflutningsvara landsmanna, á eftir skreið. Allt fram að stofnun kaupfélaganna, þess fyrsta fyrir 119 árum (20. febrúar 1882), áttu landsmenn sér engin samtök um slík viðskipti heldur kom hver og einn bóndi fyrir kaupmenn með afurðir sínar. Einokunarverslun Dana-konungs á tímabilinu 1602–1787 sá um að arður af Íslandsverslun skilaði sér refjalaust í fjárhirslur konungs. Eftir lok einokunar tók við tímabil svokallaðrar friðhöndlunar, sem bannaði Íslendingum að versla við aðra en þegna Dana-konungs, en hún leiddi til þess að lífinu var haldið í landsmönnum með lægsta mögulega samnefnara á afurðaverði.

Samvinna bænda á sér langa sögu Á 19. öld hófst alþjóðleg þróun þar sem framleiðendur ýmiss varnings tóku sig saman og bundust samtökum til að sameina krafta sína. Þessa þróun má rekja allt aftur til 1860, fyrst í Frakklandi, Þýskalandi, Austurríska-Ungverska keisaradæminu og Bretlandi. Þetta var hluti af alþjóðavæðingu þess tíma. Saudasala íslenskra bænda var fjárhagsleg lyftistöng til sveita á sínum tíma og grunnurinn að stofnun kaupfélaganna hér á landi. Síðan hefur æði mikið vatn runnið til sjávar. Það vekur nokkra athygli að hlýða á forstjóra Samkeppniseftirlitsins á Íslandi vísa ítrekað til þessarar þróunar á sínum tíma, ekki bara hér á landi heldur líka t.d. í Bandaríkjunum, eins og hann gerði á fundi sem Félag atvinnurekenda stóð fyrir þann 11. febrúar sl. Raunar var að heyra að hann teldi þetta einmitt mjög gott skipulag fyrir afurðasölumál.

Sami forstjóri eða sú stofnun sem hann veitir forstöðu hefur ítrekað tjáð sig um afurðasölumál í landbúnaði. Í umsögn sem stofnun veitti Alþingi sl. haust um þingmál 376 segir m.a.:

„Hafa ber í huga í þessu sambandi að það aðhald sem bændum er kleift að sýna viðsejendum sínum, þ.e. afurðastöðvum, hefur farið þverr-

andi. Þannig er t.d. ekki til að dreifa samkeppni í kaupum á mjólk frá bændum, auk þess sem bændur eru ekki lengur eigendur kjötafurðastöðva nema að hluta til og geta því ekki beitt eigendaaðhaldi nema að takmörkuðu leyti.“

Viljandi er Sláturfélag Suðurlands þar talið með fyrirtækjum sem teljast í einkaeigu þó eigendur í A-deild stofnsjóds (bændur) hafi atkvæðisrétt á stjórnar- og aðalfundum og stjórn þannig fyrirtækjanna. Einnig telur Samkeppniseftirlitið Sláturfélag Vopnfirðinga hf., Norðlenska ehf. og Fjallalamb hf. með í þessum hópi þó þau séu að verulegu leyti í eigu bænda eða félaga þeirra. Hið rétta er því að stærstur hluti slátrunar á sauðfé, nautgripum og hrossum fer fram í fyrirtækjum sem eru í eigu og/eða stjórnað af bændum. Bændur reka því enn í dag á samstarfsgrunni fyrirtæki sem sjá um vinnslu og sölu afurða þeirra.

Um stjórnsýslu Samkeppniseftirlitsins

En víkjum aðeins að stjórnsýslu Samkeppniseftirlitsins. Sama dag og yfirlýsingar forstjóra þess um verndaraðgerðir á krepptímum rötudu á síður Viðskiptablaðsins, birtist í því grein eftir Heiðrunu Lind Marteinsdóttur, framkvæmdastjóra SFS, og Maríu Kristjánsdóttur lögmann, þar sem stjórnsýsluframkvæmd Samkeppniseftirlitsins var gerð að umtalsefni.

Í þessari grein var m.a. vakin athygli á því að samrunaefirlit stofnunarinnar byggist, líkt og í Noregi og ESB, á tveimur hlutum – fasa I og fasa II; almennt er gert ráð fyrir því að tilkynntir samrunar fari í fasa I en einungis mál sem komi til með að hafa skaðleg áhrif á samkeppni fari í fasa II. Hin furðulega staða er hins vegar uppi að t.a.m. í bæði Noregi og ESB fara 2-3% tilkynnta samruna í fasa II á meðan hlutfallið hér á landi var að meðaltali tæp 44% á tímabilinu 2017-2020. Ekki er hægt að draga af þessu aðra ályktun en að stjórnsýsla Samkeppniseftirlitsins sé mjög frábrugðin stjórnsýslu systurstofnunar þess í Noregi og framkvæmdastjórnar ESB.

Hvað leggur Samkeppniseftirlitið svo til?

Fyrr er víkið að því að stofnun kaupfélaganna virðist forstjóra Samkeppniseftirlitsins hugleikin. En stofnunin hefur einnig bent á aðrar leiðir fyrir bændur til að styrkja stöðu sína í afurðasölumálum. Í



Sameina þarf slagkraft margra til að mæta fákeppni á smásölumarkaði og samkeppni erlendis frá eins og ríkir hér á landi.

fyrir tilvitnaðri umsögn til Alþingis er bent á að með breytingum á reglumhverfi megi gera bændum betur kleift að „... vinna afurðir sínar sjálfir og bjóða þær neytendum á grundvelli eigin hugvits og nýsköpunar. Með því gætu bændur sýnt bæði kjötafurðastöðvum og dagvöruverslunum aukið aðhald.“

Fákeppni á smásölumarkaði

Þessi nálgun Samkeppniseftirlitsins, sem lausn á því viðfangsefni bænda að kaupendur varanna eru að stærstum hluta tvær smásölukæðjur, hljóma nánast útópískar. Verslanir Haga (Bónus og Hagkaup) auk Krónunnar fara með 76% verslunar á smásölustigi hér á landi. Hvernig dettur forstjóra Samkeppniseftirlitsins í hug að það bæti stöðu bænda að mæta á pikköppunum sínum á planinu fyrir framan skrifstofur þessa fyrirtækja með kjöt af heimaslátruðu á pallinum? Kjöttið þarf að selja sem fyrst því bændur hafa ekki geymslur fyrir það. Eg læt lesendum eftir að geta sér til um niðurstöðuna. Stofnun kaupfélaganna á sínum tíma var einmitt ætlað að vera svar við sambærilegri stöðu. Á sama hátt styður t.d. ESB við það að bændur skipuleggi afurðasölustarf sitt með samvinnu – hefur ESB haft það að stefnu sinni allt frá gerð Rómarsáttmálanna 1958. Sameina þarf slagkraft margra til að mæta fákeppni á smásölumarkaði og samkeppni erlendis frá eins og ríkir hér á landi.

Bætum stöðu íslensks landbúnaðar

Aukið svigrúm landbúnaðar í nágrannalöndum okkar til að skipuleggja samstarf í skjóli undanþága frá samkeppnislögum hlýtur að teljast hluti af samkeppnisforski hans gagnvart okkar landbúnaði. Samkeppniseftirlitinu væri nær að benda á þennan óeðlilega mun og hvetja stjórnvöld til að minnka hann, fremur en að freista þess að koma í veg fyrir að hann sé jafnaður að hluta með því að auka lítils háttar svigrúm íslensks landbúnaðar gagnvart samkeppnisreglum.

Þegar innviðir hitaveitunnar rofna – í kuldakasti



Ólafur Ingi Tómasson bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði

Öll gerum við ráð fyrir að ríki og sveitarfélög sjái til þess að okkur sé tryggt ákveðið öryggi og fyrirsjáanleiki hvað varðar þjónustu og innviði. Afhendingaröryggi er eitt þeirra orða sem notað er eftir að innviðir raforkukerfisins bresta. Minnug afleiðinga óveðursins sem gekk yfir norðurhluta landsins fyrir rúmu ári síðan þegar víða varð rafmagnslost um lengri eða skemmri tíma mætti heimfæra slíkar hamfarir á hitaveitukerfið.

Afhendingaröryggi heita vatnsins Á höfuðborgarsvæðinu búa um 237 þúsund íbúar á um 90.000 heimilum sem öll eru kynt upp með heitu vatni. Hitaveitan er einstök á heims-

mælikvarða, vistvæn og ódýr orka sem við teljum sjálfgefna. En er það svo? Gætu hamfarir eins og fyrir norðan þegar rafmagnið brást einhvern tímann yfirferst á heita vatnið? Ég hef ekki svar við þeirri spurningu en minnugur umræðunnar um heita vatnið og rafmagnið frá HS Orku vegna jarðhræringa við Grindavík á síðasta ári þá getur hið óvænta gerst. Rifja má upp þegar við vorum beðin að spara heita vatnið í kuldaköstum 2019 og 2020. Stór hluti Reykjavíkur, Kópavogur, Garðabær og Hafnarfjörður fá heitt vatn frá Nesjavöllum og Hellisheiði. Veitur dreifa um 90 milljónum rúmmetra af heitu vatni á ári og fer sú tala hækkandi með fjölgun íbúða og hótela. Frábært og öruggt kerfi við eðlilegar aðstæður, en eins og fyrir norðan þá geta aðstæður breyst, aðstæður sem ekki eru fyrirséðar og enginn hefur stjórn á. Hefur þú, lesandi góður, hugleitt, komi slíkar aðstæður upp og heitavatnsleiðslur frá Nesjavöllum og/eða Hellisheiði rofna, jafnvel í löngu kuldakasti, hverjar afleiðingarnar verða? Eflaust langsótt en ekki útilokað.



Krýsuvík

Á 6. áratug síðustu aldar voru uppi hugmyndir um að virkja í Krýsuvík, dæla átti heitu vatni inn í Hafnarfjörð og jafnvel inn á höfuðborgarsvæðið. Ekkert varð af þeim fyrirætlunum en þar er að finna eitt

mesta háhitasvæði landsins. Frá aldamótum hafa komið fram hugmyndir um nýtingu jarðvarma frá þessu háhitasvæði án þess þó að þær hafi náð fram að ganga. Huga þarf að afhendingaröryggi á heitu vatni með sama hætti og gert er með raforkuna.



Frábært og öruggt kerfi við eðlilegar aðstæður, en eins og fyrir norðan þá geta aðstæður breyst, aðstæður sem ekki eru fyrirséðar og enginn hefur stjórn á.

Krýsuvík er kostur til virkjunar, með því væri komin tenging við kerfi Veitna sem dregur úr álagi á virkjunum á Hellisheiði og Nesjavöllum en umfram allt væru komin tvö sam tengd kerfi sem gætu aukið öryggi og fyrirsjáanleika afhendingaröryggis á heitu vatni inn á höfuðborgarsvæðið. Við skulum einnig hafa í huga að heita vatnið er ekki óþrjótandi auðlind sem endurnýjar sig eftir því sem á hana er gengið, því þarf að dreifa álaginu og huga að öðrum svæðum þar sem þessa auðlind er að finna.

Gerðu góð kaup

FLEIRI KJARABÍLAR

Á KJARABILAR.IS

Athugið að um er að ræða takmarkaðan fjölda bíla af tilteknum gerðum. Það eru þó fleiri bílar í boði en fram koma í auglýsingunni og þá má finna á www.bl.is/kjarabilar

BJÓÐUM **VALDA NÝJA BÍLA Á KJARABÍLAVERÐI.**
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.

KJARAVERÐ
6.190.000 kr.



YJF72

Nissan Qashqai Tekna

Disil, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur, nýr bíll

Listaverð: 6.750.000 kr.

KJARAVERÐ
4.590.000 kr.



TJR33 40kWh

Nissan Leaf Acenta

Rafmagn, framhjóladrifinn, sjálfskiptur, nýr bíll

Listaverð: 4.952.000 kr.

KJARAVERÐ
7.190.000 kr.



PHT67

Subaru Forester LUX

E-Boxer Hybrid, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur, nýr bíll

Listaverð: 7.950.000 kr.

KJARAVERÐ
4.990.000 kr.



BUV50

Nissan e-NV200 5 sæta

Rafmagn, framhjóladrifinn, sjálfskiptur, nýr bíll

Listaverð: 5.650.000 kr.

KJARAVERÐ
4.139.500 kr.



DBY67

Renault Nyr ZOE

Rafmagn, framhjóladrifinn, sjálfskiptur, reynsluakstursbíll

Listaverð: 4.870.000 kr.

KJARAVERÐ
3.943.548 kr. án vsk.
4.890.000 kr. m. vsk.



AFK06

Renault Trafic Business-stuttur

Disil, framhjóladrifinn, sjálfskiptur, reynsluakstursbíll

Listaverð: 4.592.742 kr. án vsk.

Listaverð: 5.695.000 kr. m. vsk.

KJARAVERÐ
4.090.000 kr.



KBM24

Dacia Duster Comfort

Bensín, fjórhjóladrifinn, beinskíptur, nýr bíll

Listaverð: 4.450.000 kr.

KJARAVERÐ
3.250.000 kr.



GJA40

Renault Clio V Intens

Disil, framhjóladrifinn, beinskíptur, nýr bíll

Listaverð: 3.690.000 kr.

KJARAVERÐ
7.390.000 kr.



ESB40

MINI Countryman SE Pepper

Tengiltvinnbíll, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur, reynsluakstursbíll

Listaverð: 8.1450.000 kr.

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL



Musiala hefur skotist upp á stjörnuhimininn. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Valdi að leika fyrir Þýskaland

FÓTBOLTI Ungstirnið Jamal Musiala, sem hefur verið að fá stærra og stærra hlutverk hjá Bayern München undanfarna mánuði, staðfesti í gær að hann myndi leika fyrir hönd Þýskalands til framtíðar. Musiala gat einnig kosið að leika fyrir enska landsliðið og hefur leikið fyrir yngri landslið Þýskalands og Englands en kaus að leika fyrir Þýskaland til frambúðar.

Musiala eyddi fyrstu árum ævi sinnar í Þýskalandi en fluttist til Bretlands sjö ára og dvaldi þar í tíu ár. Sextán ára fluttist Musiala aftur til Þýskalands og samdi við Bayern og var fljótur að brjóta sér leið inn í aðallið þýska stórveldisins. Hann varð yngsti leikmaðurinn í sögu Bayern á síðasta ári og skoraði fyrsta mark sitt í Meistaradeild Evrópu í vikunni.

Að sögn Musiala ræddi hann við Joachim Löw, þjálfara þýska landsliðsins og ákvað þá að velja frekar að leika fyrir Þýskaland, en fyrsti leikur Musiala fyrir Þýskaland gæti orðið gegn Íslandi þann 25. mars næstkomandi. – kpt

Áhorfendur á kappleiki að nýju



Tilslakanir sem gerðar voru á samkomutakmörkunum í upphafi vikunnar fólu meðal annars í sér að áhorfendur mega mæta á íþróttaviðburði á nýjan leik. Það nýttu stuðningsmenn Fjölnis og Keflavíkur sér og mættu á leik liðanna í efstu deild kvenna í körfubolta í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Töfrarnir enn þarna tólf árum síðar

Einn besti kvenkyllingur allra tíma, Annika Sörenstram, snýr aftur á LPGA-mótaröðina í dag, rúmum tólf árum eftir að hún hætti 38 ára gömul. Hún er talin vera meðal bestu íþróttamanna heims undanfarna áratugi, þrátt fyrir stuttan feril fyrir kylling.

GOLF Það gerist ekki oft að bestu leikmenn heims taki upp þráðinn á ný eftir langan dvala en það mun eiga sér stað þessa helgina þegar sænski kyllingurinn Annika Sörenstram snýr aftur á eitt mót á LPGA-mótaröðinni. Gainbridge mótið fer fram á Boca Rio-vellinum í Flórída en af skrifstofunni á heimili Anniku er útsýni yfir sextánda holuna og ákvað hún því að taka þátt á þessu eina móti í bakgarði sínum. Þetta verður fyrsta mót hennar í rúm tólf ár, síðan hún ákvað að leggja keppniskylfurnar á hilluna í lok árs 2008 til að einbeita sér að því að stofna fjölskyldu og byggja upp viðskiptaveldi sitt.

Atvinnumannaverill Anniku var fljótlega kominn á flug og á þriðja ári sínu á mótaröðinni árið 1995 var hún búin að vinna sinn fyrsta risatitil og endaði árið sem tekjuhæsti kyllingur mótaráðarinnar. Þar lagði Annika línurnar fyrir næsta áratug þegar hún vann tíu risatitla og heilt yfir 72 mót á LPGA-mótaröðinni ásamt því að vinna önnur sautján mót á Evrópumótaröðinni. Á fjögurra ára tímabili, frá 2001 til 2005, vann hún 43 mót og endaði í einu af efstu þremur sætum á sjötíu prósent móta sem stóðu til bóða á þeim tíma. Þá varð hún fyrsta konan og er enn í dag eina konan í sögunni sem lék átján holur á undir sextíu höggum árið 2001 þegar hún kom í hús á 59 höggum með þrettán fuglum. Tveimur árum síðar varð hún fyrsta konan í tæpa sex áratugi til að taka þátt í móti á PGA-mótaröð karla árið

2003 þar sem hún missti af niðurskurðinum.

Hún var kosin í frægðarhöll golfíþróttarinnar árið 2003 og var átta sinnum kosin leikmaður ársins á LPGA-mótaröðinni ásamt því að vera sex sinnum valin kvenkyllingur ársins og tvisvar íþróttakona ársins af bandaríska íþróttamiðlinum ESPN. Sami miðill setti hana í sjötta sæti yfir íþróttafólkið með mestu yfirburðina (e. dominant athlete) undanfarinna tuttugu ára árið 2018, þrátt fyrir að hún hafi ekki leikið í tíu ár. Þar var Annika á undan íþróttafólki á borð við Floyd Mayweather, Mórtu, Usain Bolt, Lionel Messi, Serenu Williams og Cristiano Ronaldo.

Það kom því á óvart þegar hún ákvað að leggja kylfurnar á hilluna árið 2008 eftir fimmtán ára atvinnumannaveril. Í samtali við ESPN árið 2018 sagði Annika, þegar hún var spurð út í ákvörðun sína, að hún hefði fundið það á sínum tíma að hún væri búin að ná eins langt og hægt væri og nú væri kominn tími á að prófa eitthvað annað.

Atvinnukylfingsferill hennar entist því í tæp sextán ár en hún hefur meðal annars sinnt starfi sendiherra golfíþróttarinnar frá því að keppnisferlinum lauk og hlutverki sérfræðings við lýsingar frá mótum. Annika kom til Íslands árið 2018 í hlutverki sendiherra golfíþróttarinnar þar sem hún kom meðal annars fram á stelpugolfdeginum. Þar hitti Annika meðal annars Ólafíu Þórunni Kristinsdóttur atvinnukylfing, sem fékk



Annika Sörenstram ætlar að dusta rykið af kylfunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

færi á að setjast niður og tala við Anniku og leitaði Fréttablaðið því ráða hjá Ólafíu við hverju mætti búast af Anniku á mótinu.


„Þetta verður mjög áhugavert. Það er vissulega langt frá síðasta móti en ég held að það megi ekki vanmeta hana. Miðað við mín kynni af henni og því sem fólkíð í kringum

hana segir, þá er hún búin að undirbúa sig vel. Svo eru töfrarnir enn þá í höndunum. Ég á von á nokkuð stöðugri spilamennsku og að hún eigi ekki eftir að lenda í vandræðum,“ segir Ólafía hress og heldur áfram:

„Hæfileikarnir eru svo sannarlega enn til staðar en spurningin

●● Hæfileikarnir eru svo sannarlega enn til staðar en spurningin er hversu mikið hún hefur æft og spilað undanfarin ár.

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir



er hversu mikið hún hefur æft og spilað undanfarin ár.“

Aðspurð hvort það gæti hjálpað Anniku að mótið fer fram á velli sem er við heimili Anniku tók íslenski atvinnukylfingurinn undir það. „Miðað við mín kynni af henni er hún búin að undirbúa sig vel og þekkir völinn mjög vel, betur en nokkur annar í mótinu. Hún er örugglega búin að kafa enn þá dýpra í það að skoða völinn.“

Ólafía bar Anniku vel söguna þegar undirritaður spurðist fyrir um samskiptin þeirra á milli. Hún sagði Anniku afar almennilega og meira en tilbúna að veita ráð.

„Við settumst niður og hún gaf mér mjög góð ráð. Hún var með formúlu sem virkar frábærlega fyrir hana. Hún var mjög öguð sem kyllingur, hélt sínu striki og það skilaði henni í fremstu röð.“

kristinnpall@frettabladid.is

LEIÐ

FIMMTUDAGUR 25. FEBRÚAR 2021

Tíska



Það er úr nægu að velja á Bókamarkaðnum á Laugardalsvelli. Bryndis Loftsdóttir segir að sjaldan hafi verið úr meiru að velja. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íslensk hráefni
fyrir þína liðaheilsu



EYLÍF

Heilsan er dýrmætust
www.eylif.is

Glæpasagnalengja á Laugardalsvellingnum

Hinn árlegi Bókamarkaður Félags íslenskra bókaútgefenda á Laugardalsvelli verður opnaður í dag. Þar bjóða ríflega eitt hundrað útgefendur nýjar sem eldri bækur á góðum afslætti. Bókamarkaðurinn stendur til 14. mars. ➔2

Framhald af forsiðu →

Bryndís Loftsdóttir hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda segir að Bókamarkaðurinn hafi sjaldan verið veglegri. „Bókamarkaðurinn var lengi vel í Perlunni en hann hefur verið á Laugardalsvelli, undir stúkunni, frá árinu 2014. Þar er rúmgóður salur, um eitt þúsund fermetrar og næg bílastæði fyrir utan,“ segir hún. „Við bjóðum rúmlega sex þúsund titla af bókum. Margar af þessum bókum komu út fyrir jólin svo þær eru nýjar en einnig er gífurlega mikið af eldri bókum, sumum þar sem eingöngu örfá eintök eru fánleg. Nokkrir útgefendur hafa augljóslega notað COVID-tímann til lagertiltektar og fundið titla sem taldir voru löngu uppseldir.“

Einstakt úrval bóka

Þegar Bryndís er spurð hvaða bækur fólk sækist helst í á bókamörkuðum, svarar hún: „Það skiptist í þrjá hópa, barnabækur, þýdd og íslensk skáldverk og að lokum fræðibækur og handbækur. Þetta eru mjög jöfn skipti. Það er alltaf mikil ásókn í glæpasögur og við höfum aldrei haft jafn mikið úrval og núna. Við erum með heila 16 metra af spennusögum sem við köllum glæpalengjuna. Það finnst varla meira spennandi hlaðborð en á Laugardalsvelli,“ segir hún og hlær. „Þarna eru bæði íslenskar og þýddar glæpasögur, innbundnar, í kilju og hljóðbækur.“

Léttlestrarbækur fyrir börn

Bryndís segir að nú sé í fyrsta skipti búíð að flokka léttlestrarbækur saman á borð í barnadeildinni. „Þetta gerir yngstu lestrarhestunum auðveldara að velja bækur við sitt hæfi. Þarna eru margar alvöru sögubækur fyrir 5-8 ára krakka. Ætli þessar tegundir bóka séu ekki á sex metrum. Margar ríkulega myndskreyttar með stóru letri.“

Bryndís segir að reynt sé að flokka barnabækurnar eftir aldri og efni. Þannig megi finna þrauta- og verkefnabókaborð, fræðibækur, myndasögur fyrir leikskólaaldur, teiknimyndasögur og þýdd og íslensk skáldverk ætluð grunnskólabörnum. Þar má reyndar einnig finna ungmennabækur, ætlaðar nemendum efstu deilda grunnskóla og framhaldsskóla. „Ég er búin að gefast upp á að flokka sérstaklega bækur fyrir elsta aldursflokkin. Fjölmargar og jafnvel flestar bækur sem koma út hér á landi geta hentað fyrir börn allt niður í 13-14 ára aldur, jafnvel þótt þær séu ekki skrifaðar sérstaklega með þau í huga. Rétt eins og bíómyndir og sjónvarpsþættir. Með því að flokka þær sérstaklega erum við að beina þessum aldurshópi inn á þröngt svið þar sem úrvalið á íslensku verður alltaf af skornum skammti vegna smæðar málsamfélagsins. Að auki eru flestar þær bækur sem við gefum út fyrir þennan aldurshóp alls ekkert síður fyrir okkur sem eldri erum. Við förum hins vegar á mis við þær vegna þess að við sjáum þær ekki eða teljum þær ekki skrifaðar fyrir okkur. Þar með er ég alls ekki að segja að það eigi ekki að gefa út bækur um ungt fólk og þeirra reynsluheim eða læsilegar fræði- og handbækur. Við eigum að gefa út fleiri og betri slíkar bækur og markaðssetja þær einfaldlega fyrir áhugasama lesendur á öllum aldri.“

Eftirspurn eftir útivistarbókum

Þá er boðið upp á ævisögudeild þar sem bókunum er skipt eftir kyni. „Það er ágætt að sjá hversu mikill munur er á fjölda útgefna ævisagna kvenna og karla. Karla-



Bryndís segir að reynt sé að flokka barnabækurnar eftir aldri og efni. Þannig megi finna þrauta- og verkefnabókaborð, fræðibækur, myndasögur fyrir leikskólaaldur, teiknimyndasögur og þýdd og íslensk skáldverk.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Við erum með heila 16 metra af spennusögum sem við köllum glæpalengjuna. Það finnst varla meira spennandi hlaðborð en á Laugardalsvelli.

ævisögurnar eru augljóslega miklu fleiri.“

Þegar bankahrúnið skall á landinu árið 2008 jókst bóksala mikið og var áberandi aukning á sölu handavinnu- og matreiðslubóka. „Á tímum COVID virðumst við hafa fengið nóg af pottum og prjónum því nú beinist eftirspurnin að útivistarbókum, gönguleiðabókum og fróðleik um náttúru og sögu landsins. Þá hefur sömuleiðis verið eftirspurn eftir bókum um alls kyns ræktun. Við erum með gott úrval af ferðabókum frá Ferðafélagi Íslands og fleiri útgefendum á markaðnum. Frábært tækifæri til að fá nýjar hugmyndir um gönguleiðir og ferðir innanlands fyrir sumarið.“

Bækur á 199 krónum

Bryndís segir að það sé skemmtilegt og komi alltaf á óvart hversu mikill áhugi sé á krossgátublöðum. „Sömuleiðis bjóðum við upp á ýmis eldri íslensk tímarit. Þá er einnig sérstakt 199 króna borð þar sem er fjölbreytt úrval af bókum og hljóðbókum.“

Bryndís itrekar að Bóka-



Glæpasagnalengjan er ekkert smærði á Laugardalsvelli.

markaðurinn er við knattspyrnavöllinn á Laugardalsvelli, undir stúkunni, en margir villast yfir í Laugardalshöllina í leit að markaðnum. Á bókamarkaðnum er hægt að fá aðstoð starfsfólks við leit að ákveðnum bókum. „Yfirleitt kemur fólk ekki með eitthvað ákveðið í huga og gefur sér góðan tíma til að skoða. Bækur eru ekki lengur plastaðar svo það er hægt að kíkja í þær, lesa til dæmis nokkur ljóð hér við þjóðarleikvanginn. Við brýnum þó fyrir fólki að spritta hendur við innganginn og nota andlitsgrímu,“ segir Bryndís.

Bókamarkaðurinn verður opinn alla daga frá 10-21.



Mikið úrval er af bókum fyrir yngstu kynslóðina.



Nú er rétti tíminn til að sækja sér gott lesefni.

Myndlist á Íslandi

Kynningar:
Gallerí Fold
Gallerið
Brimarsbrú
Gallerí List

FIMMTUDAGUR 25. FEBRÚAR 2021



Jóhann Ágúst Hansen segir sölu á listaverkum hafa aukist á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eftirspurn eftir listaverkum hefur aukist undanfarið ár

Hjá Fold er tvískiptur rekstur, annars vegar er það Fold uppboðshús og hins vegar Gallerí Fold þar sem reglulega eru haldnar listsýningar. Þessa dagana stendur yfir perluuppboð á íslenskum gæðaverkum. Reksturinn gengur vel þrátt fyrir COVID-19 og sala á listaverkum hefur aukist. ➔2

Framhald af forsiðu →

Fold hefur, eins og önnur fyrir-tæki, þurft að aðlaga rekstur sinn að breyttum aðstæðum vegna samkomutakmarkana. Þau uppboð sem venjulega fara fram í sal fara núna fram á netinu og eins hefur opnunum á sýningum verið streymt þar sem þær hafa ekki verið með venjulegum hætti.

„Við höfum að vísu verið með netuppboð frá árinu 2011. En núna hafa þessi stóru finu uppboð sem venjulega fara fram í sal líka færst á netið. Það er hægt að skoða öll uppboðin okkar á netinu á síðunni uppboð.is,“ segir Jóhann Ágúst Hansen, framkvæmdastjóri hjá Fold.

Jóhann segir að vefuppboðin standi yfirleitt í tíu daga. Nýtt uppboð hefst í hverri viku, stundum fleiri en eitt, en eins og er eru tvö uppboð í gangi. Auk vefuppboðanna eru venjulega haldin fjögur til sex hefðbundin uppboð á ári en Jóhann segir að líklega verði engin slík haldin á þessu ári fyrr en í haust út af takmörkunum.

„Uppboðin eru af misjöfnum toga. Við erum með myndlistaruppboð, uppboð á grafíkverkum, uppboð á keramik og postulínshlutum, eins og frá Royal Copenhagen, og þess háttar. Við erum líka með skartgripauppbod og bókauppboð eru haldin reglulega. Þannig að þetta eru mismunandi tegundir uppboða þótt myndlistin sé alltaf í aðalhlutverki,“ útskýrir Jóhann.

Sérstæð verk á perluuppboði

Þessa dagana stendur yfir sérstakt perluuppboð, en það er uppboð á íslenskum gæðaverkum. Perluuppboðinu lýkur 3. mars en það er fyrsta perluuppboð ársins í Fold uppboðshúsi. Þrátt fyrir að uppboðið fari fram á netinu, en ekki í sal eins og venjulega, verður engu að síður öll þjónusta við viðskiptavini með sama hætti og á hefðbundnum uppboðum.


„Verkin eru sýnd í galleríinu en í lengri tíma en vanalegt er og verður opið alla daga fram að uppboðinu. Starfsfólk gallerísins svarar í síma meðan á uppboðinu stendur og veitir tæknilega aðstoð, auk þess sem hægt verður að bjóða í gegnum síma eins og á hefðbundnum uppboðum,“ útskýrir Jóhann.

Gefin hefur verið út uppboðs-skrá á pappir en einnig má nálgast skrána á vef uppboðshússins, uppboð.is. En perluuppboðið er vefuppboð númer 528.

„Fyrsta verkið verður slegið klukkan sjö og svo koll af kolli. Mörg sérstæð verk verða boðin upp, meðal annars þrjár skúlptúrar sem allir mega vera úti jafnt sem inni. Fyrst ber að nefna hið kunna verk „Fótboltamenn“ eftir Sigurjón Ólafsson. Bronsskúlptúrin gerði Sigurjón upphaflega árið 1936 og stendur stækkuð gerð hans á Faxatorgi á Akranesi. Sá sem nú verður boðinn upp er einn af sex sem gerðir voru og seldir til stuðnings Listasafni Sigurjóns Ólafssonar árið 1991. Þá verður boðinn upp gosbrunnur af hafmeyju eftir Guðmund Einarsson frá Miðdal og hangandi skúlptúr eftir Hallstein Sigurðsson. Þá má nefna glerverk eftir Leif Breiðfjörð,“ segir Jóhann.

Jóhann segir að einnig sé á uppboðinu nokkuð af verkum eftir íslenska naivistu. Má þar nefna verk eftir Gunnar Guðmundsson frá Hofi, en um hann er fjallað í bókinni Einfarar í íslenskri myndlist.

„Mynd eftir Gunnar hefur aldrei áður ratað á uppboð hjá Fold og því er um einstakt tækifæri að ræða. Þá verða boðin upp verk eftir Stefán Jónsson frá Möðrudal, Stórval, meðal annars af Herðubreið og skemmtileg mynd eftir Eggert Magnússon,“ segir Jóhann.



Þessa dagana fer fram á netinu uppboð á íslenskum gæðaverkum.

„Af verkum gömlu meistaranna má nefna gullfállega mynd af Snæfelli eftir Kristínu Jónsdóttur, myndir af sjómönnum eftir Gunnlaug Blöndal og Gunnlaug Scheving, olíuverk og teikningar eftir Jóhannes Kjarval, olíuverk eftir Jón Stefánsson, Finn Jónsson og Þórarinn B. Þorláksson og skemmtilega olíumynd af þvottakonu eftir Jóhann Briem,“ bætir hann við.

„Það verða einnig tvær myndir boðnar upp eftir Braga Ásgeirsson. Ein þeirra er einkar sviphrein mynd með fundnum hlutum. Þá

verða boðin upp olíuverk eftir Karl Kvaran, Louísa Matthíasdóttur, Kjartan Guðjónsson, Kristján Davíðsson, Eirík Smith og Júlíönu Sveinsdóttur. Þá verður boðin upp gullfálleg vatnslitamynd eftir Karólínu Lárusdóttur, teikning eftir Birgi Andrésson sem og teikning eftir hann með ljósmynd eftir Magnús Jónsson sem saman mynda eitt verk. Af verkum yngri kynslóðar listamanna má nefna verk eftir Þorra Hringsson, Línu Rut Vilberg, Daða Guðbjörns-son, Sossu, Þorstein Helgason og ýmsa fleiri.“

“Við höfum haldið okkar dampi og opnað allar sýningar sem hafa verið á áætlun þrátt fyrir ástandið í þjóðfélaginu.”

Ellefu einkasýningar á árinu

Auk þess að vera uppboðshús er Fold einnig hefðbundið gallerí þar sem reglulega eru opnaðar nýjar sýningar.

„Í galleríhlutanum erum við með verk 40 listamanna sem vinna í mismunandi efni. Málverk og myndir eru fyrirferðarmestar en nokkrir eru þó að vinna með skúlptúra og textíl. Á árinu verðum við með ellefu einkasýningar. Það er því næstum ein ný einkasýning mánaðarlega. Við höfum haldið dampi og opnað allar sýningar sem hafa verið á áætlun þrátt fyrir ástandið í þjóðfélaginu,“ segir Jóhann.

Hann segir að listamennirnir hjá Fold séu nokkuð fjölbreyttir. Flestir eru þeir íslenskir en þeir eru þó búsettir víða um heim.

„Þetta eru allt starfandi listamenn bæði hér á landi og erlendis. Þeir sem sýna hjá okkur á þessu ári eru búsettir í Bretlandi, Danmörku, Austurríki og auðvitað á Íslandi. Listamennirnir vinna sem sagt úti um allan heim en sýna hér á landi hjá okkur í ár,“ segir Jóhann. „Auk íslenskra listamanna þá

störfum við með bæði færeyskum, dönskum, bandarískum og breskum listamönnum sem við seljum verk fyrir. Uppistaðan eru samt íslenskir listamenn og á uppboðsmarkaðnum erum við nær eingöngu með íslenska listamenn. Það markast af því að besta verðið fæst yfirleitt fyrir verk listamanna á þeim heimamarkaði sem hann starfar. Dönsk listaverk seljast betur í Danmörku en á Íslandi og íslensk listaverk seljast betur á Íslandi en í Danmörku.“

Sala listaverka aukist

Jóhann segir að sala á listaverkum sé mjög góð þessa dagana og að árið 2020 hafi verið með stærri árum í uppboðssölu listaverka.

„Verð á listaverkum hefur líka hækkað töluvert. Við höfum fengið mjög mikið af góðum verkum í sölu sem auðvitað skiptir máli. Það virðist vera bæði nóg framboð og töluvert eftirspurn eftir verkum. Við erum í rauninni með biðlista eftir ákveðnum tegundum verka,“ segir Jóhann.

Hann segir að aukinn áhugi skýrist að einhverju leyti af því að fólk er meira heima við af augljósum ástæðum.

„Fólk fer þá að hugsa meira um hvað það hefur inni á heimilinu og hvers það vill njóta. Þar af leiðandi leitar það eftir listaverkum til að prýða sín heimili. Það er ein orsök þess að verkin hafa farið á hærra verði á síðasta ári en árið áður.“

Starfsemi Foldar er í 600 fm húsnæði við Rauðarárstíg og hefur yfir fimm sýningarsölum að ráða. Þar er ávallt gott úrval fjölbreyttra verka til sölu, bæði á uppboðum og í beinni sölu.

Hjá Gallerí Fold er gríðarlegt úrval af íslenskri myndlist sem seld er bæði á uppboðum og í beinni sölu.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR

Ennþá meira úrval af listavörum



Listverslun.is



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Kraftur og metnaður í Galleríinu

Í Galleríinu eru verk eftir 24 listamenn sem starfa með ólíka listmiðla. Þar eru bæði þekktir listamenn og upprennandi og verkin því afar fjölbreytt.

Myndlistarmennirnir Gunnella Ólafsdóttir og Laufey Jensdóttir eru forsvarsmenn Gallerísins sem hóf rekstur sinn að Skólavörðustíg 20 í júní 2019. Þær stofnuðu Galleríið með það að leiðarljósi að koma listsköpun sinni og annarra á framfæri. Auk þeirra koma myndlistarmennirnir Árný Björk Birgisdóttir, Erna Jónsdóttir, Kristjana S. Williams, Margrét Erla Júlíusdóttir og Vilborg Gunnlaugsdóttir að rekstri Gallerísins.

Húmor og fjölbreytileiki

Gunnella útskrifaðist frá Myndlista- og handíðaskólanum árið 1987. Hún er löngu orðin þekkt fyrir figúratíf olíumálverk sín sem einkennast af húmor með tilvisun í íslenska staðhætti og menningu.

Laufey útskrifaðist með BA í myndlist frá Listaháskóla Íslands árið 2002. Sem myndlistarmaður hefur hún tileinkað sér að vinna með ólíka listmiðla. Því einkennast verk hennar af fjölbreytileika

og gjarnan togstreitu á milli miðlanna.

Þær stöllu kynntust í gegnum samstarf í Grósku, félagi myndlistarmanna í Garðabæ, en þær voru báðar í hópi þeirra sem stofnuðu félagið.

Úrval verka í ólíkum miðlum

Hugmyndin að Galleríinu kviknaði þegar þeim bauðst óvænt húsnæðið en þær sáu fyrir sér að það gæti hentað vel undir gallerírekstur. Hjólin snerust hratt og innan tveggja mánaða opnuðu þær dyrnar að Galleríinu í samstarfi við tvo aðra listamenn. Fljótlega bættust fleiri í hópinn og er þar nú að finna verk eftir 24 ólíka myndlistarmenn. Frá upphafi hefur verið lagður metnaður í að velja af fagmennsku listamennina sem selja verk sín í Galleríinu og gætt að því að hver þeirra búi yfir sinni sérstöðu. Þannig býður Galleríið upp á úrval listaverka unnin í ólíkum miðlum, svo sem olíuverk, vatnslitaverk,



Það er mikil upplifun að heimsækja Galleríið á Skólavörðustíg þar sem hægt er að skoða og festa kaup á verkum eftir fjölda ólíkra listamanna.



Laufey Jensdóttir og Gunnella Ólafsdóttir segja samstarfið milli ólíkra listamanna hafa verið afar lærdómsríkt.

FRÉTTABLAÐIÐ/
EYÞÓR

ljósmyndaverk, skulptúra og hönnun.

Myndlistarmenn Gallerísins hafa margir hverjir starfað í áraradír í myndlistinni og vakið athygli hver á sinu sviði en auk þess hafa áhugaverðir ungir myndlistarmenn fengið þar tækifæri til að blómstra í sinni sköpun. Slíkt samstarf hefur reynst lærdómsríkt fyrir báða aðila og verður því haldið áfram.

Fyrir utan fyrrnefnda myndlistarmenn hafa eftirfarandi einnig verið valdir inn í Galleríið; Charlotta María Hauksdóttir, Harry Bilson, Henrik Chadwick

Hlynsson, Inga Torfadóttir, Íris Auður Jónsdóttir, Jón Baldur Hlíðberg, Jón Þorsteinsson, Karl Jóhann Jónsson, Kolbrún Friðriksdóttir, Kristín Hálfánardóttir, Ólöf Einarsdóttir, Óskar Thorarensen, Sara Vilbergsdóttir, Sigurður Sævar Magnússon, Thomas Fleckenstein, Tinna Royal og Þorgrímur Andri Einarsson.

Örkygningar og uppákomur

Gunnella og Laufey eru þakklátar fyrir að hafa á skómmum tíma tekist að skapa sér orðspor um að Galleríið sé vandað gallerí. Til að vera sýnilegra hefur Galleríið haldið

svokallaðar örkygningar þar sem hægt er að kynna listamönnum Gallerísins og verkum þeirra betur. Fleiri slíkar eru væntanlegar eftir frábærar viðtökur.

Stefnt er að enn frekari uppbyggingu með óvæntum uppákomum innan veggja Gallerísins og víðar. Á haustdögum liggur fyrir að halda stóra samsýningu myndlistarmanna Gallerísins sem þær þora að lofa að eigi eftir að vekja mikla athygli. Þær hvetja alla sem áhuga hafa á listsköpun að fylgjast með framgangi þeirra í hinna sibreytilegu listflóru á komandi misserum með því að heimsækja Galleríið á Skólavörðustíginn eða í netheimum á Facebook og Instagram undir heitinu Galleríið. Þær veita einnig góða ráðgjöf og upplýsingar í síma 862 0240.

Öll sem koma að Galleríinu trú á listina og gildi hennar til góðs og því lita þau björtum augum til framtíðar.



Óviðbúin COVID-skellinum

Freyja Eilíf útskrifaðist frá myndlistardeild Listaháskóla Íslands 2014 og stofnaði sama ár Ekki-sens, nú Skynlistasafnið, sýningarrými sem hún hefur starfrækt í Þingholtunum í Reykjavík.

Eilíf
Albertsdóttir
eilif@frettabladid.is



Freyja Eilíf hefur starfað sem myndlistarmaður frá árinu 2010. Hún segir að í rauninni hafi það aldrei verið ætlun sín að feta þessa braut í lífinu en sköpunarkrafturinn bar aðrar hugmyndir um framtíðina ofurlíði, eins og hún orðar það. „Þessi lífsstíll hentar orkuni minni vel, líka hugsanamynstri ásamt sköpunarþörf, ég leyfi mér að halda að þetta hafa verið fyrirfram ákveðin örlög,“ segir hún.

Þegar Freyja Eilíf er beðin um að lýsa verkum sínum svarar hún: „Stökum verkum mætti lýsa sem púsluspilum úr sameiginlegu landslagi sem ég sækji innblástur í, landslag sem er myndnað, bland af raunheimum, draumheimum, tölvuheimum. Ég hef unnið verk í mjög fjölbreytta miðla, málverk, skulptúra, innsetningar, hljóð, myndbönd, gjörninga, uppákomur, bækur og svo framvegis.“

Freyja Eilíf hefur opnað 22 einkasýningar frá árinu 2010 og tekið þátt í 39 samsýningum. Sumar í smáum galleríum en aðrar í stórum. Samkvæmt heimasíðu hennar hefur hún verið virk í sýningarhaldi víða um Ísland en einn-

Viðbrögð mín voru að fara mjög djúpt inn á við, bæði andlega sem og í eigin listsköpun, og rannsaka feril minn út frá hagkvæmu sjónarmiði.

ig í Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi, Noregi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Eistlandi. Freyja lokaði Ekkisens árið 2019 og opnaði Skynlistasafnið.

Hún segir margt hafa breyst í hennar fagi á tímum COVID. „Já, þetta skaut mér af þeim lestarsteinum sem ég var á fleygiferð á – ef svo má segja. Viðbrögð mín voru að fara mjög djúpt inn á við, bæði andlega sem og í eigin listsköpun. Ég hef verið að rannsaka feril minn að miklu leyti út frá hagkvæmu sjónarmiði, skoða hverju ég þarf að breyta til þess að standa betur fjárhagslega og vera viðbúin því óvænta. Fram til þessa hef ég fjárfest mikið í mínu eigin starfi og unnið sjálfboðavinnu fyrir aðra með rekstri á eigin galleríi og stýringu á samsýningum, sem og skapað listaverk sem eru ekki endilega söluvæn. Ég var mjög óviðbúin svona skelli og ég ætla að



huga betur um öryggisnetið hér eftir. Á þessu ári fór ég til dæmis í slagtog með listamönnum með rekstur á sölurými fyrir okkar eigin myndlistarverk á Skólavörðustíg sem heitir Myrkra- verk,“ segir hún og bætir við að myndlistarmenn séu fjölbreyttir hópur og flestir hafi þurft að taka skell fjárhagslega, misst launuð

vinnuverkefni og sýningartækifæri. Þessi hópur hefur ekki átt inni fullar atvinnuleysisbætur hjá Vinnuálastofnun. „Einhverjir hafa selt meira en nokkru sinni áður, en það er mjög fámennur hópur miðað við heildina.“

Margir myndlistarmenn hafa reynt að selja verkin sín í gegnum netið og Freyja Eilíf gerði það

Freyja Eilíf segist hafa verið í fámennri en góðmennri vinafléttu listamanna sem reglulega senda hver öðrum kærleiksrika áminningu í gegnum netið.

MYND/ADSEND

tímabundið á heimasíðu sinni, freyjaeilif.com.

Þegar hún er spurð um opinbera styrki, svarar hún: „Það var deilt út sérstökum styrkjum í fyrrasumar og ég var ein af þeim lánsömu sem hlutu slíkan styrk. Hann er að sjálfsögðu búinn núna. Það mætti endurtaka leikinn, því ekki hefur atvinnulandslagið batnað og eflaust farið að syrtu í álinn og þyngjast róðurinn hjá ansi mörgum.“


Freyja Eilíf segist hafa verið í fámennri en góðmennri vinafléttu listamanna sem reglulega senda hver öðrum kærleiksrika áminningu í gegnum netið. „Það hefur stundum bjargað lífinu mínu á þeim degi. Eitthvað á þessa leið í grunninn: „Ég elska þig / Ég kann að meta þig, það sem þú gerir og allt sem þú hefur gefið og munt gefa af þér / Ég er þakklát/ur fyrir vinaátta okkar / Ég hef trú á þér.“ Ég sé hins vegar fyrir mér farsælar opnanir á sýningum sem ég opna á þessu ári, ný kynni við áhugasama kaupendur á verkum, boð um að sýna í stærri sýningarsölum á næsta ári, vel launað starf og ný atvinnutækifæri, líkamlega og andlega heilsurækt í hámarki og svo sé ég mig fyrir mér komast í gegnum þessa dyragætt sem listamaður á miðjum ferli stendur í og á meðan læri ég líka að standa á höndum.“

Nýir tímar fyrir listunnendur.

Tímasparnaður • Þægindi • Íslensk list

Við höfum ástríðu fyrir því sem við gerum.
Apollo art er að breyta því hvernig listaverk eru skoðuð, keypt og seld.
Við gefum listamanninum rödd til að koma sér og sinni list á framfæri svo þú eigir auðveldara með að finna listaverk sem hreyfir við þér.

Hvar sem er, hvenær sem er – allt á sama stað.



Uppgötvaðu þúsundir listaverka frá yfir 100 listamönnum

www.apolloart.is



apollo art
Stafræn listasýning

Sækir kraft og innblástur úr sjónum

Siglfirska lista- og leikkonan Dagný Harðardóttir segir æskuslóðirnar hafa haft mikil áhrif á sína listsköpun. Dagný fæst meðal annars við gjörninga í sinni sköpun og notar líkaman til að mála.

Hjördís Erna
Þorgeirsdóttir
hjordiserne@frettabladid.is



Dagný er óstöðvandi þegar kemur að því að láta drauma sína rætast. „Ég myndi lýsa mér sem sæljóna-könguló sem geri alla mína dagdrauma að veruleika og læt ekkert stoppa mína innri þrá og stefnu. Ævintýri og óvæntar uppkomur eru lykill að minni lífsgleði.“

Æskuslóðirnar áhrifamiklar

Dagný fæst aðallega við gjörninga og tilraunir og segir innblásturinn koma víða. „Hann getur jafn mikið komið frá ró og næði með fyrsta kaffibolla dagsins og þegar ég er umvafin lífi og fjöri almúgans.“

Hún segir sköpunarkraftinn hafa fylgt sér alla tíð. „Frá upphafi æsku minnar hefur list og sköpun verið mér innan handar. Ég hef vitað að sköpun listar sé það sem hjartað mitt brennur fyrir síðan ég var unglamb.“

Dagný ólst upp á Siglufirði en óhætt er að fullyrða að umhverfið hafi haft umtalsverð áhrif á hana og hennar sköpun. „Áhrifin sem ég græddi frá Siglufirði í listrænni sköpun eru náttúru- og frelsis-tengd. Siglufjörður er svokallaður sjávarbær, fiskar og sjávarfang koma sterkt inn í þróun verka sem ég útfæri.“



Dagný Harðardóttir segist ekki ákveða fyrirfram hvað hún ætli að mála með líkamanum. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

„Sjórinn sýndi mér að ekkert stoppar mig og það gefur mér þvilíkan innblástur til sköpunar.“

Hvers vegna er sjórinn svona áhrifaríkur og fyrirferðarmikill í þinni listsköpun?

„Ég á atvik úr barnæsku þar sem sjórinn stal næstum ljósinu mínu og eftir það hef ég elskað allt sem við hann kemur. Sjórinn sýndi mér að ekkert stoppar mig og það gefur mér þvilíkan innblástur til sköpunar. Sá innblástur birtist mér í þori, litum og náttúruþyrð.“

Eitt af því sem Dagný gerir er að mála með líkamanum. Blaðakona spyr Dagnýju hvernig sú athöfn fari fram.

„Hvernig málar maður með líkamanum?! Ég er mjög tengd líkama mínum og athugul um getu hans. Og þegar ég mála með honum hlusta ég á hvar orkuflæðið stendur sem mest og nota þann líkamspart með dans og orkuflæði og útfæri jafnóðum á strigann, en ákveð ekki fyrirfram hvað ég ætla að mála.“

Hvað er það sem heillar þig við að mála með líkamanum?

„Þessi aðferð nær til mín á allan hátt, mér þykir hún skemmtileg og hún heillar mig með óvæntum útkomum.“



LUMAR ÞÚ Á GULLMOLA?

Við leitum að málverkum fyrir fjársterka aðila

Þeir listamenn sem koma til greina eru Jóhannes S. Kjarval, Þórarinn B. Þorláksson, Jón Stefánsson, Svavar Guðnason, Jóhann Briem, Alfreð Flóki, Þorvaldur Skúlason, Karl Kvaran og Kristján Davíðsson.

Áhugasamir geta haft samband við

Jóhann Ágúst Hansen, sími 8450450, netfang hansen@myndlist.is

Sólveig Vilhjálmsdóttir, sími 6162530, netfang solveig@myndlist.is

WINSOR & NEWTON



The World's Finest Artists' Materials

- Olíulitir
- Vatnslitir
- Akryllitir
- Penslar
- Blek
- Teikniblokkir
- Skissubækur
- Blindrammar

PENNINN

Eymundsson



Framúrskarandi
fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúta 4
Atlabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Vönduð og falleg fjölskyldubók um einstakan listamann

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is



Margrét, sem hér er með börnin sín tvö, lætur ágóðann renna til góðgerðamála. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Föndurlist
Vaxandi

Myndlistarvörur í miklu úrvali!

Rússneskir Olíulitir og Vatnslitir
Pólskir Vatnslitir
Litháen - úrval af pappír

Föndurlist - Strandgötu 75, 220 Hafnarfirði
s. 553 1800 - www.fondurlist.is

LISTASAFN ÁRNESINGA 6. febrúar - 23. maí 2021



тройка
Kristján Steingrímur
Pétur Magnússon
& Tumi Magnússon

Rófurass
Bjargey Ólafsdóttir

Sýningarstjóri
Jonatan Habib Engqvist

Safnið er opið alla daga nema mánudaga frá 12 -17, ókeypis aðgangur
sjá nánar á www.listasafnarnesinga.is

Teikningin er henni alltaf hjartkærust

Margrét Eddudóttir segir myndlistina hafa hjálpað sér að vinna sig gegnum áföll. Nýlega sýndi hún hjá Gallerí Fold en ágóði af sölu eftirprentana rennur til góðgerðarmála.

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Margrét útskrifaðist úr Myndlistardeild LHÍ árið 2010. Ári eftir það hélt hún eina einkasýningu og tók þátt í nokkrum samsýningum en árið 2012 flutti hún ásamt fjölskyldunni til Tókýó og ferðaðist um heiminn næstu þrjú árin.

„Á þessum tíma þurfti ég að aðlaga myndlist mína að þessum kringumstæðum. Ég var með dóttur mína allan sólarhringinn og var ekki með vinnustofu. List mín þurfti því að vera vistvæn innan um eigur annarra. Það leiddi til þess að ég vann töluvert með ljósmyndir sem ég afbakaði og vann með í Photoshop,“ segir Margrét.

Undanfarin fimm ár hefur fjölskyldan svo búið í San Francisco en þau fluttu heim í sumar vegna faraldursins.

„Myndlist mín er það eina sem ég hef tiltölulega mikla stjórn á í lífinu. Hún er það eina sem stendur og situr með mér og stundum í mér. Ég held að mjög lengi hafi hún hjálpað mér að vinna í gegnum áföll og að tengjast fólki,“ útskýrir Margrét.

„Fyrir þremur árum hóf ég eitt-hvert undarlegasta og torfarnasta ferðalag sem ég hef lagt í sem snýr að tilfinningum mínum og öllum þeim varnarmúrum sem hafa hlaðist í kringum mig vegna hinna og þessara áfalla í gegnum tíðina. En ferðalagið byrjaði á því að ég hlustaði á mann sem talaði um að

Myndlistin er það eina sem ég hef tiltölulega mikla stjórn á í lífinu. Hún er það eina sem stendur og situr með mér og stundum í mér.

Margrét Eddudóttir

lækna tilfinningaleg sár.“

Margrét segir að í fyrstu hafi hún haldið að þetta væri einhver þvæla en eftir að hún hlustaði á fyrir-lestra mannsins, sem heitir Artie Wu, varð hún ekki söm.

„Þetta var stórundarlegt. Í smá tíma hætti ég að upplifa sjálfa mig sem ekki nóg. Raddirnar sem stjórnðu tilfinningalífi mínu til þessa þögnuðu og ég kom betur fram við sjálfa mig og þar af leiðandi fólkið mitt. Ég nágaðist myndlistina öðruvísi. Ég vildi ekki vera sniðug eða myndin eða djúp. Ég strípaði allt niður þar til ekkert var eftir nema einhvers konar pulsa. Ég teiknaði pulsu eftir pulsu með mjúkum þurr-pastel-litum og leiraði þær í polymer-leir. Tilfinninga-pulsur. Þær voru mjúkar, hlýjar, kvenlægar, jónískar og sögðu allt sem segja þurfti,“ útskýrir Margrét.

Á sama tíma fór Margrét að gera tilraunir með textil og heillaðist af textilheiminum. Að hluta til vegna þess að hann tengist hugmyndafræðilega mörgum af hennar

femínísku hugleiðingum en að stórum hluta vegna þess að henni fannst textilmennningin svo falleg.

„Áður en ég vissi voru myndirnar farnar að komast á nýtt flækjustig og textilverkin orðin stór og sum unnin með flosbyssu og þessi stóíska ró sem ég fann við fyrstu pulsuna var farin og yfirtók mig þess í stað blússandi dans,“ segir Margrét.

Hún segir að teikningin sé henni þó alltaf hjartkærust og það sem haldi henni á floti flesta daga. Hún er með tourette og komst að því nýverið að þegar hún teiknar er hún ekki með kækki.

„Ég geri alls konar hljóð og hreyfikæki. Finnst ég ídulega vera að flækjast í fólki ef það labbar í kringum mig og þarf að gera alls konar óútskýranlegar kúnstir til þess að heimurinn hreinlega farist ekki. Yfirleitt tekst mér að bæla þetta niður ef ég er ekki afslöppuð í kringum fólk, maðurinn minn hlær þegar ég held þessu fram og er ekki alveg sammála, en um leið og ég fer að slaka aðeins á þá koma kækirnir fram,“ segir Margrét.

„Mér finnst vera heimikil tónlist í kækjunum og þessa tónlist sé ég í verkunum líka. Svölitið svona kvíss bóm rat tat tat bamm, TVIST. Eitthvert verður þessi tónlist að fara.“

Í haust sýndi Margrét tilfinningaverkin hjá Gallerí Fold sem henni fannst mjög gaman, þrátt fyrir faraldursástand.

„Núna er hægt að næla sér í eftirprentanir hjá Fold af þurrpastel-verkunum. Allur minn ágóði af þeim rennur til góðgerðarmála og sömuleiðis ætlar Fold að gefa til góðgerðarmála.“

Hafnarborg

Sýningar
Hafnarfjörður
Verk úr safneign
Stendur til 7. mars

Það sem fyrir augu ber
Gunnar Hjaltason
Stendur til 21. mars

Á döfinni:
Hádegistónleikar
Þóra Einarsdóttir
Þriðjudag 2. mars, kl. 12

Fjölskyldusmiðja
Prentað, stimplað, þrykkt
Laugardag 6. mars, kl. 14–16


Leiðsögn sýningarstjóra
um sýninguna Hafnarfjörð
Sunnudag 14. mars, kl. 14

Sýningaropnun:
Töfrafundur
Libia Castro og Ólafur Ólafsson
Laugardag 20. mars

**Menningar- og lista-
miðstöð Hafnarfjarðar**

Opið kl. 12–17
Lokað á þriðjudögum
Ókeypis aðgangur

Strandgata 34
220 Hafnarfjörður
www.hafnarborg.is



Nýflutt til Íslands þegar allt lokaðist

Ástríður Jósefína Ólafsdóttir myndlistarkona er alin upp í Bologna á Ítalíu. Hún býr nú í fyrsta sinn á Íslandi og von bráðar verður hennar fyrsta sýning hennar opnuð í Máli og menningu.

Brynhildur
Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Þabbi minn var óperusöngvari og ég er fædd á Íslandi en flutti út með fjölskyldunni þegar ég var þínulítill og bjó fyrst í Þýskalandi í fimm ár og svo í Bologna á Ítalíu í 25 ár,“ segir Ástríður. „Svo ég er ítölsk í mér en líka íslensk. Í Bologna fór ég í lista-háskóla, lauk prófi þaðan 2013 og fór svo aftur í MA-nám og prófaði gegnum skólann að sýna á ýmsum stöðum. En svo fann ég að mig langaði að prófa að búa á Íslandi svo ég flutti til Íslands í fyrsta og það var í fyrsta sinn sem ég hef búið hér.“

Ástríður rétt náði til Íslands áður en COVID-19 skall á Ítalíu í fyrsta og faraldurinn hefur líka sett svip sinn á líf hennar hér. „Þetta hefur verið mjög skrítið, ég er nýflutt og rétt byrjuð að kynna fólk og venjast umhverfinu á Íslandi og þá var öllu bara lokað hér líka. En það hafði sína kosti, ég málaði frekar mikið á þessu tímabili og þess vegna er ég komin með fullt af listaverkum sem ég ætla að sýna í Máli og menningu sem verður opnuð í byrjun mars.“

Listaverkin eru olíumálverk, syrpa verka sem hún kallar „Panneggio“ sem er orðið fyrir aðferðina sem málameistarar eins og Leonardo da Vinci og Michelangelo notuðu í gamla daga til að mála efni og fellingar og brot í efni, kjóla og veggtjöld. Ástríður sækir innblástur í sirkuslistir og einkum þó silki. „Ég var að æfa sirkustækni í silki þar sem þú ert með tvær slæður sem eru fastar við loftið og leikur í þeim alls konar listir með líkamanum,“ segir hún og bætir við: „Ég hef mikið verið að skoða hvernig líkaminn talar við og aðlagast umhverfinu og því sem er í kringum hann og þetta byrjaði í raun og veru sem tilraun til að



Ástríður Jósefína Ólafsdóttir myndlistarkona. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Oft sér fólk listina sem hálfgerð hobbí, sérstaklega á Ítalíu, en það verður að taka hana alvarlega ef markmiðið er að fara alla leið, vera í þessu af lífi og sál.

kanna hvernig líkaminn talaði við þessar slæður. En svo þróaðist hugmyndin, fyrst var ég að mála líkamann í samhengi við slæðurnar en svo hvarf líkaminn og slæðurnar voru einar eftir. Ég er mest núna að leika mér að silkinu sjálfu, nota ljós og bý til skúlptúra úr efninu eins og það sé leir og mála svo mynd af því. Þess vegna kalla ég sýninguna „Panneggio“ því ég er í rauninni að skoða fellingarnar en það er ekkert undir efninu svo þetta er eiginlega svaltíð abstrakt.“

Ástríði liður vel á Íslandi en hún neitar því ekki að Ítalía eigi líka sterk ítök í henni. Hún talar íslenskuna mjög vel miðað við að hafa ekki búið hér nema í eitt ár. „Mig langar að ná að tala þannig að það heyrst ekkert að ég sé ekki alin hér upp. En ég á marga vini á Ítalíu og bræður mínir búa þar svo ég verð örugglega mikið þar líka. Það er gaman að geta búið á tveimur stöðum.“ Og myndlistin á hug hennar allan. „Oft sér fólk listina sem hálfgerð hobbí, sérstaklega á Ítalíu, en það verður að taka hana alvarlega ef markmiðið er að fara alla leið, vera í þessu af lífi og sál. Og ég held að það sé meira svigrúm til að gera það á Íslandi en Ítalíu,“ segir listakonan að lokum.

Hægt er að fylgjast með Ástríði á astridurart.com og @astridurart á Instagram.

Listagisting í einstöku galleríi

Gisting í galleríinu Brimarsbrú í Reykjanesbæ er einstök upplifun fyrir unnendur myndlistar. Galleríið er óvenjulegt fyrir margra hluta sakir, þar gefst almenningi kostur á að dvelja yfir nótt.

Í Reykjanesbæ, nánar tiltekið í Innri-Njarðvík, er Gallerí Brimarsbrú í minningu myndlistarmannsins Jóns Stefáns Brimars Sigurjónssonar, eða Brimars, sem lést aðeins 52 ára árið 1980. Brimar var óvenjulegur en magnaður listamaður sem starfaði sem húsamálari á Dalvík en málaði einnig einstök listaverk.

Galleríið er óvenjulegt fyrir margra hluta sakir en þar gefst almenningi kostur á að dvelja yfir nótt á dýnum á gólfinu og virða fyrir sér verk listamannsins sem prýða alla vegg og loft. Þá smíðaði listamaðurinn einnig ramma utan um nokkur verkanna sem eru sannkölluð listasmíð. „Brimar bjó alla sína tíð á Dalvík og eru mörg hundruð listaverk eftir hann í einkaeign um land allt. Einnig eru um 100 verk í eigu Dalvíkurbyggðar,“ segir Ragnar Þ. Þóroddsson, frændi listamannsins og umsjónarmaður gistigallerisins sem nýtur mikilla vinsælda meðal erlendra ferðamanna enda einstök upplifun að gista þar.

Málverkin eru hreint mögnuð og viðbrögð gesta eru yfirleitt upphrópanir á borð við OMG eða Vá.

MYNDIR/ADSENDAR



„Það fer enginn ósnortinn aftur heim því þessi málverk eru hreint mögnuð og viðbrögð gesta er ég opna dyrnar og dýrðin blasir við eru yfirleitt upphrópanir á borð við OMG eða Vá!!!“ Að dvöl lokinni eru gestir leystir út með nokkrum póstkortum af málverkum Brimars og jafnvel eftirprentun í kartonrúllu ef vill. „Einnig fá gestir að heyra nokkrar

magnaðar sögur um Brimar en hann hefur haft samband við mig þrisvar sinnum eftir dauða sinn, nú síðast árið 2015 og er sú saga hve mögnuðust. Gestir geta líka lesið sögunnar í bókinni Demantar Dalvíkur sem liggur frammi í Galleríinu og er til sölu þar.“ Ragnar tekur fram að dvöl í galleríinu sé gestum að kostnaðarlausu en að tekið sé við frjálsum



Galleríið er óvenjulegt fyrir margra hluta sakir en þar gefst almenningi kostur á að dvelja yfir nótt á dýnum á gólfinu og virða fyrir sér verkin.

framlögum fyrir minnismerki sem fyrirhugað er að reisa um listamanninn í hans heimabyggð á Dalvík. „Ég vil að sem flestir geti notið verka Brimars og fólki liður vel eftir dvöl í Brimarsbrú þar sem það öðlast hugarró eftir dagsins önn og nýtur í leiðinni einstakra listaverka sem voru

sköpuð af manni sem lifði á síðustu öld og skildi eftir sig magnaða arfleifð.“

Nánari upplýsingar um Brimar og dvöl á Brimarsbrú veitir Ragnar í síma 6637619, tölvupósti ragnthor@gmail.com.

Gallerí List í Skipholti 50a er elsta starfandi gallerí landsins, en galleríð fagnar 35 ára starfsafmæli á næsta ári.

„Við höfum frá upphafi lagt áherslu á að sýna þverskurðinn í nútímalist á Íslandi, en hjá okkur eru að jafnaði um 60–70 listamenn og úrvalið því fjölbreytt,“ segir Gunnar Helgason, eigandi og framkvæmdastjóri Gallerí List. „Við höfum það að markmiði að sem flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi hjá okkur, hvort sem um smekk eða verð er að ræða. Hjá okkur má meðal annars finna oliuverk, akrýlverk, vatnslitaverk, grafíkverk, keramik og skúlptúra.“

Þegar talið berst að því hvernig markaðurinn sé í dag segir Gunnar að hann hafi virkilega gaman af því að taka á móti þeim aukna fjölda einstaklinga sem sér tækifæri til að fjárfesta í listmunum.

„Sá hópur viðskiptavina hefur stækkað töluvert undanfarið ár,“ segir hann. „Eins og flestir hafa orðið varir við þá hefur þorri manna verið iðinn við framkvæmdir og breytingar heima við og þar hafa kaup á listaverkum ekki verið undanskilin.“

Persónuleg þjónusta og vaxtalaus lán

„Þó svo að sumir listamenn segi að innréttu eigi rými í takt við listaverk þá er það ekki endilega raunin,“ segir Gunnar. „Upplifun mín er sú að margir séu að breyta og bæta heima við og sækja sér persónulega ráðgjöf þegar kemur að því að fjárfesta í listmunum.“

Gunnar segir sérstíðna og persónulega þjónustu vera sérstöðu Gallerí List.

„Við leggjum okkur fram við að koma til móts við þá einstaklinga sem leita til okkar,“ segir hann.

„Við gefum okkur tíma til að skoða hvað hentar hverjum og einum, bæði hvað varðar val á verki og greiðsluleið, en Gallerí List býður viðskiptavinum sínum líka upp á vaxtalaus lán til listaverkakaupa.“

Eigulegar gjafir fyrir alla

Þó að síðasta ár hafi verið ólíkt öðrum og minna hafi verið um veislur og mannamót, þá segir Gunnar bjarta tíma fram undan.

Íslensk list í öndvegi

Í Gallerí List má sjá verk frá fjölda ólíkra listamanna sem gefa þverskurð af nútímalist á Íslandi. Þar geta allir fengið eiguleg listaverk við sitt hæfi.



Gunnar Helgason, eigandi og framkvæmdastjóri Gallerí List, er ánægður með hversu margir einstaklingar kjósa að fjárfesta í myndlist. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Í gegnum tíðina hefur fjöldi fyrirtækja og einstaklinga leitað til okkar í gjafahugleiðingum, það hefur auðvitað verið minna um veislur og mannamót undanfarið en venjulega. En fyrir vikið er upp- söfnuð þörf fyrir slíkt mikil og það

eru margar veislur í kortunum,“ segir Gunnar. „Þá eru gjafirnar frá okkur persónulegar, eigulegar og oft góð fjárfesting til seinni tíma.

Sérhver hlutur sem er keyptur hér til gjafa verður um leið eins konar gjafabréf, því sá sem fær gjöfina getur skipt henni út fyrir hvað sem er í galleríinu og þá er hægt að velja úr verkum mjög margra listamanna. Þannig að enginn situr uppi með verk sem honum ekki líkar,“ bendir Gunnar á að lokum.

Nánari upplýsingar á www.gallerilist.is, www.facebook.com/gallerilist og www.instagram.com/galleri_list/.



Að jafnaði eru verk frá um 60–70 listamönnum í Gallerí List. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Sífelld fleiri kjósa að fjárfesta í listmunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Gallerí List býður upp á persónulega þjónustu og vaxtalaus lán.



Listmunir frá Gallerí List eru persónulegar og eigulegar gjafir og oft góð fjárfesting. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR





Dularfull áletrun í efra vinstra horni Ópsins virðist vera eftir listamanninn sjálfan. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Munch krotaði sjálfur á Ópið

Sérfræðingar á Þjóðminjasafni Noregs hafa komist að þeirri niðurstöðu að dularfull áletrun, sem er falin á hinu fræga málverki Ópinu eftir Edvard Munch, sé eftir listamanninn sjálfan.

Sérfræðingar hafa lengi vitað af áletruninni, sem er í efra vinstra horni málverksins, en ekki þekkt uppruna hennar. Þar stendur „getur bara hafa verið málað af brjáðlingi“. Áletruninni var bætt við einhverjum árum eftir að málverkið var klárað og sumir hafa talið einhvern annan hafa bætt henni við og jafnvel talið hana skemmdarverk.

Sérfræðingar voru að rannsaka áletrunina áður en málverkið færi í sýningu á nýjum stað og notuðu til þess innrauða tækni og handskriftargreiningu. Allt bendir til að Munch sjálfur sé höfundur áletrunarinnar.

Listasagnfræðingar telja að hann gæti hafa skrifað þetta vegna viðbragðanna sem málverkið vakti þegar það var fyrst sýnt árið 1895. Þá fóru miklar getgátur um andlegt heilbrigði listamannsins af stað og sumir sögðu að hann hlyti að vera veikur á geði. Vitað er að þessi gagnrýni fór fyrir brjósti á Munch, en hann var flókin persóna og ástæða áletrunarinnar hefur líklega verið það líka. Andleg veikindi hrjáðu fjölskyldu Munch, en bæði faðir hans og systir voru þunglynd og listamaðurinn var sjálfur lagður inn á sjúkrahús árið 1908 eftir taugaáfall.



Plötuumslag Abbey Road með Bítlnum er eitt þekktasta sinnar tegundar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ódauðleg plötuumslög

Mörg plötuumslög eru ekki síður listaverk en plöturnar sem þau geyma og eru sum þeirra jafnvel orðin að órjúfalegum hluta tónlistarsögunnar. Hvort sem það er ákveðin fjögurra manna hljómsveit á gangbraut, teikning af banana eða smábarn í sundlaug þá er ljóst að þetta einstaka listform getur haft gríðarlega mikil og jafnvel ógleymanleg áhrif á huga fólks. Það kemur kannski ekki á óvart en á lista sem Rolling Stone setti saman yfir bestu plötuumslög tónlistarsögunnar var Velvet Underground & Nico í fyrsta sæti, þar sem sjá mátti banana-teikningu Andy Warhol í allri sinni dýrd, og í öðru sæti voru það auðvitað Abbey Road með Bítlnum.

Dýrslegur kraftur í Listasafninu

Dýrslegur kraftur er sam-sýning Errós og fimmtán annarra listamanna í Listasafni Reykjavíkur. Á sýningunni eru verk Errós frá ýmsum tímum sett í samhengi íslenskrar samtímalistar. Verkin á sýningunni eru fjölbreytt og vísa til og/eða endurspeglar á einn eða annan hátt þá fjölmörgu miðla sem Erró er þekktur fyrir og þann frjóa og kraftmikla hugmyndaheim sem birtist okkur í verkum hans.

Við undirbúning sýningarinnar

varð ljóst að frásögnin, höfundar-einkenni Errós sjálfs, yrði ráðandi þáttur í þeim verkum sem valin yrðu. Þar úir og grúir af táknum og tilvísunum, bæði í listasöguna og sjónmenningu daglegs lífs. Samfélagslegar tengingar eru listamönnunum jafnframt hugleiknar, enda eitt hlutverk myndlistarinnar að kalla á við samtíma sinn og varpa ljósi á hann. Undiralda sýningarinnar er ótáminn sköpunarkraftur þar sem fundið myndmál og frásögn blandast



Verk eftir Erró vekja alltaf mikla athygli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

frumsköpun og tjáningu, eftir því sem sagt er á heimasíðu safnsins, listasafnreykjavikur.is.

Fróðlegt er að rýna í samhengi verka Errós og annarra listamanna á sýningunni. Hann hefur starfað allan sinn feril erlendis og hér má velta fyrir sér áhrifum hans á íslenska myndlist og eins hvort og hvaða áhrif íslensk myndlist og sannur áhugi hans á henni hefur haft á hann.

Sýningin stendur til 30. maí 2021.



List er gjöf sem gleður



GALLERÍ KORPÚLFSSTAÐIR
Icelandic Art Gallery

OPIÐ/OPEN

Miðvikudaga - föstudaga kl. 14-18

Laugardaga kl. 12-16

Wednesday - Friday 14-18

Saturday 12-16

www.gallerikorpulfstadir.com



ES&SY golla með glitter
Fæst í svöru, bláu og ólífugrænu
Stærðir 38-46
Verð kr. 6.980



YESTA shiffonkjóll
Stærðir 44-54,
Verð kr. 18.980




QUE „oversized“ Skyrta
Stærðir 38-52
Verð kr. 27.980



YEST Catelyne Peysukjóll
Stærðir 36-48
Verð kr. 11.980



IVY BELLA Sophie hálfisð skyrta
Stærðir 46-52
Verð kr. 10.980



ZHENZI kjóll
Stærðir 42-56
Verð kr. 12.980



STUDIO shiffonkjóll
Stærðir 40-56
Verð kr. 24.980



YESTA – TessA gallabuxur
Fást líka í svörtu og ljósbláu
Stærðir 44-60
Verð kr. 10.980



YEST - Tess gallabuxur
Fást líka í svörtu og ljósbláu
Stærðir 36-48
Verð kr. 10.980



YESTA Amel kvartermabolur
Fæst líka í Svörtu og navybláu
Stærðir 44-60,
Verð kr. 7.980



Q'NEEL skyrta
Stærðir 38-52
Verð kr. 19.980



NO SECRET stuttermabolur
Stærðir 42-56
Verð kr. 7.980



ES&SY bolur
Stærðir 38-46
Verð kr. 5.980



Hliðartaska með tveimur ólum
Fleiri litir til
Verð kr. 6.990



LASESSOR silkiklútur Múmín
Fleiri litir til Hringur 70x80 cm
Verð kr. 6.990



JANA lakkskór
Fást líka mattir
Stærðir 37-42
Verð kr. 8.990



FESTIVAL nærbuxur
Fást í svörtu og hvítu
Stærðir 38-56
Verð kr. 2.990

Afslappaður stíll og jarðlitir

Diljá Jóhannsdóttir, verslunarstjóri í Collections tiskuvöruversluninni á Hafnartorgi, hefur ávallt verið hugfangin af fötum og hefur ætíð haft mjög sterkar skoðanir á því hverju hún klæðist.

Sjöfn Þórðardóttir
sjofn@torg.is



Diljá er þekkt fyrir sinn afslappaða og stílhreina fatastíl og eftir henni er tekið hvert sem hún fer. Við fengum hana til að lýsa fyrir okkur fatastílnum sínum. „Þeir sem þekja mig eru eflaust flestir farnir að sjá að ég er mjög mikill „sökker“ fyrir kúrekafatnaði, skóm, skyrtum, jökkum, töskum og þess háttar. Þannig að stíllinn minn er svona frekar afslappaður en finn, svo fer það auðvitað eftir tilefnum hvernig ég klæði mig. Þegar ég kem heim eftir vinnu skipti ég alltaf um föt og fer í Polo jogging-galla, mæli klárlega með því að fjárfesta í einum slíkum.“

Þegar kemur að vali fatasníðum er Diljá mjög hrifin af beinum og útvíðum buxum. „Þær eru að koma sterkar inn núna. Viðar peysur og skyrtur eru í miklu uppáhaldi og það sama á við blazera, síðir og víðir heilla og verða móðins í vor.“

Polo Ralph Lauren leðurjakkinn í uppáhaldi
Áttu þér uppáhaldsflík sem þú

“Vortískan verður frekar blönduð. Síðir hversdagskjólar notaðir við gróf ökklastígvél. Buxur eru aðeins að víkka í sniðum, útvítt er ansi áberandi, jakkarnir verða bæði aðsniðnir og víðir. Dragtirnar halda áfram og verða meira hversdagslegar en ekki eins stífar.”

gætir ekki verið án í dag? „Það er hiklaust Polo Ralph Lauren „biker“ leðurjakkinn sem ég keypti mér fyrir nokkrum vikum. Þetta er flík sem þú getur notað við kjóla, buxur, pils og samfestinga.“ Diljá er mikil smekkmanneskja þegar kemur að því að velja fatnað og á sína uppáhaldshönnuði. „Ralph Lauren og hans teymi eru klárlega mínir uppáhaldshönnuðir. Hönnun þeirra er klassísk og timalaus og flíkurnar eldast vel.“



Diljá í fina leðurjakknum frá Ralph Lauren. Hún á sér nokkur uppáhaldsmerki og liti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



SKOÐIÐ
LAXDAL.IS

Fylgið okkur á FB



Skípholti 29b • Sími 551.4422 • www.laxdal.is

Hvaða tiskuvörumerki heillar þig mest?

„Tiskuvörumerkin sem heilla mig mest eru Sand Copenhagen, Polo Ralph Lauren, Hugo Boss, Anine Bing og Gustav.“

Þegar kemur að litavali er ekki endilega svo að Diljá fylgi tiskustraumnum hverju sinni. Hún á sér sína uppáhaldsliti sem henni finnst klæða sig best og finnur sig best í. „Þegar kemur að litavali fell ég alltaf fyrir jarðlitum, ég er ekki mikið fyrir skæra liti en er mjög hrifin af skær/dökkbláum. Uppáhaldslitirnir mínir eru „army“-grænn, kamelbrúnn, rústrauður, en ef það kemur að skærari litum þá vel ég blátt. Svo má ekki gleyma hvítu og svörtu ef liti skal kalla.“

Vorið kallar á síða hverdags-kjóla við gróf ökklastígvél

Hvað getur þú sagt okkur um stefnur og strauma í vortískunni? Bæði hvað varðar liti, snið og form. „Vortískan verður frekar blönduð.

Síðir hversdagskjólar notaðir við gróf ökklastígvél. Buxur eru aðeins að víkka í sniðum, útvítt er ansi áberandi, jakkarnir verða bæði aðsniðnir og víðir. Dragtirnar halda áfram og verða meira hversdagslegar en ekki eins stífar. Það verður mikið um leður (og pleður) í buxum og jökkum, leðurblazerar hafa til dæmis verið frekar vinsælir og halda áfram. Hör í ljósum litum, víðar silkiblússur og -buxur. Töskurnar stórar og áberandi, þó að minni stærðirnar séu alltaf líka praktískar.

Litirnir sem verða mest áberandi eru fölbleikur, ljósblár, ljósbrúnn (khaki), rautt, gult og blátt.“ Vorið mun því bjóða okkur upp á skemmtilega blöndu þar sem afslappaður stíll verður í forgrunni og mildir jarðlitir verða allsráðandi sem hafa róandi áhrif á líkama og sál. Sama er að segja um skóna, afslappaður stíll og þægindi fram yfir glamúrinn og stífleikann. „Hvítu strigaskórnir

halda áfram. Gróf ökklastígvél sem flott er að nota með kjólum, buxum og pilsnum.“

Gefandi að finna draumaflíkina fyrir viðskiptavinum

Það má með sanni segja að Diljá sé í draumastarfinu þar sem ástríða hennar fyrir fatnaði fær að njóta sín. Diljá nýtur sín innan um flíkurnar og að fylgjast með tiskustraumum hverrar árstíðar og hefur gaman af því að klæða sig eftir tilefnum og raða fylgihlutum með sem við eiga hverju sinni. Umfram allt finnst henni skemmtilegast að taka á móti viðskiptavinum sínum og aðstoða þá við að finna sína draumaflík. „Starfið er fjölbreytt, gefandi og skemmtilegt. Ég vinn með frábæru fólki og starfsandinn er virkilega góður, sem mér finnst skipta gríðarlega miklu máli. Og hér fær ástríða mín að blómstra, innan um flíkur sem gefa lífinu lit.“

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Þjónusta

Bókhald

FRAMTALSADSTOÐ - BÓKHALDSPJÓNUSTA

Þjódum einstaklingum framtals-
aðstoð og fyrirtækjum alhliða
bókhalds og uppgjörspjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

Uppl. í síma
8548080/5168080
retta.is
alafur@retta.is



Málarar

REGNBOGALITIR.IS

Málningarþjónusta Við
málum og spórslum hús og
mannvirki innan sem utan. Við
háþrýstipvolum, vatnsverjum og
styrkjum steiningu og sjónsteypu.
Við erum vandvirkir fagmenn með
mikla reynslu. Sími 8919890 eða
malarar@simnet.is

221 Málarar ehf geta bætt við sig
verkum inni. Sími 772 1765

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj.
Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Múrarar

Get bætt við mig flísalögnum og
múrverki, 20 ára reynsla. Uppl. í s.
866 3300

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjódum hagstætt verð í töfluskripti.
Straumblik ehf. Löggiltur
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

HELLULAGNIR

Ásgarðar tekur að sér allar
almennar hellulagnir.

Erum að taka niður pantanir
fyrir sumarið.

Áralöng reynsla vönduð
vinnubrögð

Gerum tilboð að
kostnaðarlausu

Email: hellulogn@gmail.com
S. 898 6085 og S. 848 6564



Keypt & Selt

Óskast keypt

STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér
að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opð mán - fös 11-16,
Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800



Rúnar Múrari ehf
S - 780 - 28 38

Húsaviðgerðir Tröppuviðgerðir
Flotun Lekaviðgerðir Flísalögn
Málningarvinna-Pakmálun o.m.fl.

40 ára reynsla í utanhússviðhaldi.

Við gerum tilboð þér að
kostnaðarlausu.
runarmur@gmail.com

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

Tilkynningar

Einkamál

DEIT.IS
STEFNUMÓTASÍÐA

Finndu félagsskap fyrir framtíðina.
30 daga áskrift kostar aðeins 999 kr.

Íbúðaeignir
Síðumúli 13 - 108 Reykjavík - s: 577 5500 - www.ibudaeignir.is

Háteigsvegur 3, 105 Reykjavík

OPÍÐ HÚS

OPÍÐ HÚS Í DAG FIMMTUDAG MILLI KL. 17:00 - 17:30

www.ibudaeignir.is

Nánari upplýsingar:
Halldór Már Sverrisson,
löggiltur fasteignasali
í síma 898 5599
halldor@ibudaeignir.is

TIL SÖLU

Til sölu falleg 2-3ja herbergja íbúð á
1. hæð á eftirsóttum stað við Háteigsveg 3
í 105 Reykjavík. Sérmerkt bílastæði fylgir
íbúðinni.

Eldhús er opið með fallegri viðar inn-
réttingu, Zanussi keramikhelluborð og
bakaraofn, eldhús og borðstofa er flísa-
lögð. Stofa og herbergi eru með dökku
viðarparketi.

Möguleiki er að breyta skipulagi íbúðar
og að bæta við öðru herbergi.

Mjög góð íbúð á frábærum stað. Íbúðin er
laus við kaupsamning.

Verð: 44.900.000 kr

**ERT ÞÚ KLÁR Í
POTTASUMARIÐ?**

NORMX.IS
Auðbrekku 6 200 Kópavogi Sími: 565-8899
normx@normx.is

Námskeið

Létt og skemmtileg spænskunámskeið

Verða haldin í sal að **Skúlagötu 40** til að geta boðið nemendum uppá að halda fjarlægðamörk vegna
Covid19. Kennarar eru Jakóbína Davíðsdóttir og Carmen Nogales.

Gestakennari með fyrirlestur um Spán og spænska menningu eru Kristinn R. Ólafsson.

Meiri áhersla er lögð á tal og minni á málfræði.

Námskeiðin standa í 4 vikur. Boðið er uppá byrjendanámskeið og framhaldsnámskeið.

Byrjendanámskeið:

Þriðjudaga og fimmtudaga: 8:15 - 9:45

Þriðjudaga og fimmtudaga: 17:30 - 19:00

Framhaldsnámskeið spænska II:

Mánudaga og miðvikudaga: 10:00 - 11:30

Framhaldsnámskeið spænska III:

Mánudaga og miðvikudaga: 13:00 - 14:30

Framhaldsnámskeið IV:

Mánudaga og miðvikudaga: 17:30 - 19:00



Námskeiðin hefjast **1. og 2. mars.**
og **ljúka 25. mars.**

Verð á mann er 35.000 kr.

Upplýsingar í síma 698 5033 eða

spaenskuskolinnhablame@gmail.com

Facebook: Spænskuskólinn Háblame

Instagram: spaenskuskolinn_hablame

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR
ÞARET ÞÚ AÐ KOMA FYRIR TÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?
HAFÐU SAMBAND OG VIÐ
GERUM ÞÉR TILBOÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ ?

Bílsætaviðgerðir-, mótorkjóra og
snjósléðasæti. Húsbílaklæðningar
og öll almenn bólstrun. Við erum
þekktir fyrir fljóta og góða
þjónustu. Skoðið video af vinnslu
á www.hsbolstrun.is

FYRIR **EFTIR**

Formbólstrun
Hamborg 5 Kóp, Hamrabrekumegin S. 544 5750 www.hs@bolstrun.is

EYJALIND Varahlutir í VOLVO
Vinnutæki

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is

TÍMAMÓT



Hjartkæri eiginmaður minn, vinur og félagi, faðir barnanna okkar, tengdafaðir og afi,

Jón Guðlaugsson

skipstjóri,
Birkihólum 10,
Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þann 19. febrúar sl.

f.h. barnanna okkar,
Alda Særós Þórðardóttir



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vinsemi við andlát og útför eigin konu, móður, tengdamóður, dóttur, systur, mágkonu og barnabarns,

Sigríðar Guðmundsdóttir

Siggu okkar,
viðskiptafræðings,
Lækjarvaði 11, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk deildar 11E á Landspítala og Líknardeildar í Kópavogi fyrir einstaklega hlýlegt viðmót og hjálpssemi.

Þeim sem vilja minnast Sigríðar er bent á Minningarsjóð Siggu, reikningur 0331-13-905355, kt.160166-5419 v/gjöf til styrktar Landspítala Íslands. Einnig viljum við þakka þeim innilega sem þegar hafa styrkt sjóðinn

Bjarni Einarsson

Guðmundur Bjarnason
Dagur Bjarnason
Birta Bjarnadóttir

Esther Friðriksdóttir

Guðmundur Egilsson

Hulda Pétursdóttir

Helga Guðmundsdóttir

Jón Gunnlaugur Sævarsson

Fanney Guðmundsdóttir

Svavar Már Gunnarsson

Jóhanna Einarisdóttir

Hilmar Sæmundsson

Sumarliði Gísli Einarsson

Sveinbjörn Einarsson

Sigríður Skarphéðinsdóttir



Björn Kristinsson

rafmagnsverkfræðingur,
professor emeritus,

lést á Droplaugarstöðum þann
22. febrúar. Útför auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Guðrún Hallgrímsdóttir



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og jarðarfara ástkærs eiginmanns, föður, tengdafaðir, bróður, afa og langafa,

Sigurðar Th. Ingvarssonar

frá Ísafirði,
Sléttuvegi 29, Reykjavík,

sem jarðsöngurinn var 12. febrúar. Umhyggja ykkar og hlýhugur hefur verið okkur ómetanlegur stuðningur.

Arndís Ólafsdóttir

Sigríður Brynja Sigurðardóttir

Hilmar Guðmundsson

Ólafur Sigurðsson

Svala Guðmundsdóttir

Anna Ólafía Sigurðardóttir

Stefán Hrafnkelsson

Björk Sigurðardóttir

Sigrún Stella Ingvarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Hallveig Rúnarsdóttir sópran og Camerartica við æfingar í Hörpu þar sem Traversing the Void verður flutt. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

Ferð um tómið í Hörpu

Kammeróperan Traversing the Void verður frumflutt í Hörpu næstkomandi sunnudag. Verkið, sem er íslenskt-ástralskt, er ekki nýtt en hefur ekki verið flutt opinberlega fyrir.

Kammeróperan Traversing the Void, eða Ferðast í gegnum tómið, litur dagsins ljós næstu helgi. Hún verður sett upp með tónleikasniði en verður frumflutt í Norðurljóssal Hörpu á tónleikum Kammermúsíklúbbsins næsta sunnudag.

„Verkið er ekki alveg nýtt, en það hefur aldrei verið flutt áður,“ segir Hildigunnur Rúnarsdóttir, tónskáld og höfundur verksins.

Hildigunnur samdi verkið í samstarfi við áströlsku listakonuna Josephine Truman, sem hún kynntist fyrir tilviljun árið 2010 í Ástralíu. „Ég var að fylgja verki úr hlaði á tónlistarhátið þar sem ég kynntist Josephine sem bauð mér heim til sín,“ segir Hildigunnur. „Við höldum sambandi og einhverju seinna fórum við að spá hvort við gætum gert eitthvað saman. Úr varð þessi ópera.“

Efnistöð Traversing the Void eru í þyngri kantinum en þar er meðal annars fjallað um samband manns og náttúru og áföll af persónulegum og samfélagslegum toga. „Þetta er ansi djúpur texti,“ segir Hildigunnur.

Forskeytið kammer er þýskt og merkir



Hildigunnur Rúnarsdóttir tónskáld.

herbergi og gefur til kynna að flytjendur séu fáir. Kammermúsíklúbburinn á sér langa sögu en hann var lengi vel starfræktur í Bústaðakirkju.

„Klúbburinn var stofnaður af fólki sem fannst vanta vettvang með áherslu á þessa stærð af tónlist,“ segir Hildigunnur. „Það var eiginlega á mörkunum að ég myndi bara kalla verkið kammertónverk, en textinn er það dramatískur að ég gat séð þetta fyrir mér sem óperuupp-



Það var eiginlega á mörkunum að ég myndi bara kalla verkið kammertónverk, en textinn er það dramatískur að ég gat séð þetta fyrir mér sem óperuuppsetningu.

setningu og vona að það verði af því einhvern tímann.“

Flytjendur verksins eru Hallveig Rúnarsdóttir söngkona og kammersveitin Camerartica sér um hljómsveitarpartinn.

„Upprunalega stóð til að Josephine kæmi til Íslands til að flytja verkið, en svo kom vist eitthvert vesen upp sem gerði það eitthvað erfitt,“ segir Hildigunnur og hlær.

arnartomas@frettabladid.is



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, dóttir, systir og mágkona,

Rannveig Þorvaldsdóttir

kennari,
Sogavegi 130A, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans,
20. febrúar. Útförin fer fram frá

Hallgrímskirkju í Reykjavík, mánudaginn 1. mars kl. 13. Streynt verður frá athöfninni á utfor-rannveig.is. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Kraft stuðningsfélag, Krabbameinsfélagið eða Ljósið.

Sverrir Scheving Thorsteinsson

Áslaug, Ingibjörg og Þóra

Þorvaldur Karl Helgason

Ingibjörg Þorvaldsdóttir

Helga Þorvaldsdóttir

Kristinn Þorvaldsson

Þóra Kristinsdóttir

Vilhjálmur Kvaran

Friður Skeggjadóttir Þormar



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Henný Sigríður Guðmundsdóttir

Hjúkrunarheimilinu Sólvangi,

lést mánudaginn 22. febrúar í faðmi sinna nánustu. Útförin fer fram frá

Fossvogskirkju miðvikudaginn 3. mars klukkan 13. Athöfninni verður streymt á: youtu.be/jITZw6tUL6M

Guðmundur H. Guðafsson

Ásmundur Guðafsson

Guðaf J. Guðafsson

Sigurður Guðafsson

Emil Guðafsson

Henný S. Guðafsdóttir

Arni Þ. Guðafsson

Þorbjörg Steins Gestsdóttir

Stefanía Sigfúsdóttir

Elfa B. Hreinsdóttir

Erna J. Erlendsdóttir

Sonja Bent

barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfara- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali



Hjólafesting á bíl

frá 4.995



Viðgerðarkollur

7.495



Viðgerðarbretti

4.895



39.995

Verkfæraskápur á hjólum



99.999

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

frá 795

Mikið úrval af verkfæratöskum



Steðjar í miklu úrvali



Jeppatjakkur 2.25T 52cm

19.995



Hjólattjakkur 2T m/tösku

4.795



Vélagálgi 2T

49.999



Vélastandur 500kg

9.985



AirBrush loftdæla

19.995



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



Vice Multi angle

6.985



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



4.995

Skrallyklar 8-17



6T Búkkar 605mm Par

9.999



frá 1.495

Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



15.995

Ranamyndavél



Mikið úrval af LED kösturum og ljósum



Sandkassagrafa

4.995



Verðmæta-skápar

frá 5.995



Lyklabox í miklu úrvali



Verkfærasett

4.995



Burstasett í borvél

1.995



frá 995

Lím-byssur



Vasaljós og lugtir, yfir 30 gerðir



13.995

Flísaög 80mm



Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm



Fjölsög Höfftech

5.999



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



Útskurðarsett



24.995

Súluborvél 350W



16.995

Metabo KS216 bútsög



14.995

SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:



Listverslun.is

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík



3 | 2
°C | ←

Egilsstaðir



-1 | 2
°C | ↑

Ísafjörður



1 | 3
°C | ↔

Kirkjubæjarkl



4 | 3
°C | ↘

Akureyri



0 | 1
°C | ↑

Hveravellir



-6 | 3
°C | ↑

Hæg norðlæg eða breytileg átt í dag og víða bjartviðri, en sums staðar dálítill rigning eða slydda við sjávarsíðuna. Vaxandi suðaustanátt seinni partinn, 8-15 m/s og fer að rigna S- og V-lands seint um kvöldið og hlýnar.

Föstudagur

Reykjavík



8 | 6
°C | ↑

Egilsstaðir



6 | 3
°C | ↑

Ísafjörður



7 | 5
°C | ↑

Kirkjubæjarkl



8 | 3
°C | ↑

Akureyri



6 | 1
°C | ↘

Hveravellir



3 | 15
°C | ↑

Laugardagur

Reykjavík



8 | 14
°C | ↑

Egilsstaðir



5 | 7
°C | ↑

Ísafjörður



7 | 6
°C | ↑

Kirkjubæjarkl



8 | 13
°C | ↑

Akureyri



8 | 8
°C | ↑

Hveravellir



2 | 17
°C | ↑

LÉTT

5		9	7	8	4
	2	8		6	9
9		5	7		3
1					2
		4	8		9
6		2	5	8	7
4	7	9		1	
6				4	8
1	5				

MIDLUNGS

4	6	2		5	
				1	8
		8	5		
			1	7	9
8	6		9	4	
1	7		3	8	
7	4	2	5		8
	8			3	5
			7	6	

PUNG

5	1	8		2	3
	7	9	1		5
2					1
	6	2			9
		5			
1	4				2
	8	2			1
		2		5	
6	5	3	7		9

Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 stórvirki
- 5 skordýr
- 6 tveir eins
- 8 áhald
- 10 óðagot
- 11 drykkur
- 12 stútur
- 13 rúða
- 15 sætuefni
- 17 róta

LÓDRÉTT

- 1 aukreitís
- 2 óforsjálni
- 3 upptök
- 4 kirnan
- 7 aðeins
- 9 ávöxtur
- 12 viður
- 14 sníkjudýr
- 16 rykkorn

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 áftek, 5 fljú, 6 ee, 8 gatarí, 10 as, 11 gín, 12 túbá, 13 gler, 15 súkkat, 17 skara. LÓDRÉTT: 1 arfangs, 2 flas, 3 rot, 4 kerli, 7 einasta, 9 agurka, 12 tekk, 14 lús, 16 ar.

Skák Gunnar Björnsson

Kofman átti leik gegn Filatov í Kænugarði árið 1962.

1. Rxc6! bxc6 2. Dxe6+ fxe6 3. Bg6# 1-0.

www.skak.is: Nýjustu skákfréttir.

Hvítur á leik



2	3	8	5	6	1	9	7	4
9	4	6	7	2	8	5	3	1
7	5	1	9	3	4	6	2	8
3	1	9	4	5	6	7	8	2
4	7	5	2	8	3	1	9	6
6	8	2	1	7	9	3	4	5
5	9	3	6	4	2	8	1	7
8	6	4	3	1	7	2	5	9
1	2	7	8	9	5	4	6	3

2	9	5	8	1	6	3	4	7
7	1	8	9	4	3	6	2	5
3	4	6	2	7	5	8	9	1
5	7	4	1	8	2	9	3	6
8	6	9	3	5	4	7	1	2
1	2	3	6	9	7	4	5	8
6	5	7	4	2	9	1	8	3
9	3	1	5	6	8	2	7	4
4	8	2	7	3	1	5	6	9

3	9	5	4	1	6	7	2	8
8	4	2	7	9	3	6	1	5
1	6	7	8	2	5	9	3	4
9	2	3	1	7	4	8	5	6
4	8	6	9	5	2	1	7	3
5	7	1	3	6	8	2	4	9
6	5	4	2	8	7	3	9	1
2	1	8	5	3	9	4	6	7
7	3	9	6	4	1	5	8	2

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frade Överli

Geljan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Útboð



Ný útboð í auglýsingu

Knatthús Hauka

Verkið nær til hönnunar á knatthúsi sem er 82,5 á breidd og 120 m á lengd ásamt þjónustubyggingu með búningklefum og tengdum rýmum alls 840 m².

Reiðhöll Sörla – útboð á hönnun

Áætluð brúttóstærð reiðhallar með áhorfendastúku er um 3.185 m² og tengibyggingar verða 860 m². Samtals nýbyggingar 4.045 m².

Nánar á: hafnarfjordur.is



BÍLAR



Kia e-Niro er hreinn rafbill með engan útblástur.

Kia e-Niro bestur í könnun J.D. Power

Kia e-Niro var kosinn besti rafbillinn í árlegri áreiðanleikakönnun bandaríska greiningarfyrirtækisins J.D. Power.

Um 10 þúsund eigendur rafbílanna voru spurðir út í ýmislegt sem viðkemur rafbílum þeirra, m.a. drægni, kostnað og akstursánægju. Kia e-Niro var með hæstu einkunn allra bíla í könnuninni, sem þykir ein virtasta áreiðanleikakönnunin í bilageiranum. Kia Motors var einnig í efsta sæti í áreiðanleikakönnun J.D. Power yfir bílaframleiðendur í magnsölu.

Kia e-Niro er með 64 kWh lithíum rafhlöðu sem skilar drægni upp á alls 455 km í blönduðum akstri og allt að 615 km í borgarakstri samkvæmt mælingum WLTP. Rafmótorinn skilar alls 204 hestöflum og 395 nm í togi og er billinn aðeins 7,8 sekúndur úr kyrrstöðu í 100 km hraða. Rafhláðan er undir farangursrýminu sem myndar lágan þyngdarpunkt og tryggir hámarks stöðugleika. „Þetta er enn ein mikilvæg viðurkenning fyrir Kia e-Niro, sem sýnir enn frekar hversu sterka stöðu Kia hefur náð á rafbílamarkaðnum. Það er ekki auðvelt að vera leiðandi á markaði í rafbílaflokknum þar sem gríðarleg

» Kia e-Niro var með hæstu einkunn allra rafbílanna í könnuninni sem er ein sú virtasta í bilageiranum.

samkeppni ríkir en okkur tókst það samt. Með e-Niro erum við komnir fram með gæðabíl sem hefur engan útblástur. Þetta er góður, skemmtilegur og praktískur bill sem er gaman að keyra,“ segir Jason Jeong, forseti Kia Europe.

Þorgeir Pálsson, sölustjóri Kia hjá Bilaumbodinu Öskju, segir að Kia hafi staðið sig mjög vel í þróun rafbílanna og ætli sér að vera leiðandi þar áfram í nánustu framtíð. Sjö nýir bílar bætast í vörulínu Kia á næstunni og á árinu 2025 verður hægt að velja úr ellefu nýjum rafbílum í ýmsum stærðarflokkum. Kia gerir ráð fyrir að 25% Kia bíla verði rafdrifnir árið 2029 – en hér á landi verður hlutfallið mun hærra og gerist hraðar vegna eftirspurnar markaðarins. „Þetta eru metnaðarfullar áætlanir hjá Kia og þeim ber sannarlega að fagna,“ segir Þorgeir.



Vélarhlifin er áberandi lengri og í stíl við tiskuna eru aðalljósin mjörri.

Nýr Honda HRV kemur seint á árinu

Honda hefur frumsýnt þriðju kynslóð HRV jепplingsins en hann verður einungis fánlegur sem tvinnbíl. Verður hann í boði með e:HEV tvinnkerfinu sem einnig kemur í Honda Jazz.

Líkt og áður er útlit nýs Honda HRV með meira kúpulagi en margir aðrir jепplingar í sama flokki. Kominn er endurhannaður framandi með nýju útliti og grilli. Vélarhlifin er lengri en áður og aðalljósin mjörri. Í stað bensín- og dísilvéla eingöngu er komin e:HEV tvinnbúnaður. Þótt Honda hafi ekki gefið upplýsingar um e:HEV tvinnútfærsluna í HRV er að öllum líkindum um sömu vél að ræða og í Honda Jazz. Sá bíll notar 1,5 lítra bensínvél ásamt tveimur rafmótorum sem skilar samtals 108

» Í stað bensín- og dísilvéla er komin e:HEV tvinnbúnaður eins og í Honda Jazz.

hestöflum. Annar rafmótorinn er tengdur beint við vélna og virkar eins og rafall til að hlada rafhlöðu bílsins. Búast má við að þessi útfærsla verði aflmeiri í HRV. Innanrými er endurhannað og að sögn Honda fer mjög vel um fjóra fullorðna í bilnum. Í HRV verður nú í boði svipuð aftursæti og í Jazz þar sem hægt verður að leggja setu aftursæta upp að bakinu til að skapa betra flutningsrými. Ekkert verður hefur verið gefið út fyrir nýjan HRV en hann er væntanlegur hingað til lands í lok árs.

Mitsubishi-bílamerkið að endurskoða flutning frá Evrópu

Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Mitsubishi gæti verið að skipta um skoðun að flytja sig frá Evrópu með það fyrir augum að einblína frekar á markaði í Norður-Ameríku og Asíu. Samkvæmt frétt í Financial Times er þegar búið að endurskoða áætlunina og verður málið tekið fyrir á stjórnarfundum fyrirtækisins í dag, fimmtudag.

Samkvæmt nýrri áætlun er líklegt að Mitsubishi bílar verði framleiddir í verksmiðjum Renault í Frakklandi. Franska ríkisstjórnin á 15% hlut í Renault, sem aftur á hlut í Mitsubishi, en bent hefur verið á að ráðabruddi tengist tilraunum stjórnvalda í Frakklandi til að vernda störf í greininni. Margir héraðs myndu eflaust taka gleði sína þar sem einn vinsælasti bíll á Íslandi um þessar mundir er Mitsubishi Outlander PHEV. Hérlandis hefur umboðið fengið að standa óhreyft en víða var búið að gera ráðstafanir um að merkið væri á förum.

Mitsubishi Outlander var frumsýndur í nýrri kynslóð í síðustu



Mitsubishi Outlander PHEV er nýbúið að frumsýna erlendis en síðasta kynslóð hans er einn vinsælasti bíll landsins um þessar mundir.

» Hérlandis hefur umboðið fengið að standa óhreyft en víða var búið að gera ráðstafanir um að merkið væri á förum.

viku og átti aðeins að fara á markaði í Ameríku og Asíu. Það kynni nú að breytast ef þessar fréttir eru á rökum reistar. Sá bíll fer í sölu í Norður-Ameríku í apríl og er talsvert mikið breyttur. Útlitsbreytingarnar eru mestar að framan þar sem hann fær demantsskjaldarútlitið nýja með endurhönnuðum fram-

ljósum og breiðari frambrettum. Billinn verður með sjö sæti sem staðalbúnað enda hefur hann stækkað aðeins. Komnir eru tveir upplýsingaskjárir í mælaborð, 9 og 12,3 tommu, auk meiri búnaðar, eins og þráðlausri símahleðslu með Apple CarPlay og Android Auto. Billinn er á nýjum undirvagni og með endurhannaða 2,5 lítra bensínvél og hann verður fánlegur með fjórhjóladrifi og allt að 20 tommu álfelgum. Gaman verður að sjá hvort billinn komi hingað til lands eftir allt en líklega vitum við meira strax í næstu viku.

AÐALFUNDUR ICELAND SEAFOOD INTERNATIONAL HF.



Verður haldinn þann 18. mars 2021 kl. 16.00 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, 108 Reykjavík. Upplýsingar tengdar fundinum eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins www.icelandseafood.com/investors.

Fundinum verður streymt, hlekkur inn á streymi verður aðgengilegur á heimasíðu félagsins www.icelandseafood.com/investors fyrir fund og upptaka verður aðgengileg þar eftir fundinn.

DAGSKRÁ FUNDARINS:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemina á liðnu starfsári.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár, ásamt skýrslu endurskoðanda, lagður fram til samþykktar.
4. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á árinu 2020.
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
6. Tillaga stjórnar um kaupréttaáætlun
7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefndum stjórnar.
8. Kosning stjórnar félagsins.
9. Kosning endurskoðanda félagsins.
10. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum:
 - a. Endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum ásamt viðeigandi breytingu á viðauka við samþykktir.
 - b. Endurnýjun á heimild til hækkunar á hlutfé félagsins um allt að 100.000.000 hluti í tengslum við möguleg fyrirtækjakaup ásamt viðeigandi breytingu á 4. gr. samþykktar.
 - c. Minniháttar breytingar á grein 6 og 8 í samþykktum með tilvísun til nýrra laga um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerna.
11. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Hluthafar hafa heimild til að fá ákvæðið mál tekið til meðferðar á fundinum og skal kröfu þar um fylgja rökstuðningur eða drög að ályktun sem berast skal stjórn félagsins skriflega eða með tölvupósti á netfangið agm@icelandseafood.com í síðasta lagi kl. 16:00 hinn 8. mars nk. Á aðalfundinum fylgir eitt atkvæði hverri einni krónu í hlutfé. Hluthafar þurfa að vera skráðir í hlutaskrá félagsins til að eiga þess kost að greiða atkvæði á fundinum (hlutir á safnreikningum hafa ekki atkvæðisrétt). Mæting hluthafa sem sækja fundinn verður skráð við innganginn og hluthafar fá þar afhenta atkvæðaseða og önnur fundargögn. Atkvæði verða einungis greidd skriflega á fundinum ef farið verður fram á slíkt. Kjör stjórnar fer fram skriflega svo fremi sem framboð eru fleiri en stjórnarsæti. Hluthafar sem ekki mæta á fundinn geta greitt atkvæði fyrir fundinn eða látið umboðsmann sækja fundinn fyrir sína hönd. Óski hluthafi eftir því að greiða atkvæði skriflega fyrir fundinn skal hann gera kröfu um slíkt eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir fundinn. Hluthafar geta oskað eftir því að fá atkvæðaseðla senda eða sótt atkvæðaseðil á vefsíðu félagsins og greitt atkvæði fyrir fund. Undirritaðir, dagsettir og vottaðir atkvæðaseðlar skulu hafa borist félaginu á skrifstofu þess eða á netfangið agm@icelandseafood.com að minnsta kosti þremur klukkustundum fyrir fundinn svo þeir teljist lögmætir. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð, undirritað, dagsett og vottað. Rafræn umboð skulu send á netfangið agm@icelandseafood.com og skulu þau berast að minnsta kosti þremur klukkustundum fyrir fundinn. Form að umboði má nálgast á heimasíðu félagsins. Þeir einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér í stjórnarkjöri skulu með skriflegum hætti tilkynna félagsstjórn um framboð, ásamt nauðsynlegum fylgigögnum, eigi síðar en fimm sólarhringum fyrir aðalfund, sbr. 63. gr. a laga nr. 2/1995 um hlutfélög og samþykktir félagsins. Skulu tilkynningar berast á netfangið agm@icelandseafood.com. Eyðublað má nálgast á heimasíðu félagsins, einnig er hægt að óska eftir því að fá þau send með því að senda tölvupóst á netfangið agm@icelandseafood.com. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar verða birtar eigi seinna en tveimur dögum fyrir fund. Ítarlegri upplýsingar um efni fundarins, þ.á m. skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund og tillögur, eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins; <http://www.icelandseafood.com/Investors>

Ítarlegri upplýsingar um efni fundarins, þ.á m. skjöl sem lögð verða fyrir hluthafafund og tillögur, eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins; <http://www.icelandseafood.com/Investors>

Fagmannurinn
Fyrir fagmenn og fólk í framkvæmdum

HÚSAMÍDJAN
FYRIR ÞIG

Mygluvarið timbur
Nýtt í bárfittunni þegn myglu í húsbýggingum / 14

Svansvottað hús
Gamalt hús í Þingholtsstræti í Svansvottunarkerfi / 6

VELFAC gluggar
Húsamíðjan hefur sölur á Velfac gluggum / 13

Nýtt

Blað fyrir fagmenn og fólk í framkvæmdum

Gríptu eintak í næstu verslun eða skoðaðu á husa.is



Kæli/frystir
Kæli/frystir í orkuflokki A++ með heildarrými upp á 312 ltr., kæli 223 ltr., og frystir 89, ryðfrítt stál útlit og sér flöskuhillu. 1854011

69.990 kr
~~79.990 kr~~

15%

Electrolux

Kæli/frystir tvöfaldur

Vandaður amerískur ísskápur með frönskum hurðum, ryðfrítt stál, vatns- og klakavél, sér kælikúffa sem hentar vel fyrir drykkjaföng, heildarrými kæli/frystir 413/268 ltr., er með Wi-Fi til að nota með My Electrolux Kitchen App. 1809001



339.990 kr
~~399.990 kr~~

Aðeins í Skútuvogi og vefverslun

43%

Electrolux

Ofn EEB4231POX

Vandaður ofn með stórri viftu sem tryggir jafnari eldun, með níu stillingum, grill, undir hiti, yfir hiti + undir hiti, pizza, hraðgrill, heitt loft, heitt loft + gufa og turbó grill, 59,4 x 59,4 x 56,7 cm. 1860178

49.990 kr
~~87.490 kr~~



20%

Electrolux

Ofn EOD5C50Z

Ofn með SteamBake tækni, veitir betri skorpu á brauð, múffur og annan mat, katalískur sjálfhreinisbúnaður, fletir sem eyða fitu og óhreinindum, með mjúklökun, tekur 72 ltr., orkuflokkur A. 1860076

74.990 kr
~~94.495 kr~~



25%

Örbylgjuofn, 700W

Gallet, með 6 hitastillingum og afþýðingu, tímastillir upp í 30 mín., rúmmál 20 ltr., glerplata 24,5 cm, hljóðstyrkur 63 dB, stærð: 24x44,5x34 cm, þyngd 9,5 kg. 1853001

9.743 kr
~~12.990 kr~~

25%

eta
since 1943

Brauðrist, 930W

Storio, öflug Retro brauðrist, með 7 hitastillingum og brauðkörfu, takkar fyrir að afþýða, endurhita og stoppa. 1851506

5.243 kr
~~6.990 kr~~



20%

Amica

Eldavél

Eldavél 60 cm með blæstri. 1850509

69.990 kr
~~92.985 kr~~



25%

Airfryer, 1500W

Formio ETA, 3,5 ltr., tilvalinn fyrir að elda franskar, kjöt, fisk og fleira, hentugur líka til að hita upp tilbúnar máltíðir, svo má líka nota í bakstur, eins og muffins, með hitastillingu fyrir 80-200°C. 1851560

11.243 kr
~~14.990 kr~~



20%

AEG

Ryksuga AEG VX41EB

750/650W, lengd á snúru er 5 m og vinnuradíus 8 m, hljóð við notkun 80 dB, ryksuguhaus fyrir parkett og mottur, tveir aukastútar, mjúk gúmmihjól, gaumljós til að láta vita þegar skipta þarf um poka. 1870001

13.590 kr
~~16.990 kr~~



20%

Electrolux

Ryksuga PURE D8.2

Hljóðlát (57 dB), en öflug ryksuga, 500W og með 12 metra vinnuradíu, inniheldur 55% endurunnið plast, margverðlaunuð hönnun. 1870002

31.990 kr
~~39.995 kr~~





HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG

Raftækjadagar

Gerðu verðsamanburð



 **Electrolux**

Þvottavél 1200 sn., 7kg

Tekur 7 kg og með A+++ orkunýtingu, Time Manager, Fuzzy Logic LCD upplýsingaskjár, hljóðstyrkur 58 dB en 77 dB við þeytingu. 1805436

69.990 kr
~~79.990~~ kr



 **Electrolux**

Þvottavél 1400 sn., 8kg

8 kg 1400 sn., orkunýting A+++, kolalaus mótur, LED skjár sem sýnir tíma sem er eftir. 1860470

79.990 kr
~~89.990~~ kr



AEG

AEG þvottavél 8 kg, 1400 sn.

Kolalaus mótur, Prosense tæknin vigtar sjálfkrafa þyngd þvottar, velur ákjósanlegan þvottatíma, stýttir þannig bæði tíma, vatn og orku. 1860502

89.990 kr
~~94.990~~ kr



15%

 **Electrolux**

Þurrkari, barkalaus

Þurrkari, tekur 7 kg, orkuflokkur B, stærð: 85X59,6X57 cm, 67dB, tromla 104 ltr. 1835643

69.990 kr
~~79.990~~ kr



 **Electrolux**

Uppþvottavél

13 manna borðbúnaður, orkunýting A++, 30 mín., hraðkerfi, kolalaus mótur, Auto Off, Time Manager, tímastillir 1-24 klst., hljóð dB 47. 1809120

79.990 kr
~~94.990~~ kr



 **Electrolux**

Uppþvottavél

13 manna borðbúnaður, orkunýting A++, 30 mín., hraðkerfi, Auto Off, Time Manager, tímastillir 1-24 klst., hljóð 47 dB. 1809121

69.990 kr
~~84.990~~ kr



Ólafur Jónsson. MYND/ÞSEND

Jazz í hádeginu

Jazz í hádeginu er tónleikaröð sem hefur fest sig í sessi á Borgarbókasafninu en markmið hennar er að færa djasstónlistina út í hverfi borgarinnar svo fólk geti notið hennar í nærumhverfinu.

Jazz í hádeginu verður fluttur á þremur stöðum, þrjú daga í röð:

Borgarbókasafnið Grófinni, fimmtudaginn 25. febrúar kl. 12.15-13.00

Borgarbókasafnið Gerðubergi, föstudaginn 26. febrúar kl. 12.15-13.00

Borgarbókasafnið Spönginni, laugardaginn 27. febrúar kl. 13.15-14.00

Saxófónleikarinn Ólafur Jónsson tekur saman nokkur lög sem verða framreidd í hljómalausu samhengi. Með honum leika Einar Scheving á slagverk og Leifur Gunnarsson á kontrabassa.

Samspilsformið þykir krefjandi og því eiga tónleikagestir von á nýstárlegum flutningi.

Fritt er inn á tónleikana og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.



Mæðurnar Þórunn og Þóra.

Spilað og sungið í Hannesarholti

Mathias Halvorsen píanóleikari, Ragnar Jónsson sellóleikari og Hulda Jónsdóttir fídluleikari leika blandaða efnisskrá fyrir þessi þrjú hljóðfæri í Hannesarholti, laugardaginn 27. febrúar kl. 14.00. Á efnisskránni verða verk eftir Grażynu Bacewicz, Claude Debussy og Ludwig van Beethoven.

Daginn eftir, sunnudaginn 28. febrúar kl. 14.00, stýra mæðurnar og kórstjórnarnir Þórunn Björnsdóttir og Þóra Marteinsdóttir söngstund.

Þær hafa báðar gert það að ævistarfi sínu að rækta sönghefðina meðal íslenskra ungmenna og eiga samanlagða um fimmtíu ára reynslu af kórastarfi, lengst af á Kársnesi.



Enginn getur gert þetta einsamall, það er ótrúlega mikilvægt að umkringja sig góðu fólki, segir rithöfundurinn Björn Halldórsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Maður þarf að varðveita hugmyndirnar

Björn Halldórsson sendir frá sér fyrstu skáldsögu sína, Stol. Saga feðga sem fara saman í ferðalag. Höfundurinn segir skrif snúast um eins konar skjalavörslu.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



ÞAD ER SVO MARGT SEM HVERFUR ÞEGAR EIN MANNESKJA DEYR; HEILL HEIMUR AF MINNINGUM OG FRÁSÖGNUM.


Stol er fyrsta skáldsaga Björns Halldórssonar en hann hafði áður sent frá sér smásagnasafnið Smáglæpi. Hann er fyrst spurður hvort hann hafi lengi langað til að skrifa skáldsögu. „Það togar alltaf í mig þörfin til að gera eitthvað sem ég kann ekki. Þar er mesta áhættan og mest spennandi,“ segir hann. „Ég lærði að skrifa með því að skrifa Smáglæpi, mína fyrstu bók. Smásögur eru vel til þess fallnar að læra að skrifa því þær eru svo þröngur rammi; það er ekki pláss fyrir neitt sem ekki hefur bein áhrif. Ég er ennþá að skrifa smásögur og vonast til að senda frá mér annað safn einhvern tímann í framtíðinni, en það er ennþá svo margt annað sem ég þarf að læra líka. Það lá því beint við að takast á við skáldsöguformið.“

Ferðalag feðga

Um söguþráðinn í skáldsögu sinni segir Björn: „Stol segir frá feðgunum Badda og Herði sem fara saman í ferðalag á þjóðveginum í tilraun til að mynda einhver tengsl áður en Hörður fellur frá sökum illkynja heilaæxlis. Það er ekkert beint ósætti á milli þeirra en samskiptin hafa í gegnum tíðina þróast þannig að þeir haga sér frekar eins og kumpánar eða gamlir vinir en faðir og sonur. Engu að síður er margt ófrágengið og ýmislegt úr fortíðinni sem sækir að Badda, sem er sögumaður bókarinnar.

Æxlið hefur hins vegar verulega skert getu og málstöðvar Harðar, svo það er þegar orðið of seint fyrir þá að ganga frá sínum málum. Ferðalagið sem bókin snýst um er þannig tilfinningaferðalagið sem Baddi gengur í gegnum til að sættast við þá stadreynd. Hann þarf að sleppa taki á fortíðinni svo hann geti verið til staðar fyrir föður sinn í núnu; tekið þátt í dauðdaga hans og hjálpað honum að kveðja án eftirsjár.“

Spurður hvort sagan byggi að einhverju leyti á eigin reynslu segir hann: „Ég þekki það sjálfur að kveðja foreldri og það er, held ég, alltaf atburður sem setur varanlegt mark á líf fólks. Það er svo margt sem hverfur þegar ein manneskja deyr; heill heimur af minningum og frásögnum. Slikt skilur eftir skarð í fjölskyldum sem erfitt er að fylla í, svoltið eins og fjölskyldan hafi tapað hluta af minni sínu. Slikir atburðir eiga það líka til að brengla tímaskyn manns gjör-samlega. Það teygist á hverju augnabliki sem maður á með manneskjunni sem er að kveðja, svo að augnablikin og dagarnir verða langir á meðan vikurnar og mánuðirnir dragast saman í ekki neitt.“



Að finna sér yfirlesara
Björn stundadi nám í bókmenntafræði og ritlist og er spurður hvort það hafi hjálpað honum þegar kemur að skriftum.

Hann segir: „Það helsta sem ég lærði í ritlistar-náminu mínu í Glasgow var að enginn getur gert þetta einsamall. Það er ótrúlega mikilvægt að

umkringja sig góðu fólki sem líka er að skrifa; að finna sér yfirlesara sem hægt er að treysta til að vera hreinskilnir og hlífa manni ekki. Sem betur fer hefur mér tekist að koma mér upp slíkum hópi hér heima, og við lesum yfir hjá hvert öðru og reynum að styrkja skrif til þess, á meðan sagan er enn að leita að farvegi sínum. Slikt getur skemmt fyrir og er auk þess tímaeyðsla bæði fyrir höfund og yfirlesara.“

Skrifar aldrei neitt nýtt

Hann er spurður hvað sé væntanlegt frá honum. „Bæði Smáglæpir og Stol eiga sér djúpar rætur og það sama á við um bókina sem ég er að vinna í núna, sem er í allt öðru formi en Stol. Ég vinn einhvern veginn þannig; skrifa aldrei neitt nýtt heldur finn eitthvað gamalt ofan í skúffu sem ég náði ekki að sinna almennilega á sínum tíma,“ segir hann. „Alltaf þegar einhverju lýstur niður í höfuðið á mér passa ég mig að skrifa það niður og setja það af stað, en svo hef ég ídulega ekki tíma til þess að klára neitt því ég er í miðju kafi með eitthvað annað. Þá passa ég mig að geyma það á góðum stað þar sem ég get gengið að efninu síðar. Í millitíðinni fær það að gerjast í höfðinu á mér. Fyrir mér snúast skrif nefnilega að hluta til um eins konar skjalavörslu; maður þarf að varðveita hugmyndirnar og gefa þeim það næði sem þær þurfa til að vaxa og dafna.“



HITTU OKKUR Á FACEBOOK  REKKJAN



DROTTNINGAR Í REKKJUNNI

20% AFSLÁTTUR



LAYLA 160 CM HEILSURÚM

 20% AFSLÁTTUR

VERÐ 179.880 KR

VERÐ ÁÐUR 223.600 KR

Innifalið í verði.

Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld,
5 svæða skipt pokagormakerfi, styrktir
kanntar, toppur sem gefur góða aðlögun.

ALEXA 160 CM HEILSURÚM

 20% AFSLÁTTUR

VERÐ 217.920 KR

VERÐ ÁÐUR 272.400 KR

Innifalið í verði.


Dýna botn og fætur, Gefur góða hvíld,
tvöfalt 5 svæða skipt pokagormakerfi,
styrktir kanntar, toppur sem gefur góða
þyngdardreyfingi, þrýstijöfnun og aðlögun.

WWW.REKKJAN.IS

Fimmtudagur

88,4%

af lesendum dagblaða*
á höfuðborgarsvæðinu
á aldursbilinu 18–49 ára
lesa Fréttablaðið daglega.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið.
Heimild: Prentmiðlamæling Gallup okt. - des 2020

MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

HRINGBRAUT

- 20.00 Mannamál** Einn sigildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi. Hér ræðir Sigmundur Ernir Rúnarsson við tónlistargoðsögnina Labba í Mánum um ævintýrlegt lífshlaup hans.
- 20.30 Suðurnesja-magasín Víkurfrétta** Mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar á Suðurnesjum. Umsjón. Páll Ketilsson. Framleiðandi. Víkurfréttir ehf.
- 21.00 Kaupmaðurinn á horninu** Ný íslensk þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi. Nú er staldrað við sögu Hf. Raf-tækjaverksmiðju Hafnarfjarðar, Rafha.
- 21.30 Sir Arnar Gauti** Arnar Gauti snýr aftur á skjáinn með umfangsmikinn lífsstílsþátt sem tekur saman allt sem snýr að heimilum, hönnun, innlitum, matar- og veitingahúsameningu, arkitektúr og margt, margt fleira.

RÚV SJÓNVARP

- 09.00 Heimaleikfimi**
09.10 Spaugstofan 2008-2009
09.35 Kastljós
09.50 Menningin
10.00 Taka tvö II Sigurður Sverrir Pálsson
10.45 Músikmolar
10.50 Óperuminning
11.00 Upplýsingafundur Almannavarna
11.30 Tónatal - brot Sigríður Torlacius og Sigurður Guðmundsson
11.35 Íslenskur matur
12.00 Heimaleikfimi
12.10 Eidað með Ebbu
12.35 Lífsins lystisemdir
13.05 Óvæntur arfur
14.10 HM í skíðagöngu Bein útsending frá keppni í sprettgöngu á HM í skíðagöngu.
15.55 Sagan bak við smellinn - Blue Monday
16.25 Fyrir alla muni Deigla Magnúsar
16.55 Martin lækni
17.50 Táknafréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Allt um dýrin
18.25 Lars uppvakningur
18.40 Lúkas í mörgum myndum
18.50 Krakkafréttir
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Lesblinda Íslensk heimildarmynd um lesblindu.
20.35 Baráttan - 100 ára saga Stúdentaráðs
20.45 Grænmeti í sviðsljósinu - Gröntsagsfjersyn
21.05 Ljósmyndir Call The Midwife
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Glæpahneigð Criminal Minds
23.00 Undirrot hatus Why We Hate
23.40 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

- 09.05 World Golf Championship 2020**
15.05 LPGA Tour 2020 Útsending frá lokadegi Gainbridge LPGA at Boca Rio.
17.05 2021 PGA Tour Champions Learning Center
17.30 PGA Tour. The Cut 2021
18.00 World Golf Championship 2021 Útsending á Workday Championship at the Concession.
23.05 2021 PGA Tour Champions Learning Center

SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00 Síminn + Spotify**
13.00 Dr. Phil
13.45 The Late Late Show
14.30 Man with a Plan
14.55 The Block
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Kids Are Alright
19.30 Single Parents Bandarískur gamanþáttur um hóp af einstæðum foreldrum sem stofna stuðningshóp til að aðstoða hvert annað við lífsins þrautir.
20.00 Með Loga
21.00 Devils
22.00 Fargo
23.00 The Late Late Show
23.45 Station 19
00.30 The Resident Læknadrama af bestu gerð. Sögusviðið er Chastain Park Memorial spítalinn í Atlanta þar sem lækna með ólíkar aðferðir og hugsjónir starfa.
01.15 Law and Order. Special Victims Unit
02.30 Your Honor
03.30 Cold Courage
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregni
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegisfréttir
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegisfréttir seinni hluti
13.00 Dánarfregni
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Á tónsviðinu
15.00 Fréttir
15.03 Flakk
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hljómboxið
18.50 Veðurfregni
18.53 Dánarfregni
19.00 Mannlegi þátturinn
20.00 Sinfóniútónleikar
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregni
22.09 Lestur Passiusálma (20 af 50)
22.15 Samfélagið
23.10 Segðu mér
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

- 10.35 So B. It**
12.10 Lucy in the Sky
14.10 Apollo 11 Heimildarmynd um för geimfarsins Apollo 11 til tunglsins, undir stjórn Neil Armstrong, Buzz Aldrin og Michael Collins.
15.45 So B. It
17.20 Lucy in the Sky
19.20 Apollo 11
21.00 The Hangover 3
22.35 Searching
00.15 Loving Pablo
02.15 The Hangover 3

STÖÐ 2

- 08.00 Heimsókn**
08.15 Veronica Mars
09.00 Bold and the Beautiful
09.25 The O.C.
10.05 It's Always Sunny In Philadelphia
10.30 All Rise
11.10 Bibba flýgur
11.35 Fresh off the Boat
11.55 Dýraspítalinn
12.35 Nágrannar
12.55 Gossip Girl
13.35 Cheat
14.20 Nostalgia
14.50 Meat. A Threat to Our Planet
15.50 You're the Worst
16.10 You're the Worst
16.40 All Rise
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 BBQ kóngurinn
19.40 Temptation Island USA
20.25 Hell's Kitchen USA
21.10 The Blacklist
21.55 NCIS. New Orleans
22.40 Briarpatch
23.30 Tell Me Your Secrets
00.20 The Red Line
01.05 The Red Line
01.45 Veronica Mars
02.25 The O.C.
03.10 It's Always Sunny In Philadelphia
03.30 You're the Worst
03.55 You're the Worst

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

- 08.00 Barnaefni**
20.00 Friends
20.20 Friends
20.50 The Office
21.10 Brother vs. Brother
21.55 Svínasúpan
22.20 Nashville
23.05 Roswell, New Mexico
23.45 Friends
00.10 Friends
00.30 The Office

STÖÐ 2 SPORT

- 07.55 Breiðablik - Stjarnan** Útsending frá leik í Lengjubíkar kvenna.
09.35 ÍR - Haukar Útsending frá leik í OLís deild karla.
10.55 Valur - Afturelding
12.20 Seinni bylgjan - karla
13.35 Valur - Haukar Útsending frá leik í Dominos deild kvenna.
15.15 Fjölnir - Keflavík
17.00 Dominos Körfuboltakvöld - kvenna
18.20 Selfoss - ÍBV Bein útsending frá leik í OLís deild karla.
20.00 FH - Haukar Útsending frá leik í OLís deild kvenna.
21.25 Fram - Valur
22.50 Seinni bylgjan - kvenna
23.55 Dominos Körfuboltakvöld - kvenna

STÖÐ 2 SPORT 2

- 06.45 Los Angeles Lakers - Miami Heat**
08.45 Watford - Derby
10.25 Barcelona - Elche
12.05 Atalanta - Real Madrid
13.45 Gladbach - Manchester City
15.25 Meistaradeildarmörkin
16.00 Tottenham - Wolfsburg
17.45 Arsenal - Benfica Bein útsending frá leik í Evrópu-deild UEFA.
19.50 Leicester - Slavia Prag Bein útsending frá leik í Evrópu-deild UEFA.
21.55 Tottenham - Wolfsburg
23.35 Football League Show
00.00 Manchester United - Real Sociedad



KOMBÓ TILBOÐ

25. FEBRÚAR - 7. MARS



90 G HAMBORGARI - EKKI ER HÆGT AÐ STÆKKA TILBOÐIÐ

EL RENO

FRANSKAR + COKE 0,5 L + KITKAT



ÁLFHEIMUM
GULLINBRÚ
NORÐLINGAHOLTÍ

MOSFELLSBÆ
AKRANESI
BORGARNESI

SKAGASTRÖND
VARMHLÍÐ
SIGLUFIRÐI


ÓLAFSIRÐI
DALVÍK
HÚSAVÍK

REYÐARFIRÐI
NESKAUPSTAÐ
HELLU
SELFOSSI

GRILL66.IS

VIÐ ERUM Á OLÍS






Nýja myndin greinir frá upphafi áttasögu Tomma og Jenna.

Tommi og Jenni á byrjunarreit

Tommi og Jenni, þeir fornfrægu fjandvinir, eru komnir í bíó eina ferðina enn og stíga nú beint inn í raunheima og spóka sig, tölvuteiknaðir, innan um leikara af holdi og blóði eins og ekkert sé sjálfsagðara.

Þrátt fyrir langa sögu átaka og illdeilna er horfið aftur á byrjunarreit í nýju myndinni og upplýst hvernig ketti og mús laust fyrst svo harkalega saman að enn sér ekki fyrir endann á væringum þeirra.



Davið Már Óskarsson.

Sígild barátta

„Mér fannst hún alveg sémilega góð,“ segir Davið Már Óskarsson og telur sem dyggur aðdáandi að slíkir geti tekið nýju myndinni fagnandi. Hann var tíu ára þegar hann kynntist Tomma og Jenna. Þættirnir höfðu þá fyrir löngu runnið sitt skeið í ríkissjónvarpinu þar sem Tommi og Jenni tókust harkalega á í kringum kvöldfréttir á níunda áratugnum. Davið Már segist því mest hafa horft á gömlu þættina á DVD-diskum og haft gaman af því að fá þá upphafs sögu sem nýja myndin setur fram.



Tommi syngur Is you is or is you ain't my baby? í eftirlætisþætti Davíðs.

Minna ofbeldi

Gömlu þættirnir um Jenna og Tomma eru annalaðir fyrir klikkað ofbeldið sem músin beitir köttinn og þegar vinsældirnar voru mestar á Íslandi var amast þó nokkuð við djöfulganginum á lesendasíðum dagblaðanna sem voru helsta vígi virkra í athugasemdum í eldgamla daga.

„Það er enn barist en náttúrulega býið að minnka það enda voru nú einhvern tímann mótmæli út af því í gömlu þáttunum.“

Ég náði því nú aldrei almennilega vegna þess að mér fannst þeir skemmtilegri þannig,“ segir Davið Már sem horfir enn á gömlu þættina sér til ánægju og yndisauka.

„Já, já. Ég horfi ennþá á þetta. Þættirnir eru það skemmtilegir og maður er enn svolítið barn í sér,“ hlær Davið Már og segir aðspurður að upphalds þátturinn hans sé líklega Solid Serenade frá 1946. „Þegar Tommi er að syngja til læðunnar á svölunum og Jenni er að eyðileggja allt.“



Rosamund Pike er ópolandi góð og gerir síðkapitaliska skrimslinu Marla Grayson svo óþægileg skil að stundum er nánast ofraun að horfa á I Care a Lot.

Kapítalismi bítur boomerana

KVIKMYNDIR

I Care a Lot

★★★★★

Leikstjórn: J. Blakeson

Aðalhlutverk: Rosamund Pike, Peter Dinklage, Eiza González, Dianne Wiest

Titill I Care a Lot er í fullkominni mótsögn við innihaldið þar sem rotnar persónur hennar hirta síst af öllu um umhyggju. Nema þá sem yfirskyn til þess að græða sem mest á kostnað þeirra sem minna mega sín.

Líklega hefur einkunnin „ógeðslega góð mynd“ aldrei átt jafn vel við og í þessu tilfelli þar sem I Care a Lot er bráðsnjöll og næstum ómótstæðilega andstyggileg saga manneskju sem í einhvers konar síðkapitalísku geðrofi gerir sér varnarlaus gamalmenni að féþúfu.

Marla Grayson gerir út á sjálf-ræðissvipta eldri borgara sem dómkvaddur tilsjónarmaður og er sem slík eins og pabbi Britneyjar Spears á amfetamínsterum þar sem hún sankar að sér varnarlausum skjólstaðingum, kemur þeim fyrir á elliheimilum og féflettir síðan af ískaldri nákvæmni og yfirvegum þar til ekkert er eftir.

Bömmur boomeranna

I Care a Lot hefði þess vegna getað orðið nístandi mynd um hryllinginn sem vampírुकynslóð eftirstríðsáranna upplifir þegar hún missir tókin á lífi sínu og fjárráðum í ellinni og lendir í hakkavél kapítalíska kerfisins sem hún hannaði og hefur mikli meiri áhuga á þeim sem stærðum og upphæðum í Excel-skjölum en manneskjum.

Myndin er þó mun flóknari en svo þar sem Marla grefur sér, blinduð af græðgi, gröf á metttima þegar hún sölur undir sig lífljúfrar konu um sjötugt sem reynist allt of stór biti að kyngja þar sem undir



Kapítalískt kynjastrið myndarinnar kristallast í banvænni refsák dvergs og ljónynju sem Peter Dinklage og Rosamund Pike túlka af mikilli íþrótt.

sauðargæru vægra elliglapa leynist ættmóðir rússneskra mafiósa sem hafa nákvæmlega engan húmor fyrir svikamyllu Mörlu.

Vont fólk

Kjarninn í persónugallerii I Care a Lot er ógeðslegt fólk, svo ekki sé fastar að orði kveðið, og þar fer Rosamund Pike langfremst meðal jafningja í hlutverki Mörlu. Pike er ópolandi góð í þessu hlutverki. Alveg magnað hversu auðvelt hún á með að túlka ógeðslega vondar konur en þarna eimur einnig eftir af hinni kaldlyndu Amy Dunne, sem Pike lék í Gone Girl.

Sú dásamlega leikkona Diane Wiest leikur þá gömlu sem lýsir sér sjálf sem verstu mistökum sem Marla hefur gert. Wiest er í raun sorglega vannýtt í myndinni enda ekki til stórræðanna í gæsluvarðhaldi Mörlu á elliheimilinu þar sem hún er geymd á meðan öldrunarhryllingurinn er látinn víkja fyrir krimmahasar þar sem Marla mætir mögulega ofjarli sínum í glæpaforingjanum Roman Lunyov sem Peter Dinklage, upphalds dvergurinn okkar allra, Tyrion úr Game of Thrones, gerir ferlega skemmtileg skil.

Jafnréttisbarátta illskunnar Blóðug barátta Mörlu og Romans um eftirlaunagullgæsina keyrir seinni hluta sögunnar áfram í kostulegum hráskinnaleik þar sem við eigast svo andstyggilegar manneskjur að nánast ómögulegt er að gera upp á milli hvort er verra en hitt.

Undir glæpsamlegu yfirborðinu kraumar síðan barátta kynjanna og því varla tilviljun að karlinn er dvergur sem fer heldur halloka fyrir valdefldri ljónynjunni hertri í kapítalískum vísilogum.

Marla hefur höndlað þann sannleik að heidarleiki og sanngirni eru brandari sem þeir ríku fundu upp til þess að halda hinum fátæku niðri og slíkt lætur hún ekki bjóða sér. Enda búin að fatta djókinn.

„Heimurinn samanstendur af ljónum og lömbum og ég er fólkins ljónynja,“ segir Marla þegar hún kynnir sig sjálf til sögunnar og hún ætlar sér að verða rík. „Virki-lega ógeðslega rík.“ Bara svo það sé á hreinu og vei þeim sem ætlar að standa í vegi hennar.

Það er kannski engin sérstök þörf á djúpu innsæi eða gráðu í bókmenntafræði til þess að greina ádeiluna í myndinni sem nuddar

áhorfendum upp úr því hvernig græðgin, sem var svo móðins á níunda áratugnum, étur upp allt hið mennska í krafti síðkapítalismans.

Kapítalískar ókindur

Þetta er ágæt vísa sem varla verður of oft kveðin og hljómar býsna sannfærandi í meðförum Rosamund Pike og Mörlu Grayson sem eru í sjálfum sér uppspretta miklu áhugaverðari þælinga þar sem stóra spurningin er af hverju miskunnarlausar, síðlausar og ofurmetnaðarfullar konur í kvikmyndum virka svona viðbjóðslega óþolandi?

Marla er svo andstyggileg manneskja að það er ekki hægt annað en að hatast innilega við hana og óska henni alls ills. Hún er skrimsl myndarinnar. Mögulega vegna þess að þegar kona tileinkar sér eiginleika sem þykja svo náttúrulega karllægir og sjálfsagðir þá verður hún jafn mótsagnakennt skrimsl og klaufdyr sem jórtra ekki og eru sem slík bannfærð í Bibliúnni?

I Care a Lot, titill myndarinnar, er vitaskuld hláðinn myrkur sem tengist kvenlegum dyggðum; samkenndinni og umönnunarhlutverkinu sem er konum áskipað og þykir fara þeim svo vel á meðan látið er eins og um náttúrulegum sé að ræða.

Auðvitað snýst þetta upp í andhverfu sína þegar kven-andhetjan stígur fram sem síðlaus, gráðug, viðbjóðslega stjórnlýnd og rotin inn að beini þannig að hrollur fer um karllægan heim kapítalismans þegar hún urrar og sýnir klærnar.

Þórarinn Þórarinsson

NIÐURSTAÐA: Bleksvört kómedía og baneitruð ádeila á síðkapítalísmann sem sýnir skilgetin afkvæmi hans sem svo ógeðslegar skepnur, gersneyddar allri mennsku, þannig að stundum tekur svo á að horfa ógrátandi upp á sjálfsagt síðleysið í mynd sem er svo ágeng og góð að hún gerir mann brjálaðan af reiði.

Bættu við
brauðstöngum

299 KR

PEPPERONI

3 STÓRAR

ÚT Í HUT PIZZUR

Dú sækir eina ÚT Í HUT
pizzu: Pepperoni,
Margaritu eða Hawaiian

1.699 KR

pizzahut.is - 515 1617 - Smáralind og Staðarbergi 2-4 Hafnarfirði

HAWAIIAN
skinka og ananas



MARGARITA

KRYDD
veitingahús

TAKE AWAY



Álfheiður Marta að störfum, en hún segir alla viðmælendurna í myndinni eiga sameiginlegt að hafa lagt mikið á sig til þess að komast þangað sem þau ætluðu sér og að hafa ekki gefist upp þrátt fyrir miklar hindranir. MYND/ADSEND

Leysa sköpunarkraft lesblindu úr læðingi

Sylvía Erla Melsted er í forgrunni heimildarmyndarinnar Lesblinda. Leikstjórinn, Álfheiður Marta Kjartansdóttir, segir hana lifandi dæmi um þann sköpunarkraft sem lesblindir geta búið yfir.

Heimildarmyndin Lesblinda er hugmynd Sylvíu Erlu Melsted og í henni hittir hún meðal annars sérfræðinga sem fara yfir hvernig hægt er að koma auga á, greina og meðhöndla lesblindu.

Þá spjallar hún við fólk úr ýmsum áttum; tannlækni, ljósmyndara, arkitekt og fjöllistamann, sem hvert um sig hafa fundið sína leið til að yfirstíga lesblindu og ná markmiðum sínum.

„Sylvía kom með hugmyndina að heimildarmyndinni til Sagafilm fyrir að ég held sjö árum síðan,“ segir leikstjórinn Álfheiður Marta Kjartansdóttir, sem tók við verkefninu fyrir rúmu ári síðan og kláraði myndina.

„Heimildarmyndir eiga það til að vera lengi í ofninum þar sem þær eru svolítið eins og lifandi verur og það þurfa margir að leggja hendur á plóg,“ segir Álfheiður og bætir við að í upphafi hafi leikstjórinn Saga Sig komið að verkefninu með Sylvíu.

Fóru sínar eigin leiðir

„Þær tóku fyrstu viðtöl og gerðu kynningarstiklu til þess að fjármagna myndina og síðar kom Guðjón Ragnarsson að gerð hennar og tók fleiri viðtöl og myndefni.“

Álfheiður Marta segir alla viðmælendurna í myndinni eiga það

ÞAD ER GRÍÐARLEGA MIKILL STYRKUR SEM FELST Í ÞVI AÐ FARA SÍNAR EIGIN LEIÐIR OG MIKIL VERDMÆTI Í ÞVI AÐ KUNNA AÐ HUGSA ÚT FYRIR BOXIÐ.

öllu hafi orðið til 35 mínútna löng mynd sem snertir á sögu Sylvíu og annarra með lesblindu. Sögur af áskorunum, aðferðum og litlum og stórum sigrum í bland við fræðilegar upplýsingar.

„Sylvía Erla er holdgervingur þess hversu kraftmiklir og skapandi lesblindir einstaklingar geta verið og er ein mesta jarðýta sem ég hef kynnst. Hún hélt okkur á tánum allan tímann og hætti aldrei að koma með nýjar og skapandi hugmyndir í ferlinu,“ segir Álfheiður Marta.

Margt óljóst

„Það kom mér mikið á óvart hversu fjölbreytt einkenni lesblindu geta verið og ólík á milli fólks. Við Hermann höldum til að byrja með að allar staðreyndirnar væru borðleggjandi og við þyrftum bara að finna sérfræðinga til að staðfesta þær í mynd. En það er í raun mikið óvitað um lesblindu og enn er verið að rannsaka orsakir og einkenni hennar.“

Þetta hefur því verið alveg gríðarlega áhugavert og fræðandi verkefni að vinna að. Maður er alltaf mjög þakklátur fyrir að fá að vinna að verkefnum sem skipta máli og þar sem maður lærir eitthvað nýtt.“

„Ég myndi segja að myndin hverfist mikið til um það hvað við sem samfélag getum gert betur til þess að mæta þeim sem geta ekki farið þessa hefðbundnu leið og hvernig við getum forðast að steypa alla í sama mótið og fagna fjölbreytni og ólíkum hæfileikum einstaklinga. Það er gríðarlega mikill styrkur sem felst í því að fara sínar eigin leiðir og mikil verðmæti í því að kunna að hugsa út fyrir boxið,“ segir leikstjóri Lesblindu, sem er á dagskrá RÚV klukkan 20 í kvöld.

toti@frettabladid.is



sameiginlegt að hafa búið sér til ákveðnar aðferðir eða kerfi til þess að læra og hafi þannig fundið sínar ólíku sérleiðir í gegnum skólakerfið.

„Flestar snerust aðferðirnar um að gera námið myndrænt á einhvern hátt svo þau gætu séð hlutina fyrir sér og lagt þá þannig á minnið. Aðrir voru svo heppnir að finna köllun sína, ljósmyndun eða leiklist, til dæmis, og ræktuðu það og héldu því til streitu.“

Sköpunarkrafturinn

Álfheiður vinnur við leikstjórn og dagskrárgerð hjá Sagafilm þar sem Tinna Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri fékk hana til þess að ljúka við myndina. „Við Hermann Hermannssonum yfir allt efnið sem hafði safnast yfir árin og reyndum að átta okkur á því hvernig við vildum segja söguna og tókum í kjölfarið upp fleiri viðtöl við sérfræðinga og meira af fallettu myndefni með Sylvíu.“

Álfheiður Marta segir að úr þessu

Strandgata 34
220 Hafnafjörður
kryddveitingahus.is

BYKO



RYOBI



25%
afsláttur
Ryobi rafmagns-
verkfæri

25%
afsláttur
Snickers
vinnufatnaður



Snickers
WORKWEAR



Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Tilboð gilda út 3. mars 2021.

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Verlaðu á netinu á byko.is



BAKÞANKAR

Thomasar
Möller



Fjölguðum skurðlæknum

Þegar ég var kúasmali á Fossi spurði ég Bjarna bónda einu sinni hvers vegna hann væri að láta grafa alla þessa skurði. Ég benti honum á að það væri nóg af túnum til að heyja og engin þörf á fleiri engjum. Ég man að það var fátt um svör en síðar sá ég að skýringin var sú að skurðgröfturinn var greiddur af ríkinu.

Framræsluskurðir eru einhver furðulegustu mannvirki á Íslandi. Grafnir hafa verið um 30 þúsund kílómetrar af skurðum en aðeins um 4 þúsund nýttast bændum. Hinir 26.000 kílómetrarnir sem samsvara næstum 20 sinnum lengd hringvegarins losa kol-díoxíð sem nemur um 65 prósentum af kolefnisspori Íslands. Áætluð árleg losun frá framræstu og röskuðu votlendi sem hægt er að draga úr er 6,6 milljónir tonna af CO₂-ígildum.

Þessir óþarfa skurðir losa kol-díoxíð sem samsvarar mengun af brennslu á um 3 milljónum lítra af jarðefnaeldsneyti á ári en við notum „aðeins“ um eina milljón lítra á ári.

Þessi mengandi skurðgröftur hefur leitt til þess að landið okkar „umhverfissvæna“ er í dag með stærsta kolefnisspori í Evrópu miðað við höfðatölu en við losum um 44 tonn á mann, næst á undan Lúxemborg sem er með um 17 tonn samkvæmt nýlegri rannsókn.

Ég hvet til þjóðaráttaks í að „lækna“ þessa skurði. Ég er viss um að flestir bændur eru umhverfissinnar og legg ég til að þeir hefji skurðaðgerðir í stórum mæli. Þannig lækni þeir þetta þjóðarmein með því að moka ofan í skurðina og loka sárinu sem þeir bjuggu til.

Ég bendi á að enn í dag eru skurðirnir á Fossi opnir og hafa aldrei nýst til beitar eða sláttu.



Aðal dótið frá Apple!



Klár fyrir
5G!

Apple
iPhone 12 Pro 128GB

199.990 kr.



Klár fyrir
5G!

Apple
iPhone 12 64GB

159.990 kr.



Apple
AirPods (2019)

26.990 kr.



Apple
AirPods Pro

44.990 kr.



Úrlausn hjá Nova!

Hringdu, hlustaðu á tónlist og taktu á móti símtölum í snjallúrinu, án þess að síminn sé nálægur. Úrið er allt sem þarf!



eSIM

Úrlausn!
Frítt í fjóra mánuði.

Apple Watch
Series 6 LTE 40mm

99.990 kr.

44mm - 104.990 kr.



eSIM

Úrlausn!
Frítt í fjóra mánuði.

Apple Watch
SE LTE 40mm

69.990 kr.

44mm - 74.990 kr.

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA